

**SKOÐUN** Pawel Bartoszek skrifar að kerfið hati lágtekjufólk. 17



**MENNING** Berglind Ómarsdóttir klæðskeri í Lúxemborg hannaði kjól Þórunnar Egilsdóttur. 38



**SPORT** Stjörnumenn vilja KR-inginn Brynjar Björn Gunnarsson sem spilandi þjálfara hjá liðinu. 34







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**
25. október 2013
251. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**LÍFIÐ**



**Tabú að vera ekki alltaf fullkomin**
Erna Hrund Hermannsdóttir förðunarfræðingur ræðir um útlitsdýrkun og nýja makeup-veftímaritið.

**FRÉTTIR**

**Bakdyramegin í efnisveitur** Tal býðst nú til að útvega íslenskum viðskiptavinum erlendar IP-tölur sem nota má til að nálgast erlendar efnisveitur. 8

**Íslensk lög staðfest** Fjárfestar í útlöndum þurfa að sæta íslenskum lögum sem sett voru vegna falls bankanna segir Evrópudómstóllinn. 10

**Móðirin líka rómakona** Móðir ljóshærðu stúlkunnar, sem fannst hjá rómafjölskyldu á Grikklandi, virðist vera fundin í Búlgaríu. Hún er einnig rómakona. 12




16

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 2° | NA | 9 |
| Akureyri | 3° | N | 9 |
| Egilsstaðir | 3° | NA | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 3° | NV | 6 |
| Reykjavík | 4° | NA | 3 |

**Úrkoma N-til** en dregur úr fram á kvöldið. Nokkuð bjart S- og SV-til einkum síðdegis. Hiti 0-7 stig, mildast syðst. 4

**3 SÉRBLÖÐ**

**Lífið | Snjallsímar | Fólk**




# Kostar 500 milljónir að loka Kolgrafafirði

Rotnun síldar í Kolgrafafirði eykur líkurnar á síldardauða í vetur. Ráðherra segir frekari síldardauða óhugsandi og ákvörðun verði að taka um framhaldið.

**UMHVERFISMÁL** Lokun Kolgrafafjarðar kostar hálfan milljarð króna hið minnsta, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Rotnun síldar frá síldardauðanum í firðinum í fyrra eykur líkurnar á að hættuástand skapist fari síldin undir brúna á nýjan leik.

Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, segir enga ákvörðun hafa verið tekna um aðgerðir. Málið verður tekið upp á ríkisstjórnarfundi í dag eða á þriðjudag. Ráðherra segir alla einbeita sér að aðgerðum til að koma í veg fyrir að síldardauðinn endurtaki sig. „Við innanríkisráðherra erum sammála um að það verði að taka ákvörðun. Tjónið sem þarna getur orðið, efnahagslega, á stofninum sjálfum og umhverfinu, er gríðarlegt. Þetta getur orðið hörmulegt í umhverfislegu tilliti.“

Sigurborg Kr. Hannesdóttir, forseti bæjarstjórnar í Grundarfirði, segir í raun ekkert annað koma til greina en að loka firðinum varanlega – tímabundin lokun sé óraunhæf. Hún segir stöðuna afar flókna. Sértækar ákvarðanir stjórnvalda þurfi að koma til ef bregðast á hratt við hættunni. Það felur í sér að viðurkennt sé að um neyðarástand sé að ræða og lög og reglur verði því beygðar eða brotnar.

„En guð hjálpi okkur ef þetta gerist, og niðurstaðan verður að við vorum svo niðurnjörvuð í lagabókstafinn að við þorðum ekki að gera neitt. Það er fjarri mér að hvetja til þess að slakað sé á umhverfiskröfum en þegar við stöndum frammi fyrir náttúruhamförum þá þarf kjark. Það þarf pólitískan kjark – og eftir honum kalla ég,“ segir Sigurborg.

- shá / sjá síðu 6



**SPILAÐ Í SLYDDUNNI** Þessir piltar mættu vel klæddir til leiks og létu ekki örlitla snjókomu koma í veg fyrir knattspyrnuiðkun á sparkvellinum við Smáraskóla í Kópavogi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hlé á viðræðum um makríl:

## Engin lausn í Lundúnum

**SJÁVARÚTVEGUR** Samningaviðræðum í makríldeilunni lauk í Lundúnum í gær án niðurstöðu. Viðræður hófust á miðvikudaginn og stóð til að þær stæðu yfir í þrjá daga. Þeim lauk hins vegar í gær og niðurstaða virðist ekki í augsýn.

Sigurgeir Þorgeirsson, aðalsamningamaður Íslands í deilunni, vildi ekkert gefa upp um efnisatriði sem varða samkomulag en sagði Íslendinga geta verið hóflega bjartsýna.

„Við höfum sett okkur ákveðin markmið í gegnum allt ferlið. Þessi fundur snerist mikið um vísindaráðgjöf, sameiginlegar rannsóknir og eftirlit. Það voru takmarkaðar umræður í deilingu stofnsins en menn voru sammála um að hittast síðar og ræða það,“ sagði Sigurgeir.

Að sögn Sigurgeirs fóru menn ekki af fundinum í fússi.

„Það er alrangt að þessu hafi lokið illa. Þrír dagar voru fráteknir í viðræðurnar. Svo var ljóst að það þyrfti lengri tíma og ýmislegt þyrfti að skoða betur og því var ákveðið að hittast síðar,“ sagði Sigurgeir. - eh

Mótmæli í Sádi-Arabíu:

## Konur ætla að aka bifreiðum

**SÁDI-ARABÍA, AP** Konur í Sádi-Arabíu hafa ákveðið að efna til mótmæla á morgun og setjast undir stýri á bifreiðum.

Þetta hefur þeim verið stranglega bannað, en þær vonast til að varfærnar umbætur í landinu síðustu árin sýni að nú séu stjórnvöld hugsanlega tilbúin til að stíga næsta skref.

Tvö ár eru síðan konur í Sádi-Arabíu efndu síðast til ökudags í von um að hnika stjórnvöldum. Margir íhaldssömustu klerkarnir hafa hins vegar brugðist ókvæða við og hafa sumir jafnvel hvatt fólk til að áreita þær konur, sem voga sér að aka bifreið á morgun. - gb

Saksóknari spyr sig hvort kynferði dómara hafi áhrif á niðurstöðu þeirra:

# Mjög vonsvikin með dóminn

**DÓMSMÁL** „Niðurstaða Hæstaréttar veldur mér gríðarlegum vonbrigðum, enda var ég alltaf sannfærð um sekt mannsins og taldi sönnunargögn vera næg í málinu,“ segir Hulda Elsa Björgvinsdóttir, saksóknari hjá Ríkissaksóknara, um dóm Hæstaréttar frá því í gær í máli Ómars Traustasonar.

Héraðsdómur Reykjaness hafði dæmt Ómar í þriggja ára fangelsi fyrir að misnota unglingspilt um margra mánaða skeið í upphafi þessarar aldar, en Hæstiréttur sneri dómnum í sýknu.

Einn dómaranna í málinu, Ingibjörg Benediktsdóttir, skilaði sératkvæði í málinu og vildi staðfesta niðurstöðu héraðsdóms. Þetta er í þriðja sinn á árinu sem

**3** Ingibjörg Benediktsdóttir hefur þrisvar á árinu verið ósammála því að snúa kynferðisbrotadómum í sýknu.

Ingibjörg er ósammála meðdómendum sínum þegar þeir snúa sakfellingu fyrir kynferðisbrot í sýknu.

„Auðvitað spyr maður sig stundum hvort persóna viðkomandi dómara skipti máli og reynsla, þekking, aldur og jafnvel kynferði. En í raun tel ég að það sem skipti öllu máli hér sé viðhorf til svokallaðra óbeinna sönnunargagna. Dómarar virðast hafa mjög ólíkar skoðanir á því,“ segir Hulda Elsa.

- sh / sjá síðu 4










## SPURNING DAGSINS



Elvar, er kannski spurning að skipta Kjarval út fyrir Stórval?

**„Svo lengi sem við sitjum ekki uppi með Samkaup/Úrval.“**

Elvar Eyvindsson, sveitarstjórnarmaður í Rangárþingi eystra, segir Rangæinga lengi hafa verið ósátta við verðlagningu verslunarinnar Kjarvals.

Guðrún Helga Lárusdóttir í Stálskipum tapar dómsmáli gegn íslenska ríkinu:

# Auðlegðarskatturinn stenst lög

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði í gær íslenska ríkið af kröfu áttræðrar konu um endurgreiðslu á 36 milljónum sem hún greiddi í auðlegðarskatt árin 2010 til 2012.

Konan, Guðrún Helga Lárusdóttir í Stálskipum í Hafnarfirði, byggði kröfu sína á því að auðlegðarskatturinn bryti í bága við bæði eignarréttar- og jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar, og væri auk þess í andstöðu við mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Meðal þess sem Guðrún hélt fram var að jafnræðisreglan væri brotin með því að leggja skattinn aðeins á lítinn hóp þegna landsins, á milli fjögur og fimm þúsund manns, samanborið við dreifingu á um 85 þúsund aðila í gamla eignarskattinum.

Héraðsdómur féllst ekki á þessi sjónarmið Guðrúnar og dæmdi íslenska ríkinu í vil.

Lögmaður Guðrúnar Helgu í málinu var Garðar Valdimarsson, fyrrverandi skattstjóri og skattrannsóknarstjóri. - sh



**VILDI FÁ ENDURGREITT** Guðrún krafðist þess að fá 36 milljóna auðlegðarskattgreiðslur sínar endurgreiddar. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Verjast svara um hleranir:

# Mikil pressa á Barack Obama

**WASHINGTON,AFP** Aðstoðarmaður Baracks Obama, Jay Carney, fullyrti í gær að bandarísk stjórnvöld njósnuðu ekki um Angelu Merkel og myndu ekki gera í framtíðinni. Hann lét því hins vegar ósvarað hvort bandarísk stjórnvöld hefðu hlerað farsíma kanslarans.

Merkel hefur kallað sendiherra Bandaríkjanna á teppið í kjölfar þess að þýska blaðið Spiegel birti upplýsingar um að þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna hafi hlerað farsíma hennar. - eh



**NOKKRIR TRÚÐANNA** Þeir tylltu sér niður stundarkorn meðan hlé var gert á ráðstefnuhaldinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alþjóðleg trúðaráðstefna haldin í Mexíkóborg:

# Neita öllum tengslum við morð

**MEXÍKÓ Í síðustu viku var fíkniefnapaur einn myrtur í Mexíkó. Morðinginn var með litríka hárkollu og skrautlegt nef, rétt eins og trúður.**

**Nú í þessari viku er síðan haldin alþjóðleg trúðaráðstefna í Mexíkóborg, sú sautjánda í röð slíkra ráðstefna.**

**Trúðarnir á ráðstefnunni hafa neitað öllum tengslum við morðið í síðustu viku, og leggja mikla áherslu á að koma þeim skilaboðum á framfæri.**

**„Þeir sem gera svona eru ekki trúðar,“ er haft eftir Tomas Morales, leiðtoga trúðanna, á vefsíðu breska dagblaðsins The Guardian. „Við erum ekki svoleiðis. Við erum friðsamleg.“** - gb

Fékk fimmtán mánaða dóm:

# Braut á fjórtán ára stúlku

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Austurlands dæmdi í gær ungan mann í fimmtán mánaða fangelsi fyrir að hafa samræði við fjórtán ára stúlku í ágúst í fyrra. Maðurinn er tíu árum eldri en stúlkan.

Tólf mánuðir refsingarinnar eru skilorðsbundnir, með hliðsjón af greiðlegri játningu hans, hreinum sakaferli og því að málið tafðist lítillega af ástæðum sem manninum verður ekki kennt um.

Hann er dæmdur til að greiða stúlkunni 250 þúsund krónur í bætur. - sh

Tveggja og hálfs árs fangelsi:

# Keypti kynlíf af fjórtán ára pilti

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær tveggja og hálfs árs fangelsisdóm yfir Berki Ragnarssyni, 59 ára gömlum manni, fyrir að kaupa sér kynlífsþjónustu af fjórtán ára gömlum pilti á Akranesi á tímabilinu frá því í nóvember 2010 og fram í janúar 2011.

Maðurinn bar því við að hafa ekki gert sér grein fyrir ungum aldri piltsins, þótt hann hafi séð að hann væri ungur. Pilturinn hefur glímt við mikla erfiðleika vegna brota Barkar og annarra og er Berki gert að greiða honum 800 þúsund krónur í bætur. - sh

# Mega ekki komast upp með eineltið

Vanda Sigurgeirsdóttir hyggst rannsaka gerendur í eineltismálum því að án gerenda er ekkert einelti. Hún segir gerendur ekki mega komast upp með þessa hegðun og það eigi að hjálpa þeim að komast út úr árásargjörnum samskiptum.

**FÓLK** „Mig langar að rannsaka einelti út frá sjónarhorni barnanna og hlusta á rödd þeirra. Mig langar sérstaklega að tala við gerendur, börn og foreldra þeirra, sem og fullorðna einstaklinga sem voru gerendur í eineltismálum sem börn. Vegna þess að ef það eru engir gerendur í eineltismálum, þá er ekkert einelti,“ segir Vanda Sigurgeirsdóttir sem undirbýr doktorsrannsókn sína um einelti í grunnskólum á Íslandi.



**VANDA SIGURGEIRSDÓTTIR**

Rannsókn á gerendum í eineltismálum hefur ekki verið gerð áður á Íslandi svo Vanda viti til. Ekki eru margar erlendar rannsóknir til um málið heldur.

Vanda segir ekki hægt að flokka börn sem eru gerendur í einelti í ákveðinn hóp. Fyrr á tíðum voru uppi kenningar um að þeir væru aðallega börn með lélega sjálfsmynd. Í nýrri rannsóknum kemur hins vegar fram að margir gerenda eru sterkir einstaklingar með mikla leiðtogahæfileika sem kunna ekki að beina orku sinni í réttan farveg.

„Við verðum að reyna að skilja gerendur betur. Ef við ætlum að stoppa einelti þá þurfum við að ræða þetta og rannsaka þótt það sé kannski viðkvæmt og erfitt. Ég vona að fólk taki vel á móti mér þegar ég leita eftir viðmælendum.“

Vanda segir það versta sem foreldrar gerenda gera þegar hringt er í þá frá skólanum og talað um að barnið þeirra hafi lagt í einelti að loka eyrunum fyrir því.

„Ef maður gerir ekki eitthvað í málunum heldur hegðunin áfram og getur undið upp á sig. Gerendur mega ekki komast upp með þessa hegðun,“ segir Vanda. „Ákveðinn hluti gerenda heldur áfram andfélagslegri hegðun fram á unglings- og fullorðinsár og lendir stundum í vandræðum vegna þess. Því ráðlegg ég foreldrum sem fá svona símtal frá skólanum að segja: Takk fyrir að hringja í mig!“

Taka þarf á einelti strax í leikskóla að sögn Vöndu. „Árásargjörn hegðun kemur oft fram strax í leikskóla og leikskólakennarar eiga gott með að koma auga á slíka hegðun. Þar væri strax hægt að reyna að finna betri farveg fyrir hegðun barnsins og hjálpa því að komast út úr erfiðum samskiptum,“ segir Vanda sem heldur fyrirlestur í dag um væntanlega rannsókn sína í Háskóla Íslands.

erla@frettabladid.is



**SKÓLI** Vanda ætlar að rannsaka einelti í grunnskólum Íslands en segir einelti oft byrja í leikskóla.




Traust til ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu hefur aukist:

# Fæstir bera traust til bankanna

**STJÓRNSÝSLA** Flestir bera mikið traust til lögreglunnar, Háskóla Íslands og Ríkisútvarpsins samkvæmt nýrri könnun MMR. Fæstir bera mikið traust til bankakerfisins, Fjármálaeftirlitsins og fjölmiðla.

MMR kannaði traust almennings til helstu stofnana samfélagsins. Af þeim sem tóku afstöðu sagðist um 77,1 prósent bera mikið traust til lögreglunnar, 61,3 prósent til Háskóla Íslands og 52,3 prósent til Ríkisútvarpsins. Til samanburðar sögðust 9,2 prósent bera mikið traust til bankakerfisins, 10,2 prósent til Fjármálaeftirlitsins og 12,7 prósent til fjölmiðla.

Traust til ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu hefur aukist frá síðustu mælingum. Af þeim sem tóku afstöðu nú sögðust 23 prósent bera mikið traust til ríkisstjórnarinnar, borið saman við 15,8 prósent í júní 2012. 22,5 prósent sögðust bera mikið traust til stjórnarandstöðunnar nú, borið saman við 14,9 prósent í júní 2012.

937 einstaklingar, 18 ára og eldri, voru spurðir og tóku 97,3% afstöðu til spurningarinnar. - ebg




**LÖGREGLAN** Flestir sögðust bera mikið traust til lögreglunnar eða ríflega 77 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

GILDIR 25.10.13 - 28.10.13

# TAX FREE




## AF ÖLLUM VÖRUM

## ALLA HELGINA Í ÖLLUM BÚÐUM

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM VÖRUM. TAX FREE TILBOÐ JAFNGILDIR 20.32% AFSLÆTTI. AFSLÁTTURINN ER Á KOSTNAÐ RÚMFATALAGERSINS. VIRÐISAUKA ER AÐ SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ TIL RÍKISSJÓÐS.

RÚMFATALAGERINN ER Á 5 STÖÐUM: SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - KORPUTORGI - AKUREYRI - SELFOSSI

## SVONA ERUM VIÐ




**Á Íslandi eru fleiri GSM-áskriftir en fólk. Þær eru nú um 1.100 á hverja þúsund Íslendinga.**

**Þessum áfanga náðum við árið 2008.**

Árið 1994 voru átta áskriftir á hverja þúsund íbúa, þær voru orðnar 150 árið 1997 og 483 tveimur árum síðar.

Hildur Sverrisdóttir sækist eftir fyrsta sæti Sjálfstæðisflokksins í borginni:

# Telur nýja nálgun nauðsynlega

**STJÓRNMÁL** Hildur Sverrisdóttir tilkynnti í gærkvöldi að hún myndi sækjast eftir fyrsta sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrir komandi borgarstjórnarkosningar. Hildur hefur verið varaborgarfulltrúi meirihluta þessa kjörtímabils en tók sæti í borgarstjórn þegar Gísli Marteinn Baldursson hætti. Hildur, sem er lögfræðingur að mennt, boðar nýja nálgun á stjórnmál í borginni.

„Ég tel nauðsynlegt að bjóða upp á nýja nálgun fyrir Sjálfstæðisflokkinn í borginni. Það er mjög aðkallandi að flokkurinn verði í meirihluta á næsta kjörtímabili og ég treysti mér til að leiða það nauðsynlega verkefni,“ segir Hildur.

Hún telur mikilvægt að þétta byggð í borginni í stað þess að þenja hana til austurs. „Til að ná markmiðinu um þéttingu byggðar er hæpið að undanskilja eitt best staðsetta og verðmætasta byggingarlandið í borginni í Vatnsmýri,“ segir Hildur og telur að vinna eigi að sátt um nýjan stað fyrir flugvöll. - eh



**ODDVITASLAGUR** Hildur er fjórða manneskjan til að sækjast eftir fyrsta sætinu en hún er nýlega sest í borgarstjórn.

Ríkisendurskoðun:

## Farið að öllum ábendingum

**Stjórnsýsla** Ríkisendurskoðun hefur lokið endanlega við úttekt á kostnaði, skilvirkni og gæðum háskólakennslu.

Úttektin náði til HÍ, Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Bifröst og Háskólans á Akureyri á tímabilinu 2003-2005.

Ríkisendurskoðun telur að yfirvöld menntamála og háskólarnir hafi brugðist þannig við öllum ábendingum að ekki sé þörf á að ítreka þær. Í einu tilviki hefur verið fallið frá ábendingu. - þj

## SVEITARSTJÓRNARMÁL

### Sækist eftir öðru sæti



**Kjartan Magnússon** borgarfulltrúi sækist eftir öðru sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrir komandi borgarstjórnarkosningar. Hann segist vilja rjúfa kyrrstöðu sem ríkt hafi í ýmsum málaflokkum hjá núverandi borgarstjórnarmeirihluta, svo sem í málefnum eldri borgara, skóla- og samgöngumálum.

### Vill leiða listann í Garðabæ



**Gunnar Einarsson,** bæjarstjóri í Garðabæ, hefur ákveðið að gefa kost á sér í fyrsta sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í komandi sveitarstjórnarkosningum, að því er fram kemur í Garðapóstinum. Hann hefur gegnt starfi bæjarstjóra frá árinu 2005.

### Vill í 5.-7. sæti



**Örn Þórðarson,** ráðgjafi og fyrrverandi sveitarstjóri, gefur kost á sér í fimmta til sjöunda sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík í komandi sveitarstjórnarkosningum. Í tilkynningu Arnar segir að hann hafi yfir 15 ára reynslu af málefnum og viðfangsefnum sveitarfélaga á landsbyggðinni.

## HALDIÐ TIL HAGA

Vegna aðsendrar greinar um miðaldadómkirkju í Fréttablaðinu 24. október vill Örnólfur Hall arkitekt biðjast afsökunar á því sem þar kunni að vera ranghermt um Kirkjuráð og ákvörðun þess. Hún mun vera svona: „Kirkjuráð hefur samþykkt að ganga til bindandi samninga við forsvarsmenn verkefnis um að reisa miðaldadómkirkju í Skálholti.“

# Ekki hægt að byggja á fyrri kynferðisbrotum

Þótt Ómar Traustason hafi hlotið dóm árið 1994 fyrir kynferðisbrot gegn fjórum drengjum dugir það ekki til að sanna sekt hans í öðru máli mörgum árum síðar. Þetta segir Hæstiréttur, sem sneri í gær þriggja ára dómi yfir honum í sýknu.

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur sýknaði í gær Ómar Traustason, 51 árs, af ákæru um kynferðisbrot gegn pilti upp úr síðustu aldamótum, þegar pilturinn var 14 og 15 ára gamall.

Héraðsdómur Reykjaness dæmdi Ómar í vor í þriggja ára fangelsi fyrir að hafa notfært sér yfirburðastöðu sína gagnvart piltinum, veitt honum húsaskjól, gefið honum mat og nestispening, haldið að honum fíkniefnum, og ítrekað haft munnmök við hann á meðan hann svaf. Þá hafi hann í eitt skipti reynt að hafa við hann endaþarmsmök.

Hæstiréttur segir hins vegar að þótt framburður piltsins, sem var kominn á þrítugsaldur þegar hann kærði brotin, hafi verið trúverðugur séu ákæruatriðin ósönnuð gegn eindreginni neitun Ómars. Engin „hlutræn sönnunargögn“ renni stoðum undir að hann hafi framið brotin.

Hulda Elsa Björgvinsdóttir sótti málið fyrir hönd Ríkissaksóknara og kveðst mjög vonsvikin með dóminn enda hafi hún verið sannfærð um sekt Ómars og talið sönnunargögn næg í málinu.

„Þá taldi ég það skipta máli að sýnt var að ákærði hefði kynferðislegar hneigðir til drengja, samanber dóm Hæstaréttar frá árinu 1994 sem vikið er að í forsendum Hæstaréttar, en þar var ákærði sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn nokkrum drengjum,“ segir Hulda Elsa. Þá fékk Ómar tíu mánaða fangelsisdóm.

Meirihluti Hæstaréttar er ósammála þessu mati Huldu Elsu, og segir að þrátt fyrir þennan gamla dóm fái það ekki breytt þeirri niðurstöðu að ákæruvaldið hafi ekki axlað sönnunarbyrði í nýja málinu.

stigur@frettabladid.is



**HÆSTIRÉTTUR** Fjórir dómarar af fimm vildu sýkna Ómar.

### Þriðja sérálit Ingibjargar



**Ingibjörg Benediktsdóttir** skilaði séráliti í máli Ómars og fór þar með gegn meðdómendum sínum, þeim Árna Kolbeinssyni, Markúsi Sigurbjörnssyni, Ólafi Berki Þorvaldssyni og Viðari Má Matthíassyni.

Ingibjörg telur að ekki megi meta brotaþolanum í óhag að hafa ekki kært brotin fyrr en löngu eftir að þau hafi átt sér stað, enda hafi hann þá ekki náð þeim þroska sem til þurfti til að gera sér grein fyrir alvarleika þeirra. Því sé hún sammála niðurstöðu héraðsdóms.

Þetta er í þriðja sinn á árinu sem Ingibjörg skilar séráliti þegar meirihluti Hæstaréttar snýr sakfellingu fyrir kynferðisbrot í sýknu. Í fyrsta skipti var um að ræða mál kennt við vélhjólasamtökin Hells Angels, þar sem Hæstiréttur komst að því að það væri ekki kynferðisbrot að setja fingur í leggöng og endaþarm konu, ef það hefði ekki kynferðislegan tilgang. Í annað skiptið var um að ræða dóm í máli Stefáns Loga Sívarssonar og Þorsteins Birgissonar, sem héraðsdómur hafði dæmt í fimm og fjögurra og hálfs árs fangelsi fyrir nauðgun.



**SAGÐAR SKEMMA** Aspir fjarlægðar úr Vonarstræti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gagnrýni í umhverfisráði:

## Saga aspir fyrir 24 milljónir

**UMHVERFISMÁL** Fulltrúar Sjálfstæðisflokks gagnrýndu í gær á fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur að þegar hafi verið varið 12 milljónum króna til að fjarlægja aspir í Kvosinni og að nota eigi aðrar 12 milljónir til að halda verkinu áfram. Sögðust þeir „ósammála þessari forgangsröðun fjármuna“. Fulltrúar meirihluta Besta flokksins og Samfylkingarinnar sögðu endurnýjun götutrjáa í miðborginni hafa verið ákveðna með 15 samhljóða atkvæðum í borgarstjórn. Aðrar tegundir komi í staðinn. Úttekt garðyrkjustjóra sýni að aspirnar séu illa farnar og rótarkerfi þeirra skemmi gangstéttir. - gar

Félagsgjöld skipta ekki máli:

## Flokksbundnir mega kjósa

**STJÓRNMÁL** Allir flokksbundnir sjálfstæðismenn í Reykjavík hafa atkvæðisrétt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningar næsta vor, þótt þeir hafi ekki greitt félagsgjöld. Prófkjörið verður haldið 16. nóvember næstkomandi.

Deilt var um ákvörðun sem tekin var á fulltrúaráðsfundi fyrr í haust um að einungis fullgildir félagsmenn sem hafa greitt félagsgjöld mættu greiða atkvæði í prófkjörinu. Yfirkjörstjórn Varðar hefur nú úrskurðað að ekki sé nauðsynlegt að hafa greitt félagsgjöld. - jme

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
FÖGNUM NÝJUM VETRI MEÐ HUMARSÚPU HAFBERGS
(sú langbesta í bænum)
OG NÝJUM HUMRI FRÁ HORNAFIRÐI.
HEITUR MATUR Í HÁDEGINU
OPIÐ MÁNUD-FÖSTUD KL 9-18.15 • LAUGARDAGA 11-16
Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**KULDALEGT** Vaxandi vindur V- og S-til á morgun og víða allhvasst NV- og V-til á sunnudag en einnig við SA-ströndina. Él eða slydda N- og A-til, einkum á sunnudag. Hiti 0-5 stig yfir daginn.




**Á morgun**
Strekkingur NV- og S-til annars hægari




**Sunnudagur**
Allhvasst NV- og V- til.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 27° | Billund | 12° | Gautaborg | 12° | London | 19° | Orlando | 26° | San Francisco | 17° |
| Basel | 19° | Frankfurt | 17° | Kaupmannahöfn | 12° | Mallorca | 29° | Ósló | 8° | Stokkhólmur | 10° |
| Berlín | 17° | Friedrichshafen | 22° | Las Palmas | 25° | New York | 11° | París | 20° | | |

**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# AMERÍSKIR EFTIRRÉTTIR






## AMERICAN PIE

Epla- , Bláberja-, Kirsuberja- og Graskersbökur




## WILD HARVEST LÍFRÆNAR VÖFFLUR

Bláberjavöfflur og Heilhveiti- og Hörfrævöfflur




## SARA LEE

Key Lime og Original Ostakökur

You can't have a pie without "Kúvip"




NÝTT

BEINT FRÁ USA




**Zevia - kaloríulaust gos**
Nýjasta æðið beint frá Kaliforníu

BEINT FRÁ USA



**Amerísk sinnep í úrvali**
Sinnep er ekki bara sinnep

FRÆGUSTU OSTAKÖKUR Í HEIMI!

BEINT FRÁ USA




**Cheesecake Factory**
Ostakökur í sérflokki

LOKSINS TAB!

BEINT FRÁ USA




**Svalaðu þorstanum**
með amerísku gosi

Gildir til 27. október á meðan birgðir endast.




**Reese's**
Fyrir þá sem elska hnetusmjör

TILBOÐ 15% afsláttur á kassa af völdum vörum




**Now**
Úrval af lágkolvetna matvöru frá Now

BEINT FRÁ USA




**Cheerios og Kix**
Auðvitað Cherrios með kanil

BEINT FRÁ USA




**Minute Maid & Kool-Aid**
Fær þig til að brosa

24 Hagkaup
**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu margir karlar voru sektaðir fyrir vændiskaup á miðvikudag?
**2.** Hversu hátt er meðlag með einu barni á mánuði?
**3.** Hversu margir sitja í nefndum á vegum ríkisins?

SVÖR

1. 10. 2. 25.175 krónur 3. Tæplega 3.500.

Sveitarfélögin í Sorpu semja um gas- og jarðgerðarstöð Mosfellsbæ:

# Hætta urðun úrgangs í Álfsnesi

**STJÓRNSÝSLA** Til stendur að loka Gými, móttöku fyrir lyktsterkan úrgang í Mosfellsbæ, á næstu árum. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu munu undirrita samkomulag þar að lútandi í dag. Einnig á að reisa gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi sem yrði tekin í notkun á næstu árum.

„Slík verksmiðja mun auðvitað lúta ströngum skilyrðum um mengunarvarnir,“ segir Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar. Hann segir að leitað verði eftir samstarfi við nærliggjandi svæði um rekstur og nýtingu stöðvarinnar.

Í samkomulaginu, sem verður undirritað í dag, kemur fram að stöðin verði reist sem fjærst þéttbýli í Mosfellsbæ þar sem litlar líkur eru á lyktarmengun.

Þá stendur einnig til að móttökurými stöðvarinnar verði yfirbyggt og lokað með millirými sem er þannig hannað að ekki sé opið beint úr vinnslurými og út til. Þetta á að koma í veg fyrir að lykt úr vinnslurými berist út í andrúmsloftið. - vg



**URÐUN** Hér má sjá urðun í Álfsnesi. Hætt verður að urða lyktsterkan úrgang. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Erkibiskup gagnrýndur:

## Gaf í skyn að börn bæru sök

**PÓLLAND, AP** Józef Michalik, erkibiskup kaþólsku kirkjunnar í Póllandi, hefur beðist afsökunar eftir harða gagnrýni fyrir að gefa í skyn að fórnarlömb barnaníðs presta ættu stundum sjálf sökina.

Ummælin féllu um pólska presta sem hafa orðið uppvísir að barnaníði. Michalik sagði að barn úr erfiðum fjölskylduaðstæðum „leiti eftir nánd við aðra og geti tapað sér og geti líka flækt mótaðilann í það“. - gb

# Meiri hætta á síldardauða vegna rotnunar í firðinum

Lokun Kolgrafafjarðar myndi kosta hálfan milljarð króna hið minnsta. Ráðherra segir allar leiðir kosta mikla fjármuni – en taka verði ákvörðun um aðgerðir. Heimamenn telja varanlega lokun fjarðarins eina kostinn.

**UMHVERFISMÁL** Eina raunhæfa leiðin til að bregðast við hættunni af frekari síldardauða í Kolgrafafirði virðist að loka firðinum varanlega. Sú framkvæmd myndi kosta hálfan milljarð króna hið minnsta. Rotnun síldar frá síldardauðanum í firðinum í fyrra eykur líkurnar á að hættuástand skapist fari síldin undir brúna á nýjan leik.

Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, segir enga ákvörðun hafa verið tekna. Málið verður tekið upp á ríkisstjórnarfundi í dag eða á þriðjudag. Ráðherra segir alla einbeita sér að aðgerðum til að koma í veg fyrir að síldardauðinn endurtaki sig. „Ef skaðinn skeður er ljóst að það verður mjög dýrt, en gera verður það sem gera þarf við þær aðstæður. Allar leiðir sem nefndar hafa verið kosta umtalsverða fjármuni,“ segir Sigurður.

Spurningunni um hvort eina raunhæfa lausnin sé ekki að loka firðinum varanlega svarar Sigurður ekki beint. „Við innanríkisráðherra erum sammála um að það verði að taka ákvörðun. Tjónið sem þarna getur orðið, efnahagslega, á stofninum sjálfum og umhverfinu, er gríðarlegt. Þetta getur orðið hörmulegt í umhverfislegu tilliti.“

Á samráðsfundi heimamanna og stjórnvalda um málefni Kolgrafafjarðar fyrr í vikunni voru ræddar margar hugmyndir um mögulegar aðgerðir. Ein þeirra er lokun fjarðarins, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins myndi það kosta hálfan milljarð hið minnsta. Sú lausn, í stóra samhenginu, virðist engu að síður vera ódýrust. Heimildarmenn Fréttablaðsins voru jafnframt sammála um að engin önnur leið væri raunhæf, en nefndu hinn gríðarlega fórnarkostnað sem því væri fylgjandi.

Eins kom fram á samráðsfundinum að vegna rotnunar á síld sem drapst í fyrra sé líklegt að vegna súrefnisnotkunar þeirra rotnunarferla sem eru í gangi verði líklegra að hættuástand geti skapast fari síldin inn fyrir brúna að nýju.

Sigurborg Kr. Hannesdóttir, forseti bæjarstjórnar í Grundarfirði, segir í raun ekkert annað koma til greina en að loka firðinum varanlega – tímabundin lokun sé óraunhæf. „Að loka firðinum er stór ákvörðun. En þetta er eina örugga leiðin. Ef við bíðum með að setja það af alvöru á dagskrá að loka firðinum, og ákveðum að bíða og sjá, þá verður viðfangsefnið miklu erfiðara í alla staði ef þetta endurtekur sig,“ segir Sigurborg og kallar eftir pólitískum kjarki við ákvörðunartöku.

svavar@frettabladid.is



**VERÐMÆTUM BJARGAÐ** Urðun á dauðri síld kemur ekki til greina. Hreinsun kostar fjórar milljónir á dag. Nýting er vart möguleg. Ódýrasta leiðin kostar mörg hundruð milljónir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Hreinsun gæti kostað hundruð milljóna

Umhverfisstofnun skilaði drögum að viðbragðsáætlun til ráðherra á miðvikudag. Þar kemur fram að kostnaður við förgun síldar á viðurkenndum urðunarstað, sem er í Fíflholti 180 kílómetra frá Kolgrafafirði, myndi kosta nítján milljónir króna á dag – en raunhæft er að áætla að dagsverkið skili hreinsun á 200 tonnum af síld.

Miðað við magnið sem um ræðir er ljóst að slík hreinsun myndi kosta fúlgur fjár, enda drápust þá í firðinum yfir 50 þúsund tonn.



**STRÆTÓ** Endurskinsmerkin eru á vegum Strætó. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Neytendastofa úrskurðar:

## Endurskinsmerki bönnuð

**NEYTENDUR** Neytendastofa hefur lagt tímabundið bann við afhendingu endurskinsmerkja sem Strætó BS hefur verið að dreifa. Bannið er sett í kjölfar ábendingar sem Neytendastofu barst um að Strætó BS væri að dreifa endurskinsmerkjum sem ekki væru í lagi.

Á heimasíðu Neytendastofu segir að endurskinsmerkin séu alveg ómerkt. Því sé ekki hægt að sjá að merkin séu framleidd í samræmi við lög, reglur og staðla, og hafi þar af leiðandi verið prófuð sem slík og því örugg fyrir neytendur. - vg

Rannsaka sundmenningu:

## Vilja skilja sund í samfélaginu

**MENNING** Þjóðminjasafn Íslands í samvinnu við Háskóla Íslands sendir þessa dagana út spurningaskrá um sundlaugamenningu, sem er hluti af stærri rannsókn sem meistaranemar og kennarar úr þremur deildum Háskólans taka þátt í.

Rannsóknin er á vegum Sundstofu og er áætlað er allmargar meistararitgerðir verði unnar í tengslum við hana.

Tilgangurinn er að safna almennum upplýsingum um sundlaugaferðir, sundkennslu, samskipti og hegðun á sundstöðum og líðan fólks í sundlauginni og heita pottinum. - shá


# ED DU MED DÍBBLAD NEB?




Þarftu að losa um stífluna?
Notaðu **Nezeril** og andaðu léttar.

**Nezeril** 0,1 mg/ml, 0,25 mg/ml og 0,5 mg/ml nefúði, lausn. 1 ml inniheldur: Oximetazolinhýdróklóríð 0,1 mg, 0,25 mg eða 0,5 mg. **Notkun**: Nezeril er notað gegn einkennum eins og nefrennsli, bólgum í nefslímhúð og nefstíflu vegna kvefs eða skútabólgu (sinusitis), eða sem stuðningsmeðferð við miðeyrnabólgu og ofnæmisbólgum í nefi. Ekki skal nota Nezeril ef þekkt er ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefni þess. **Skömmtun**: Börn frá 7 mánaða - 0,1 mg/ml, 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Börn frá 2 ára – 0,25 mg/ml, 1 úði í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Börn frá 7 ára – 0,25 mg/ml, 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Fullorðnir og börn frá 10 ára – 0,5 mg/ml: 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Nezeril má mest nota í 10 daga samfleytt. **Varnaðarorð**: Segið lækni frá því ef einhverjir aðrir sjúkdómar eru til staðar, sérstaklega hjartasjúkdómar, ofstarfsemi skjaldkirtils eða gláka (þrönghornsgláka), áður en byrjað er að nota Nezeril. Lesið vandlega leiðbeiningar um notkun lyfsins í fylgiseðli. **Fulltrúi markaðsleyfishafa**: GlaxoSmithKline ehf. Þverholti 14, 105 Reykjavík, Ísland, Sími 530 3700. **Tilkynning um aukaverkanir**: Aukaverkanir má tilkynna á vef Lyfjastofnunar: www.lyfjastofnun.is/Aukaverkanir/tilkynna eða til GlaxoSmithKline í síma 530 3700.

DYNAMO REYKJAVÍK

MYLLAN




# Jólaterturnar frá Myllunni komnar í verslanir

Smakkaðu eina strax. Aðra á morgun. Og geymdu þá þriðju til helgarinnar.

**Fáðu þér gómsætar jólatertur frá Myllunni í dag**

með sveskjumauki




með sultu og kremi




með kremi









# Bundust samtökum um hagsmunagæslu

**Lýður Guðmundsson og Sigurður Valtýsson mynduðu með sér „samtök um hagsmunagæslu þar sem hvor veitti öðrum af fé VÍS“, að því er segir í ákæru sérstaks saksóknara. Sigurður hafði hagsmuni af því að félagi svila hans væri bjargað.**

**DÓMSMÁL** Sigurður Valtýsson, þáverandi forstjóri Exista og stjórnarmaður í Vátryggingafélagi Íslands (VÍS), átti beinna og verulegra hagsmuna að gæta af því að VÍS mundi bjarga eignarhaldsfélagi svila hans. Sigurður var sjálfur stærsti kröfuhafi félagsins.



**LÝÐUR GUÐMUNDSSON**



**SIGURÐUR VALTÝSSON**

Þetta kemur fram í ákæru sérstaks saksóknara á hendur Sigurði og Lýði Guðmundssyni fyrir umboðssvik og brot á hlutafélagalögum frá því síðla árs 2008 og fram í október 2009 þegar þeir sátu í stjórn VÍS.

Í fyrsta lagi er Lýður ákærður fyrir brot á hlutafélagalögum með því að veita Sigurði lán út úr VÍS, sem hæst stóð í 50 milljónum. Í 104. grein hlutafélagalaga er lagt bann við því að félag láni stjórnarmönnum sínum fé. Þá er Sigurður ákærður fyrir brot á sama ákvæði hlutafélagalaga, með því að veita Korki, félagi í helmingseigu Lýðs, ítrekað tugi milljóna. Skuld Korks við VÍS stóð hæst í um 140 milljónum króna.

Skuldir bæði Sigurðar og Korks voru greiddar upp að fullu og saksóknari metur það greinilega svo að aldrei hafi myndast fjártjónshætta sem hefði kallað á ákæru fyrir umboðssvik.

Að síðustu er Lýður hins vegar ákærður fyrir umboðssvik með því að hafa misnotað aðstöðu sína, farið út fyrir heimildir og stefnt fé VÍS í hættu þegar hann lét VÍS kaupa skuldabréf fyrir 24 milljónir af Kristjáni Gunnari Ríkharðssyni, svila Sigurðar, og annað 35 milljóna króna skuldabréf af félagi Kristjáns, Reykjanesbyggð ehf., og einnig þegar hann lét VÍS kaupa 40 prósenta hlut í Reykjanesbyggð ehf. á 150 milljónir.

Af þessum viðskiptum við Kristján hafði Sigurður sem áður segir beina hagsmuni, sem stærsti kröfuhafi Reykjanesbyggðar.

„Virðast ákærði Lýður og Sigurður Valtýsson, þá stjórnarmaður VÍS, hafa myndað með sér samtök um hagsmunagæslu þar sem hvor veitti öðrum af fé VÍS,“ segir í ákærunni.

Þá segir að með öllu sé óljóst hvernig 150 milljóna kaupverðið á 40 prósenta hlutanum í Reykjanesbyggð hafi verið fundið út, meðal annars í ljósi þess að gerður hafi verið samningur um kauprétt VÍS að afgangi félagsins á 100 milljónir. „Sýnir það að engar viðskiptalegar forsendur lágu að baki kaupverðinu,“ segir í ákærunni. Í árslok 2011 hafði verðmæti þessa 40 prósenta hlutar VÍS verið fært niður í 75 þúsund krónur.

Ákæran verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur miðvikudaginn 30. október.

stigur@frettabladid.is



**DRÓST SAMAN** Þegar rannsókn á málefnum VÍS hófst hjá sérstökum saksóknara, eftir kæru frá Fjármálaeftirlitinu, var hún mjög víðfeðm, en málið dróst verulega saman í meðförum Ólafs Þórs Haukssonar og félaga.




**ÍSLAND Skertur aðgangur**

Á Íslandi er eingöngu hægt að versla við efnisveitur sem hafa gert samninga við höfundarrétthafa hér á landi.

**DÆMI: Sjónvarp Símans, Oz, Tónlist.is, Spotify.**



**HEIMURINN Endalaust framboð**

Aðgangur að efnisveitum sem ekki hafa samið hér á landi er takmarkaður til að vernda höfundarrétthafa. Þetta eru margar af vinsælustu efnisveitum heims.

**DÆMI: Netflix, Hulu, iTunes.**



**NÝ LEIÐ Opnast út í heim**

Með þjónustu Tals verður til grátt svæði, þar sem tæknilausnir standa neytendum til boða svo þeir geti nálgast efnisveitur sem ættu ekki að standa Íslendingum til boða.

Netþjónusta sem auðveldar aðgang að efnisveitum:

# Útlendar IP tölur til niðurhals á efni

**HÖFUNDARRÉTTUR** „Á Lúxusnetinu fær viðskiptavinur erlenda IP tölu sem þýðir að hann á þess kost að komast inn á erlendar síður sem eru lokaðar fyrir IP tölum frá öðrum ríkjum,“ segir í skriflegu svari framkvæmdastjóra símafyrirtækisins Tals til Fréttablaðsins en fyrirtækið býður upp á svokallað Lúxusnet Tals sem gerir viðskiptavinum kleift að nálgast efnisveitur eins og Netflix og Hulu hér á landi.

Samtök myndréttarhafa á Íslandi, Smáís, segja þjónustuna klárt brot á lögum um höfundarrétt.

Þjónustan snýst um að útvega íslenskum viðskiptavinum erlendar IP tölur. Ef viðkomandi er með íslenska IP tölu þá getur hann ekki nálgast þjónustu Netflix og Hulu, sem eru erlendar efnisveitur og bjóða upp á kvikmyndir og þætti. Ástæðan fyrir því að ekki er hægt að nálgast slíkar efnisveitur vegna laga um höfundarrétt.

Í svari framkvæmdastjóra Tals, Petreu Ingileifar Guðmundsdóttur, segir að Tal bjóði aðeins upp á tæknilegar lausnir svo viðskiptavinir geti nálgast veiturnar. „Notkun á erlendum efnisveitum og heimasíðum er alltaf á ábyrgð viðskiptavinar,“ segir Petra og varpar þannig ábyrgðinni af fyrirtækinu.



**SNÆBJÖRN STEINGRÍMSSON,** framkvæmdastjóri SMÁÍS, samtaka rétthafa myndefnis á Íslandi.

„Þessi rök halda ekki, hvorki siðferðislega né lagalega að okkar mati. Í raun eru þetta nákvæmlega sömu röksemdarfærslurnar og við heyrum varðandi torrent-síðurnar,“ segir Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri Smáís, um þjónustu Tals.

„Við munum að sjálfsögðu reyna að komast í samband við Tal vegna þessa,“ segir Snæbjörn en aðspurður hvort það komi til greina að kæra fyrirtækið til lögreglu svarar hann: „Það er alltaf síðasta úrræðið.“

Aðspurð hvort neytendur verði varaðir sérstaklega við því að þeir séu að brjóta lög bæði hér á landi og í Bandaríkjunum, með því að gerast áskrifandi að Netflix og Hulu, svarar Petrea: „Með aðgengi að efnisveitum eins og Hulu og Netflix eru viðskiptavinir að gera samning við þessa aðila og greiða fyrir það.“

valur@frettabladid.is




**Tilboðin gilda 24. - 27. október**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.




### Nefndirnar of margar, segir þingmaður í hagræðingarhópi stjórnvalda:

# Kostnaður við nefndir oft dulinn

**STJÓRNSÝSLA** „Jafnlítið ríki og Ísland getur ekki haft þetta nefndafargan yfir sér,“ segir Vigdís Hauksdóttir, alþingismaður sem á sæti í hagræðingarhópi ríkisstjórnarinnar. Í Fréttablaðinu í gær kom fram að alls ættu 3.455 manns sæti í þeim 565 nefndum sem starfa í dag á vegum íslenskra stjórnvalda.

Vigdís telur að þetta séu mjög margar nefndir. Á síðasta kjörtímabili stofnaði þáverandi ríkisstjórn 210 nýjar nefndir. Hún segir að það verði að fara yfir þetta á einhvern hátt. Þessar nýju nefndir hafi verið búnar að taka til sín 414 milljónir síðast þegar hún vissi. Það sé fyrir utan nefndirnar sem stofnaðar voru vegna umsóknarinnar um aðild að Evrópusambandinu.

Hún nefnir að það hafi engin árangursmæling verið gerð um það hvað nefndirnar séu að sýsla við. Hún segir að kostnaður við nefndir sé oft dulinn. Kostnaðurinn komi stundum inn sem launagreiðslur eða sé á annan hátt settur á fjárlagaliði sem tilheyra viðkomandi verkefni. Það sé þá ekki sundurliðað, hvað mikið af hverjum lið fer í nefndarsetur. **- hrs**



**FARGAN** Síðasta ríkisstjórn skipaði 210 nýjar nefndir, segir Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins.



**ÞEGAR ALLT LÉK Í LYNDI** Haustið 2008 þegar bankarnir voru að falla gripu tveir franskir fjárfestar til þess ráðs að láta kyrrsetja eigur Landsbankans þar í landi. Um þá kyrrsetningu er enn tekist fyrir hæstarétti þar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Íslensk lagasetning fær uppáskrift ESB

**Dómur Evrópudómstólsins í álitamáli tengdu málarekstri Kepler Capital Markets og gamla Landsbankans fyrir hæstarétti í Frakklandi sýnir að rétt var staðið að lagasetningu hér. Kröfuhöfum er ekki stætt á að höfða mál í Evrópulöndum.**

**DÓMSMÁL** Fjárfestar í útlöndum þurfa að sæta íslenskum lögum sem sett voru vegna falls bankanna. Evrópudómstóllinn kvað upp dóm sinn um þetta í gær.

Hæstiréttur í Frakklandi skaut til dómstólsins álitamáli í tengslum við mál slitastjórnar LBI (gamla Landsbankans) á hendur franska fjárfestingarfyrirtækinu Kepler Capital Markets og frönskum kröfuhafa.

Málareksturinn í Frakklandi er þannig til kominn að tveir kröfuhafar LBI ytra fengu kyrrsettar eignir bankans þar í landi eftir fall bankans í október 2008. LBI höfðaði síðan mál ytra til þess að fá kyrrsetningunni hnekkt, enda ættu allir kröfuhafar að sitja við sama borð.

„Eignirnar sem um ræðir nema nokkrum milljónum evra,“ segir Halldór Helgi Backman hæstaréttarlögmaður, sem sæti á í slitastjórn LBI. Með dómnum nú sjái fyrir endann á málinu og milljónirnar sem festar voru ytra gætu farið að losna.



**HALLDÓR HELGI BACKMAN**

Halldór segir Evrópudómstólinn í raun hafa tekið af vafa um hvort íslensk lagasetning frá vordögum 2009 stæðist, um að efnisreglur slitameðferðar væru í meginatriðum látnar gilda um fjármálafyrirtæki sem þá voru í greiðslustöðvun. „Þetta tímabundna ástand var við lýði fram að annarri lagabreytingu í nóvember 2010 sem gerði að verkum að héraðsdómur gat úrskurðað um upphaf almennrar slitameðferðar.“ Tekist hafi verið á um hvort sú ráðstöfun íslenskra stjórnvalda, að færa reglur slitameðferðar inn í greiðslustöðvun, hefði verið lögmæt.

„Okkur til fagnaðar og ánægju þá fellst Evrópudómstóllinn á það sem við höfum haldið fram alveg frá upphafi, að íslenski löggjafinn hafi heimild, svo fremi sem grundvallarreglur séu virtar, til þess að breyta leikreglum greiðslustöðvunarinnar.“ Staðfest sé að á tímabilinu frá apríl 2009 til nóvember 2010 hafi verið í gildi fullkomlega lögleg greiðslustöðvun, jafnvel þó að efnisreglur slitameðferðar giltu um hana.



**STEFÁN MÁR STEFÁNSSON**

Stefán Már Stefánsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, segir dóm Evrópudómstólsins fyrst og fremst staðfestingu á því að alveg rétt hafi verið staðið að innleiðingu ákvæða Evrópusambandsins um slitameðferð í íslenskri lagasetningu. „Íslensk lög fá gæðastimpil. Reynt hefur verið að halda því fram að löggjafinn hafi ákveðið upphaf slita, í staðinn fyrir að dómstóll gerði það, líkt og Evróputilskipunin kveði á um og þetta væri ólögleg aðferð,“ segir Stefán. Með þetta hafi kröfuhafar verið gerðir afturreka.

**olikr@frettabladid.is**

### Nær allir Íslendingar hafa séð klám á netinu samkvæmt nýlegri könnun:

# Flestir vilja gera klám löglegt

**SAMFÉLAG** Nær allir þeir sem nota netið hafa séð klám, eða 96 prósent. Af þeim sögðust um 40 prósent hafa séð klám gegn vilja sínum. Þetta kemur fram í könnun sem Guðbjörg Hildur Kolbeins, doktor í fjölmiðlafræði, gerði en ágrip rannsóknarinnar er birt í Þjóðarspegli Félagsvísindastofnunar HÍ 2013.

Guðbjörg Hildur útbjó netkönnun sem dreift var í gegnum Facebook. Ekki var um tilviljunarúrtak að ræða en alls tóku 500 manns þátt í könnuninni.

Yfirleitt sögðust þátttakendur skoða klám í einrúmi heima hjá sér til sjálfsfróunar.

Þeir kusu að sjá klámefni sem sýndi karl og konu í samförum. Þriðjungur taldi að klám bætti kynlíf fólks og tæplega helmingur sagðist hafa prófað hluti sem þeir sáu á netinu og þótti spennandi.

Helmingi þátttakenda þótti klám spennandi. Sex af hverjum tíu töldu að klám ætti að vera löglegt en með takmörkunum.

Í ágripi Guðbjargar Hildar í Þjóðarspeglinum kemur fram að niðurstöður könnunarinnar séu í samræmi við norræna rannsókn á klámnotkun unglinga frá 2005. **- jme**



**KLÁMNOTKUN** Samkvæmt könnun sem gerð hefur verið á klámnotkun fullorðinna á netinu kemur í ljós að helmingi þátttakenda þótti klám spennandi. FRÉTTABLAÐIÐ /GVA



-25%
af öllum leikföngum
AÐEINS ÞENNAN EINA LAUGARDAG
26. október 2013
LENGRI OPNUN:
HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ
08.00-20.00
AKUREYRI
10.00-18.00
ÓTAKMARKAÐUR SKILARÉTTUR
VIÐ SKIPTUM ALLTAF VÖRUM – ÞÚ ÞARFT BARA AÐ TAKA MEÐ KVITTUNINA OG VÖRUNA Í UPPRUNALEGUM UMBÚÐUM.
FRÉTTABRÉF
SKRÁÐU ÞIG Á WWW.TOYSRUS.IS OG FÁÐU SEND TILBOÐ, FRÉTTIR OG KEPPNIR Á UNDAN ÖÐRUM.
Toys R us
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!
Þetta tilboð gildir aðeins 26. október 2013. VSK er innifalinn í verði.
Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.

Samfélagsmiðlar efla ekki vald almennings:

# Facebook ofmetin


BALDVIN ÞÓR BERGSSON

**STJÓRNMÁL** „Facebook virðist ekki efla vald almennings gagnvart flokkum eða koma nýjum málum á dagskrá og er því ekki tæki sem eflir beint lýðræði, að minnsta kosti ekki ennþá,“ segir Baldvin Þór Bergsson sem heldur fyrirlestur um fólk, flokka og Facebook á fyrirlestraröðinni Þjóðarspegillinn í dag. Baldvin segir umræðuna hafa einkennst af einföldum fullyrðingum um áhrifamátt samfélagsmiðla. Fyrir síðustu kosningar hafi allir flokkar í fyrsta sinn markvisst reynt að nálgast kjósendur í gegnum samfélagsmiðla.

Niðurstaða hans sé að áhrifamáttur samskiptamiðilsins virðist ofmetinn.

„Ég get vissulega sent Sigmundi Davíð forsætisráðherra skilaboð á Facebook og sagt honum hvað mér finnst um skuldaniðurfellingu en hann getur á sama hátt ákveðið að skoða ekki skilaboðin, hvað þá svara þeim,“ segir Baldvin. -ebg






# Ljóshærðu börnin sem lögreglan tók

Móðir ljóshærðu stúlkunnar, sem fannst hjá rómafjölskyldu á Grikklandi, virðist vera fundin í Búlgaríu. Hún er einnig rómakona. Á Írlandi voru tvö börn einnig tekin frá rómafjölskyldum vegna litarháttar, en hafa nú fengið að snúa aftur heim.

**SAMFÉLAGSMÁL** Fréttir af ljóshærðri stúlku, sem fannst í síðustu viku í búðum rómafólks í Grikklandi, hafa farið hátt í fjölmiðlum síðustu dagana.

Parið sem ól hana upp hefur verið ákært fyrir barnsrán, því DNA-rannsókn leiddi í ljós að þau væru ekki kynforeldrar hennar og þau gátu ekki gert skýra grein fyrir því, hvernig á því stóð að hún var í þeirra vörslu.

Í gær fréttist svo af því að í Búlgaríu hafi 35 ára gömul kona borið kennsl á stúlkuna, sem nefnd hefur verið María, og segir hana dóttur sína. Talið er að hún hafi eignast barnið í Grikklandi árið 2009 og síðan gefið það frá sér.

„Ég gaf barnið mitt frá mér vegna þess að við vorum svöng,“ er haft eftir konunni í búlgörskum fjölmiðlum. Hún hefur nú verið handtekin í Búlgaríu, en lögreglan er að láta rannsaka hvort hún sé í raun kynmóðir stúlkunnar.

Málið hefur enn á ný vakið upp umræður um stöðu rómafólks, eða sígauna eins og áður tíðkaðist að nefna þennan þjóðfélagshóp. Ásakanir um fordóma hafa sprottið upp: Spurt hvort það breyti ekki öllu að stúlkan sé ljóshærð, og hvort barn, sem væri dökkt yfirlitum og fundist hefði við sömu aðstæður hefði fengið jafn mikla athygli í fjölmiðlum.

Á móti er sagt að barnsrán sé alvarlegur glæpur, hvernig svo sem á það er litið, og engin afsökun að vera af þjóðfélagshópi sem er utangarðs og sætir fordómum.

Fordómar virðast hins vegar leika ótvírætt hlutverk í svipuðum málum, sem komu upp á Írlandi í beinu framhaldi af fréttaflutningi af ljóshærðu stúlkunni á Grikklandi.

Nágrannar rómafjölskyldu í Dublin höfðu samband við lögreglu til að láta vita af sjö ára gamalli ljóshærðri stúlku, sem bjó þar á heimili fjölskyldunnar. Lögreglan hélt á vettvang á mánudag, tók stúlkuna í sína vörslu og kom henni í tímabundið fóstur. Ekkert mark var tekið á því þótt hjónin, sem sögðust vera foreldrar stúlkunnar, hefðu reitt fram vegabréf hennar og fæðingarvottorð.

Enginn var handtekinn, en í gær hafði DNA-rannsókn leitt í ljós að hún var í raun dóttir hjónanna, sem hún hafði búið hjá. Hún er nú komin aftur heim til sín.

Systir hennar, sem er 18 ára, segir að fjölskyldan öll sé í áfalli. Hún sakar lögregluna um kynþáttafordóma.

„Þeir tóku hana bara vegna þess að hún er með blá augu og ljóst hár. Flest rómafólk er með blá augu,“ er haft eftir henni á vefsíðu breska dagblaðsins The Telegraph. „Ég var ljóshærð þegar ég var lítil og mamma mín var ljóshærð þegar hún var lítil.“

Nákvæmlega þetta sama gerðist svo líka þegar tveggja ára drengur var tekinn frá föður sínum á þriðjudag annars staðar á Írlandi. DNA-rannsókn hefur leitt í ljós að sá drengur er í raun sonur föður síns, og er hann nú kominn aftur heim til sín.

Talið er að tíu til tólf milljónir rómafólks búi í Evrópulöndum. Víðast hvar mætir það tortryggni og jafnvel andúð, og sjálft er það sagt eiga sökina vegna lífsháttа sinna. Rómafólk er utangarðs, býr við fátækt og takmarkaða skólagöngu, glæpatíðni er há og fjölskylduaðstæður oft erfiðar, ekki síst fyrir börn og konur.

Þessi lífsmáti er hefð, sem þeir sjálfir halda fast í en eru einnig gagnrýndir fyrir. Stjórnvöld standa víðast hvar ráðþrota og virðast ekkert vita hvernig best sé að tryggja þessum þjóðfélagshópi sömu mannréttindi og öðrum.

Víða hefur verið gengið hart fram gegn rómafólki. Frönsk stjórnvöld hafa til dæmis á síðustu árum vísað því úr landi í stórum stíl, og sætt nokkru ámæli fyrir.

gudsteinn@frettabladid.is

## Rómafólk býr í flestum Evrópuríkjum

Áætlaður fjöldi í þúsundum
Hlutfall af heildarfjölda




*Í öðrum Evrópulöndum eru færri en 100 þúsund rómar*



### ➜ Sígaunar eða rómafólk?

Á seinni árum hafa flestir þeir, sem bera hag rómafólks fyrir brjósti, hvatt til þess að hætt verði að kalla þennan hóp fólks sígauna. „Sígauni“ þykir nú orðið niðrandi heiti sem ber með sér fordóma. Betra sé að nota heildarheitið „rómafólk“ eða „rómar“, en rómafólk skiptist hins vegar í marga ólíka hópa, sem ganga undir ólíkum heitum eftir því hvar þeir eru búsettir eða hvaðan þeir eru komnir.

Þrír stærstu hóparnir nefnast rómar, sintar og kalar, en einnig er talað um flökkufólk, bóhema og mörg fleiri orð eru á kreiki um þennan þjóðfélagshóp. Á Bretlandi, í Frakklandi, Sviss og víðar er einnig að finna nokkuð stóra hópa innlends „förufólks“ sem hefur tamið sér svipaða lífshætti, en á ekki rætur að rekja til Indlands eins og rómafólkið.

Orðið „sígauni“ mun vera komið frá Býsans, sem þá var höfuðborg austrómverska ríkisins, en heitir nú Istanbúl og er stærsta borg Tyrklands. Þangað kom rómafólkið fyrst til Evrópu frá Indlandi á fimmtándu öld, rétt í þann mund sem austrómverska ríkið var að líða undir lok.

„Sígauni“ mun þýða „ósnertanlegur“, sem hugsanlega á rætur að rekja til hinnar ströngu þjóðfélagsskiptingar á Indlandi þar sem lægsta stéttin er stétt hinna „ósnertanlegu“. Vera má að þaðan sé komin andúð rómafólks á því að vera nefndir „sígaunar“.

Þetta er þó ekki einhlítt, því sums staðar í austanverðri Evrópu kalla menn sig sjálfir sígauna, og það með töluverðu stolti, en vilja alls ekki láta kalla sig „rómafólk“.

Þannig segist þýski Nóbelsverðlaunarithöfundurinn Herta Müller, sem er af rúmenskum ættum, hafa mætt algeru skilningsleysi þegar hún fór í heimsókn til Rúmeníu og tók að kalla fólk þar „róma“: „Við erum sígaunar,“ sögðu menn við hana, „og það orð er í góðu lagi að nota ef menn koma vel fram við okkur.“



**SEGIST MÓÐIR MARÍU** Sasha Ruseva er 35 ára rómakona í Búlgaríu. Hún segist hafa gefið dóttur sína frá sér nýfædda á Grikklandi árið 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Lagersala

**24. – 27. október**

66° NORÐUR

## Herrar



**Vindur** jakki
(einnig fáanlegur í dömusniði)
~~39.800 kr.~~
**11.000 kr.**



**Bylur** peysa
~~29.800 kr.~~
**7.000 kr.**



**Búrfell** dúnvesti
~~18.500 kr.~~
**8.500 kr.**

# 50-80% afsláttur

## Dömur



**Snæfell** dúnkápa
~~82.500 kr.~~
**29.500 kr.**



**Kaldi** Starneck peysa (einnig til án hettu)
~~23.500 kr.~~
**7.000 kr.**



**Vík** jakki
~~18.800 kr.~~
**6.500 kr.**

## Börn



**Máni** húfa og trefill
~~3.900 kr. stk.~~
**2.000 kr. stk.**



**Búri** Primaloft jakki
~~23.500 kr.~~
**7.500 kr.**



**Rán** vindjakki
~~7.500 kr.~~
**2.000 kr.**

**Faxafen 12** | 108 Reykjavík — **Opnunartími: Fös 08-18 | Lau 10-16 | Sun 12-16**
**Skipagata 9** | 600 Akureyri — **Opnunartími: Fös 09-18 | Lau 10-18 | Sun 11-18**
**Miðvangur 13** | 700 Egilsstaðir — **Opnunartími: Fös 11-19 | Lau 11-17**

# ELKO Á GRANDA

# AFMÆLIS

## ALLA HELGINA AÐEINS Á GRANDA



20.000 króna afsláttur

40″

PHILIPS

**LED SJÓNVARP**
- Full HD - 100Hz PMR
- 2xHDMI, USB o.fl.

40PFL3008T

30 stk.

Verð áður: 119.995

**99.995**

eða 8.965 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán, alls 107.575 kr.
0% vextir / 3,5% lántökugjald / kr. 340 á hverja greiðslu



33% afsláttur

30 stk.

Verð áður: 89.995

**59.995**

eða 5.515 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán, alls 66.175 kr.
0% vextir / 3,5% lántökugjald / kr. 340 á hverja greiðslu

A+ Orkuflokkur | 7 Kg | 1400 Snúninga

CANDY
- Stafræn 7 kg þvottavél með 1400 snúninga vindu.
- 14 mín. hraðkerfi, ullarkerfi og daglegt 59 mín. kerfi.
- Búin „FuzzyLogic" sem aðlagar tíma og vatnsnotkun
- að magni þvottar og sparar þannig orku.

GC1472D



100 stk.

Verð áður: 15.995

**9.995**

38% afsláttur

1800W Mótorafl | MEN2001 Ryksugupokar

SIEMENS
- 1800W ryksuga með stillanlegt sogafl.
- Samdraganlegt málmrör, 8 m vinnuradíus.
- Innfelldir fylgihlutir, gaumljós fyrir poka.

VS01E1801



20.000 króna afsláttur

32″

SAMSUNG

**LED SJÓNVARP**
- HD Ready - 100Hz CMR
- 2xHDMI, USB o.fl.

UE32F4005XXE

30 stk.

Verð áður: 89.995

**69.995**

eða 6.377 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán, alls 76.525 kr.
0% vextir / 3,5% lántökugjald / kr. 340 á hverja greiðslu



20% afsláttur

100 stk.

Verð áður: 14.995

**11.995**

PHILIPS
- 1 bolli á aðeins 30 sek.
- Val um 1 eða 2 bolla í einu.
- 30 mín. sjálfvirkur útsláttur.

HD7810SVORT



50 stk.

Verð áður: 12.995

**7.995**

38% afsláttur

BOSCH
- Öflugur 600W töfrasproti.
- Bikar, þeytari og skeri fylgja.
- Fylgihlutir þola uppþvottavél.

MSM6600



36% afsláttur

60 stk.

Verð áður: 6.995

**4.444**

wilfa
- 1000W vöfflujárn, 5 hjörtu.
- Tvöfalt viðloðunarfrítt yfirlag.
- Gaumljós lætur vita þegar vafflan
- er bökuð. Lóðrétt geymslustaða.

WA1



30% afsláttur

40 stk.

Verð áður: 6.995

**4.895**

BOSCH
- 2000W gufustraujárn.
- Palladium Glisseé sóli.
- 25 g gufa og 60 g gufuskot.

TDA2610



44% afsláttur

50 stk.

Verð áður: 8.895

**4.995**

SENNHEISER

**HEYRNARTÓL**
- Frábær hljómgæði
- 18 - 22.000 Hz
- 110dB

SEHD419



30% afsláttur

100 stk.

USB tengi

Verð áður: 9.995

**6.995**

PHILIPS

**DVD SPILARI**
- Spilar CD og DVD diska
- Spilar DivX, WMA, MP3 o.fl.
- USB tengi

DVP2850USB



60 stk.

Verð áður: 6.995

**3.995**

43% afsláttur

BaByliss
- Keramikhúðað keilujárn.
- Hitnar í 200°C, 4 stillingar.
- 13-19 mm í þvermál.

C20E



50 stk.

Verð áður: 19.995

**14.995**

25% afsláttur

Remington
- 3 hausa W&D herrarakvél.
- Tvöfaldir fljótandi rakhausar.
- Lithium rafhlaða og hraðhleðsla.

AQ7

# 3 ÁRA TILBOÐ

## OPNUNARTÍMI
FÖSTUDAGUR: 08.00 – 19.00
LAUGARDAGUR: 10.00 – 18.00
SUNNUDAGUR: 11.00 – 17.00

200 AFMÆLIS-TILBOÐ

---

**25% afsláttur**
25 stk.
Verð áður: 52.995
**39.995**
eða 3.790 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán, alls 45.475 kr.
0% vextir / 3,5% lántökugjald / kr. 340 á hverja greiðslu

**GoPro**
HD HERO 3 SILVER EDITION.
- 1080p30fps / 720p60fps
- 11 MP ljósmyndir
- 10 ljósmyndir á sekúndu í „Burst"

CHDHN301

---

**SAMSUNG** 13,3"
- Quad Core örgjörvi
- 128GB SSD
- 13,3" snertiskjár
- allt að 8.klst. rafhlöðuending
- 1,44 kg

ACNXM8EED046
Snertiskjár
30.000 króna afsláttur
30 stk.
Verð áður: 179.995
**149.995**
eða 13.277 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán, alls 159.325 kr.
0% vextir / 3,5% lántökugjald / kr. 340 á hverja greiðslu

---

**42% afsláttur**
**SEGA**
Innbyggðir 30 retro Sega leikir, þar á meðal Sonic og Golden Axe / 5,0x3,6 cm litaskjár / Tengi fyrir heyrnartól. Notar 3 x AAA rafhlöður (fylgja ekki).Tengjanleg við sjónvarp, snúra seld sér.
SEGA00010
50 stk.
Verð áður: 6.995
**3.995**

---

20.000 króna afsláttur
**SAMSUNG** 10,1"
- 1,4GHz Quad Core örjörvi
- 2GB vinnsluminni
- Full HD upptaka 1080p
- Penni fylgir

SAMN8100GREY
50 stk.

WiFi
Verð áður: 88.995
**68.995**
eða 6.291 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán, alls 75.490 kr.
0% vextir / 3,5% lántökugjald / kr. 340 á hverja greiðslu

3G
Verð áður: 109.995
**89.995**
eða 8.102 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán, alls 97.225 kr.
0% vextir / 3,5% lántökugjald / kr. 340 á hverja greiðslu

---

**35% afsláttur**
80 stk.
Verð áður: 5.995
**3.895**
CRYSIS 3

**35% afsláttur**
80 stk.
Verð áður: 5.995
**3.895**
FIFA STREET 4

**35% afsláttur**
80 stk.
Verð áður: 5.995
**3.895**
SSX

---

**TOSHIBA** 23"
Snertiskjár

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | Intel Ivy Dual Core i3 2,4GHz |
| Vinnsluminni | 4GB DDR3 1600MHz |
| Harður diskur | 1.000GB (1TB) 5400SN SATA+24GB Express Cache |
| Skjákort | Intel HD 4000 skjákort |
| Skjár | 23" FHD(1920 x 1080 Snertiskjár |
| Stýrikerfi | Windows 8 64 bita |

A1PQQ18E01700
Refurbished Grade A1: vélin er ónotuð og óaðfinnanleg í útliti, full ábyrgð
25 stk.
**89.995**
eða 8.102 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán, alls 97.225 kr.
0% vextir / 3,5% lántökugjald / kr. 340 á hverja greiðslu

---

**20% afsláttur**
Dual Core örgjörvi
8GB minni
60 stk.
Verð áður: 49.995
**39.995**
eða 3.790 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán, alls 45.475 kr.
0% vextir / 3,5% lántökugjald / kr. 340 á hverja greiðslu

**SAMSUNG**
**Galaxy SIII mini.** Galaxy SIII mini. 4,0" snertiskjá (800x480). Android 4.1. 5 Mpix myndavél. HD video 720p. Dual- Core 1,0GHz örgjörvi. 1GB vinnsluminni. 8GB minni.
SAMI8190(BLA/GREY)

---

**60% afsláttur**
50 stk.
Verð áður: 19.995
**7.995**

**A.C.Ryan**
VEOLO mediaspilari. 1GHz Arm örgjörvi. 512MB vinnsluminni. Ethernet tengdur og þráðlaust netkort. 2USB port og SDHC minniskortarauf. Android stýrikerfi (2.2). HDMI. Mjög flott fjarstýring sem fylgir, 3 í einni, venjuleg fjarstýring, með lyklaborði og hreyfiskynjari. Hægt er að browsa á netinu í gegnum tækið.
MC5262B00001

---

**80% afsláttur**
70 stk.
Verð áður: 4.995
**995**
MASS EFFECT 3

**66% afsláttur**
80 stk.
Verð áður: 2.995
**995**
DISHONORED

**60% afsláttur**
100 stk.
Verð áður: 4.995
**1.995**
MEDAL OF HONOR WARFIGHTER

# SKOÐUN

Hvar eru vaxtarbroddar atvinnulífsins?

## Skapandi þjóðmenning

Stuðningskerfi hins opinbera við atvinnugreinar á Íslandi er að mörgu leyti ennþá sniðið að atvinnulífinu eins og það var í byrjun síðustu aldar. Stærstu upphæðirnar renna til gömlu frumframleiðslugreinanna, landbúnaðar og sjávarútvegs. Þar er reyndar ólíku saman að jafna að því leyti að sjávarútvegurinn er arðbær undirstöðugrein en landbúnaðurinn er byrði á skattgreiðendum.



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Það hefur verið ákveðin lenzka að líta á styrki til menningar og lista sem lúxus sem við höfum illa efni á, ekki sízt þegar á móti blæs. Þá horfa menn framhjá því að hinar skapandi greinar í menningargeiranum; bókmenntir, tónlist, tölvuleikir, tízka og hönnun, velta hundruðum milljarða króna og veita ótal manns atvinnu. Þær skiluðu á árinu 2009 24 milljörðum króna í útflutningstekjur, eins og fram kom í Markaðnum, viðskiptablaði Fréttablaðsins, á miðvikudaginn.

Þar benda Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands, og Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, á að skapandi greinar séu vaxandi og laði að sér fjárfestingu. Þær skipti sömuleiðis miklu máli fyrir ferðamennsku; íslenzk tónlist, kvikmyndir, hönnun og bækur veki athygli á landinu á alþjóðlegum vettvangi. „Þetta er útflutningur á okkar menningu og lífsgildum og hann smitar út frá sér og á stóran þátt í því að ferðamenn koma hingað,“ segir Laufey.

Í Fréttablaðinu á miðvikudag var líka grein eftir Jakob Frímann Magnússon tónlistarmann, þar sem hann gerir meðal annars að umræðuefni útrás íslenzkra hryntónlistarmanna á erlenda markaði og skortinn á opinberum stuðningi við þá útrás. Jakob nefnir að í fyrra hafi loksins orðið til langþráður útflutningssjóður tónlistar, sem hafi í fjárlögum næsta árs verið sleginn af. Og bendir á hvað það skjóti skökku við að milljarðastyrkir til landbúnaðar standi óhaggaðir en 20 milljónir til „geisladiskabænda“ séu slegnar af með pennastriki.

Laufey og Halla hafa líka áhyggjur af því að sjóðir skapandi greina, sem fyrri ríkisstjórn setti á fót eða efldi, lendi nú undir niðurskurðarhnífnum. Það voru reyndar fyrirheit fram í tímann, sem aldrei voru fjármögnuð af fyrri stjórn. Henni datt til dæmis ekki í hug að draga saman í landbúnaðarstyrkjunum til að eiga fyrir styrkjum handa geisladiskabændum.

Eftir stendur að það er full ástæða til að styðja við skapandi greinar í vexti. Enginn heldur því fram að skattgreiðendur eigi að styrkja óarðbær verkefni. Reynslan, til dæmis af styrkjum til kvikmyndagerðar, sýnir hins vegar að slíkum styrkjum er vel varið og þeir skila sér til baka í útflutningstekjum til þjóðarbúsins og skatttekjum til ríkisins.

Ríkisstjórnin þarf að skoða forgangsröðina hjá sér. Hún segist í stjórnarsáttmálanum ætla að styðja við skapandi greinar og ætlar í því skyni að gera úttekt á starfsumhverfi þeirra. Og svo ætlar hún líka að gera þjóðmenningunni hátt undir höfði, styrkja hana og efla.

Þetta tvennt hlýtur að fara saman. Vörurnar sem hinar skapandi greinar búa til eru ásamt öðru þjóðmenning Islendinga. Eða lítur ríkisstjórnin svo á að það séu bara handritin, torfbæirnir og gömlu timburhúsin? Það getur eiginlega ekki verið.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

jura kaffivélar fyrir heimili og vinnustaði



EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | **www.eirvik.is**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Traustur vinur...

MMR kynnti í gær niðurstöður könnunar á trausti almennings til helstu stofnana samfélagsins. Þar voru nokkur tíðindi á ferðinni en kannski helst þau að einungis þrjár stofnanir njóta trausts meira en 50 prósenta svarenda: Löggan, Háskólinn og RÚV. Einn af hástökkvurunum milli ára er þó Alþingi sem meira en tvöfaldar fylgi sitt, úr átta prósentum upp í rúm sextán. Sumsé upp í að sem nemur sjötti hver borgari beri traust til löggjafarsamkundunnar. Ætli það sé tilviljun að þetta „stökk“ komi einmitt þegar þingið hefur varla komið saman svo mánuðum skiptir (36 dagar frá því í mars).

### Stjórnin og traustið

Eitthvað virðist nýjabrumið hafa verið laust á ríkisstjórninni því aðeins 23 prósent segjast bera traust til hennar. Það er aðeins meira en síðasta ríkisstjórn mældist með fyrir ári. Sem sagt aðeins meira en sennilega óvinsælasta stjórn (með réttu eða röngu) síðustu ára, en líka aðeins meira en sjálft ESB (20%). Það hlýtur að gleðja á stjórnarheimilinu.



### Traustsins verðir

En svo er það líka eitt. Hinn ljómandi skýri flokkur „fjölmiðlarnir“ nýtur trausts hjá aðeins um þrettán prósentum svarenda (sem vekur þá spurningu hvort RÚV sé ekki örugglega enn þá talið til fjölmiðla). Ætli þessi dálkur sé ekki þar á meðal og hverfandi fáir beri því traust til þess sem hér er skrifað.

thorgils@frettabladid.is



## HALLDÓR




## Níu dánir á Akureyri

HJÁLPARSTARF



**Sigríður Víðis Jónsdóttir**
upplýsingafulltrúi UNICEF á Íslandi

„Alls hafa komið fyrir af mænusótt með máttleysi í Akureyrarhjeraði 31, þar af 9 dánir. Svarfdælahjeraði 13, þar af 7 dánir. Höfðahverfishjeraði, 1 dáinn. Siglufjarðarhjeraði 8, þar af 5 dánir. Reykdælahjeraði 4, þar af 2 dánir.“

Þessi merkilega upptalning blasti við lesendum Morgunblaðsins í júlí 1924. Um allt land veiktust Íslendingar af mænusótt, betur þekkt sem lömunarveiki. Það sem er ekki síst áhugavert við tilvitnunina er hvað hún er hversdagsleg. Á fyrri hluta tuttugustu aldar blossuðu reglulega upp mænusóttarfaraldrar hérlendis. Síðasti faraldurinn gekk yfir landið árin 1955 og 1956 þegar yfir 160 manns lömuðust. Sumir létust. Eftir 1956 var sjúkdómurinn hins vegar nánast óþekktur hérlendis. Skýringin? Það er árið sem farið var að bólusetja gegn mænusótt.

### Yfir 160.000 bólusetningar frá Íslandi

Nú tæpum 60 árum síðar stendur heimsbyggðin frammi fyrir einstöku tækifæri: Möguleikanum á að útrýma sjúkdómnum endanlega úr heiminum. Til þess þurfum við að bólusetja öll börn gegn honum. Bólusetning er eina leiðin – engin lyf eru til við mænusótt.

Í september síðastliðnum stóðu UNICEF og Te & kaffi fyrir sameiginlegu átaki þar sem almenningi á Íslandi gafst kostur á að leggja baráttunni gegn mænusótt lið. Móttökurnar voru framar vonum. Alls söfnuðust andvirði 161.787 bólusetninga hér á landi! Starfsfólk kaffihúsanna varð vart við að margir sem styrktu átakið þekktu mænusótt af eigin raun frá því að hún geisaði hér á landi. Í fjölmiðlum steig fram fólk sem enn glímir við afleiðingar þessarar skelfilegu veiki. Enn fleiri gáfu sig fram í kjölfar umfjöllunarinnar.

Það hljómar ef til vill eins og tröllvaxið verkefni að útrýma skæðum sjúkdómi endanlega úr heiminum. En það er hægt. Það var gert með bólusótt á sínum tíma og er að takast með mænusótt. Hún er nú einungis landlæg í þremur ríkjum. Árangurinn er engin tilviljun. Hann er afrakstur þrotlausrar baráttu UNICEF, Rótarýhreyfingarinnar á alþjóðavísu, þar á meðal hér á landi, WHO og fleiri sem saman hafa lagt gríðarlegt kapp á að ná til allra barna heims.

Árið 1988 lömuðust 350.000 manns um víða veröld vegna mænusóttar en í fyrra voru skráð tilfelli aðeins 225. Tölur þessa árs gefa tilefni til enn frekari bjartsýni. Það er víst hægt að breyta!

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Kerfið hatar lágtekjufólk

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Hugsum okkur einstæða tveggja barna móður sem á ekki lengur rétt á atvinnuleysisbótum. Hún fær fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, samtals 163.635 kr. Hún getur einnig fengið sérstaka fjárhagsaðstoð vegna barna frá borginni sem er 13.133 kr. á mánuði fyrir hvort barnið. Annað barnið hennar er á leikskólaaldri og hún fær að jafnaði 55.448 kr. í barnabætur á mánuði og 70.000 þúsund í húsaleigubætur. Loks fær hún samtals 50.350 kr. í meðlag.

Eftir skatt hefur þessi kona að meðaltali um 341 þúsund krónur til ráðstöfunar í hverjum mánuði.

Segjum nú að hetjunni okkar bjóðist starf hálfan dag á frístundaheimili. Fyrir það fær hún kannski 120 þúsund á mánuði. Vill einhver giska hve mikið ráðstöfunartekjur hennar hækka við þetta? Hvað heldur fólk? 20 þúsund? 40 þúsund?

Rétta svarið er að að ráðstöfunartekjur hennar hækka nákvæmlega ekki neitt. Já: 0 kr. Tekjur hennar dragast einfaldlega frá fjárhagsaðstoðinni. Einstæða móðirin, sem þarf núna að koma sér til og frá vinnu eftir að hafa skutlað börnunum í skólann og leikskólann, situr uppi með nákvæmlega sömu tekjur og áður.

**Ein króna fram, tvær krónur aftur**

Einhverjum kann að finnast það mannvonska að vilja ekki hækka fjárhagsaðstoð um nokkra þúsundkalla. En hvaða orð á þá að nota yfir það kerfi sem hirðir til baka hverja einustu krónu sem fátækt fólk vinnur sér inn? Varla er það mjög sanngjarnt kerfi. Í þannig kerfi getur maður varla reiðst þeim sem leggja sig kannski ekki alla fram við atvinnuleitina.

Skoðum nokkrar tölur. Einstæða móðirin sem finnur sér hlutastarf fyrir 150.000 kr. á mánuði græðir ekkert á því. Fari hún ofar en það missir hún rétt til sérstaks stuðnings vegna barna. Síðan missir hún rétt til sérstakra húsaleigubóta á einu bretti. Svo skerðast barnabætur hennar um 8% með hverri krónu, húsaleigubæturnar einnig, og auðvitað þarf hún að borga skatt og í lífeyrissjóð eins og aðrir.

Ef hún ræður sig í fulla vinnu fyrir 250 þúsund á mánuði hækka ráðstöfunartekjur hennar úr 341 þús. upp í 370 þús. Ef hún finnur sér svona sæmilega launað starf fyrir 350 þúsund á mánuði hækka ráðstöfunartekjurnar upp í 383 þús. á mánuði.

Sem sagt: Munur á ráðstöfunartekjum konu sem vinnur fullan dag sem þjónustufulltrúi og konu sem er án vinnu og tekna er 43 þúsund krónur. Gott mál?

### Munur á ráðstöfunartekjum

| Atvinnutekjur | Ráðstöfunartekjur* |
|---|---|
| 0 kr. | 340.946 kr. |
| 150.000 kr. | 340.946 kr. |
| 250.000 kr. | 370.375 kr. |
| 350.000 kt. | 383.596 kr. |

*Miðað við einstæða móður í leiguhúsnæði með tvö börn, annað yngra en 7 ára. Tekið var tillit til fjárhagsaðstoðar, barna- og húsaleigubóta, meðlags, skatta og greiðslna í lífeyrissjóð.

**Eru lágu launin vandamálið?**

Í þessari umræðu má stundum heyra að „vandinn eru ekki bæturnar heldur að lægstu launin eru of lág“. Það má spyrja sig hvort þeir sem þetta segja, sérstaklega þeir á vinstri vængnum, myndu þá sætta sig við að farið yrði í verulegar launahækkanir á almennum vinnumarkaði en allar bætur stæðu óbreyttar í nokkur ár. Það er ólíklegt.

Og það er annað í þessu: Af dæminu að ofan má sjá að 100 þúsund króna hækkun launa rann að langstærstum hluta aftur til hins opinbera. Sem þýðir að sama myndi gilda um verulega hækkun lægstu launa. Vandinn felst því einmitt frekar í bótakerfinu en í meintri lægð lægstu launa.

> Munur á ráðstöfunartekjum konu sem vinnur fullan dag sem þjónustufulltrúi og konu sem er án vinnu og tekna er 43 þúsund krónur.

Ef koma á í veg fyrir að fólk festist í fátæktargildru þarf að setja fé í það að útrýma þeim tilfellum þar sem fátækt fólk græðir ekkert eða beinlínis tapar á því að vinna meira. Slíkt kostar líka sitt en það er betri nýting á fé en það að auka það bil þar sem menn græða nákvæmlega ekki neitt á því að vinna. Við höfum nefnilega búið til kerfi sem reynir að elska hina tekjulausu. En kerfinu virðist nokk sama um fólk sem klæðir sig í vinnugalla eða setur á sig hárnet.

# Þetta er allt annar handleggur

MENNING
Halldór Þorsteinsson
fv. skólastjóri
Málaskóla Halldórs



Undanfarið hef ég verið að velta því fyrir mér hvernig þetta orðatiltæki hljómar á nokkrum evrópskum tungumálum. Engilsöxum er tamt að segja ýmist „a horse of another colour“ eða „It is a different kettle of fish“.

En ef við bregðum okkur yfir Ermasundið, „La Manche“ á frönsku sem merkir einfaldlega ermin, þá kemur sitt hvað skemmtilegt í ljós sökum svipaðrar hugsunar sem felst í íslenskunni og frönskunni, en á því síðarnefnda hljómar það svona: „c‘est une autre paire de manches“, þ.e.a.s. það er annað par af ermum sé það þýtt bókstaflega.

Og höldum nú suður á bóginn, alla leið til Ítalíu og viti menn að Ítalir orða þetta nánast alveg eins og Frakkar, þ.e. „é tutto un altro paio di maniche“.

Mér vitanlega er ekki til neitt sambærilegt orðatiltæki hvorki á þýsku né Norðurlandamálunum, þar sem handleggur eða ermar koma við sögu. Í beinu framhaldi af þessu er rétt að geta þess að Spánverjar eru ekkert að apa eftir fyrrnefndu rómversku þjóðunum tveimur, því á þeirra tungu er þetta svona: „Ser harina de otro costal“ þ.e. að vera hveiti úr öðrum sekk“ en að mínu viti síst lakara né blæbrigðaminna en í hinum fyrrnefndu tungumálunum.

Að lokum get ég ekki látið hjá líða að þakka fyrir góðar undirtektir við fyrri pistli mínum um svipað efni. Punktur og basta.



# Jakob Ehrlich?

MENNING



**Gunnar Guðbjörnsson**
óperusöngvari og formaður Félags íslenskra tónlistarmanna–klassískrar deildar FÍH

Drög að fjárlögum gefa fólki í skapandi greinum ekki ástæðu til bjartsýni þótt þakkarvert sé að hlífa lykilstofnunum á menningarsviðinu. Meðal listamanna í grasrótinni er útlitið hinsvegar svart.

Jakob Magnússon benti á erfiða stöðu fólks í nýgildri tónlist í grein í Fréttablaðinu síðastliðinn miðvikudag. Ég er sammála Jakobi um nauðsyn á stuðningi við nýsköpun í tónlist og kæri mig kollóttan um hvaða nafni hún nefnist. Hin nýgilda óperutónlist Gunnars Þórðarsonar verður flutt í Íslensku óperunni á næsta ári og í næsta mánuði flytur Sinfóníuhljómsveit Íslands tónlist Skálmaldar. Þar fyrir utan skila fjárfestingar í skapandi greinum, sem öll tónlist tilheyrir, sígild og nýgild, ávinningi hvort heldur það er í krónum eða auknum lífsgæðum. Hinsvegar nær ekki nokkurri átt að kalla „útverði sígildrar tónlistar af þýska skólanum“ helstu óvildarmenn nýgildrar tónlistar. Nýlega birtist ég á skjáum landsmanna og túlkaði söngljóð Schumanns í þættinum Útúrdúr og hlýt því að vera holdgervingur þessara illu afla.

Í dag stunda ég umfram allt söngkennslu en horfi satt best að segja með eftirsjá til áranna sem starfandi tónlistarmaður í Þýskalandi, Bretlandi og Frakklandi. Ekki er þar með sagt að slæmt sé að syngja fyrir Íslendinga og vera útvörður sígildrar tónlistar en hinn stórtæki fjárhagslegi stuðningur við störf mín, sem Jakob gefur í skyn, hefur gjörsamlega farið framhjá mér.

**Í sama fámenni**

Flytjendur sígildrar tónlistar búa í sama fámenni og hryntónlistarmenn. Markaðurinn er lítill. Undirbúningur tónleikahalds er tímafrekur, tímakaupið við æfingarnar lágt en kröfurnar ekki minni en hjá fjölmennustu þjóðum. Við þurfum flest að stunda önnur störf til að framfleyta okkur og halda svo tónleika í „frítímanum“.

Ekki agnúast ég út í Sinfóníuhljómsveit Íslands, alsaklausan Jakob Magnússon eða aðra sem hafa náð góðum árangri á tónlistarmarkaði hér á landi þótt ég hafi ekki átt möguleika á fastráðningu sem söngvari heldur varð að dveljast erlendis til að geta lifað af list minni. Það væri mikil einföldun.

Reyndar voru það útgjöld vegna tónleikaferðar Sinfóníuhljómsveitarinnar vestur um haf sem Jakob sá ofsjónum yfir. Með sama hætti má súpa hveljur yfir fjárframlögum til íslenskra leikhúsa og listasafna að ógleymdum stuðningi til framgangs bókmennta. Nú er ekki ljóst hvort Jakob vill skerða hlut tónlistar í fjárlögum almennt með því að skera Sinfóníuna niður við trog, jafna hlut hryntónlistar og sígildrar tónlistar eða auka heildarframlög til tónlistar. Við lestur greinar hans situr einna helst eftir gremja hans yfir því að hafa verið vísað á náðhús í Bandaríkjunum og öfund út í sígilda tónlist. Er hún þó síst öfundsverð en hefur engu að síður verið hryggjarstykkið í uppbyggingu á tónlistarsviðinu. Þótt Stuðmenn séu góðir efast ég um að þjóðin vilji án Beethovens, Verdis og Jóns Leifs vera.

Viljum við vera þjóð meðal þjóða verðum við að standa straum af þeim kostnaði sem fylgir sinfóníuhljómsveit, þjóðarleikhúsi, listasöfnum og öðrum nauðsynlegum menningargæðum, m.a.s. þjóðarleikvangi fyrir íþróttakappleiki.

**➜ Hinsvegar nær ekki nokkurri átt að kalla „útverði sígildrar tónlistar af þýska skólanum“ helstu óvildarmenn nýgildrar tónlistar.**

Ég vona að stjórnvöld skerði framlög til allrar tónlistar sem allra minnst. Til dæmis óska ég þess innilega að þau sjái sig um hönd og veiti Útflutningssjóði fjármagn til stuðnings nýgildri íslenskri tónlist. Segir sig samt sjálft að tónlistarmaður á borð við mig, sem flytur mestmegnis erlenda tónlist, þarf að leita annarra leiða til að fjármagna kynningar á erlendri grundu. Eitt léti ég mér þó aldrei til hugar koma. Það er að ásælast þá naumlega skömmtuðu fjármuni sem menningarstofnanir eða listamenn í öðrum greinum njóta til að leiðrétta ætlað misrétti gagnvart mér og mínum líkum.

# Orkumál: Vantar í umræðuna?

ORKUMÁL



**Ari Trausti Guðmundsson**
jarðvísindamaður og rithöfundur

Margar blikur eru á lofti þegar kemur að jákvæðum og neikvæðum þáttum í umræðu um sæstreng til meginlandsins. Í ágætri grein og yfirliti Fréttablaðsins um málefnið og einnig í leiðara 23. október vantar höfuðatriði:

Getu orkuauðlinda til að standa bæði undir útflutningi raforku og nýtingu innanlands (að því gefnu að fjögur stóriðjuver starfi eins og nú). Reyndar yfirsést flestum þetta atriði þegar sæstrenginn ber á góma í fjölmiðlum, með sín 500-1000 MW.

Staðreyndir eru einfaldar. Með núverandi tækni í jarðhitavinnslu og með nýtingu vatnsorkuvera eru framleiddar um 17 terawattstundir með afli um það bil 2600 MW. Sennilega er unnt að bæta við, með sæmilegri skynsemi og eftir átök andstæðra sjónarmiða í orkumálum, 1500 til 2000 MW, eftir því sem skýrslur telja, enda hámarksorkuvinnsla þar sögð 30-35 TWst. Kannski minna?

Nú er þess að gæta að 500-600 MW þarf til þess að mæta fólksfjölgun og hefðbundnum iðnaði og tækniþróun fram til ársins 2050. Ef til vill er talan í lægsta lagi. Ef gera á Ísland næstum sjálfbært um eldsneyti á vélar (alkóhól, lífdísill, vetni o.s.frv) þarf einhver hundruð megawött á sama tíma. Komi inn gagnaver, nýjar áætlanir um stórfellda matvælavinnslu með jarðhita, og fleira framsækið og í anda nýsköpunar, má gera ráð fyrir að á vanti mörg hundruð megawött. Hvað er þá orðið til skiptanna handa meginlandsbúum?

**Orkuþörf Íslendinga**

Rætt er um núverandi umframafl (200-300 MW) sem engum gagnast og henti í sæstreng. Skýringin er annars vegar lítil nýuppbygging í orkukrefjandi iðnaði vegna kreppunnar (nema fiskimjölsverksmiðjur sem búið er að rafvæða að mestu) og sú staðreynd að orkuver á austanverðu landinu eru afar illa tengd orkuverum á sunnan- og suðvestanverðu landinu. Gildir einu hvort menn tali með eða á móti nýjum virkjunum, málmiðjuverum og stækkun þeirra gömlu.

Auðvitað verður að ræða á upplýstan hátt um sæstreng í þessu ljósi. Orkuþörf Íslendinga sjálfra næstu 30-60 árin á að vera með í myndinni.

Ekki dugar að vísa til djúpborunarverkefnisins (IDDP). Útkoman þar er með öllu óljós.

Um leið er kominn tími til að fara í saumana á öðrum orkuvinnsluleiðum svo sem vindorku og sjávarfallaorku.

Vindorkuver sæta gagnrýni, ekki aðeins fyrir stærð og sjónmengun, heldur mun fremur fyrir að vera ekki sérlega vistvæn. Ástæðan er sú að menn hafa tekið til við að greina lífsferil plast- og málmrisanna, þ.e. kostnað og umhverfisáhrif þeirra frá „vöggu til grafar“ og með tilliti til endingartíma. Þau spil verður að leggja á borðið samhliða sjálfsögðum og áhugaverðum prófunum á Íslandi sem nú fara fram.

**➜ Vindorkuver sæta gagnrýni, ekki aðeins fyrir stærð og sjónmengun, heldur mun fremur fyrir að vera ekki sérlega vistvæn.**

Sennilega er tíföld sú orka fólgin í sjávarstraumum við Ísland sem fyrirfinnst með núverandi tækni á landi. Tilraunir með nýja, íslenska gerð hverfla til að knýja rafala á kafi í sjó eru áhugaverðar og þarfnast meiri stuðnings. Sama má segja um svokallaðar varmadælur sem henta stökum byggingum víða um land.

**FRÉTTABLAÐIÐ** ER HELGARBLAÐIÐ



HIN MÖRGU ANDLIT ÓLAFÍU HRANNAR

Leikkonan **Ólafía Hrönn Jónsdóttir** er jafnvíg á gaman og drama og breytir sér í karlmann annað slagið. Hún var settleg, heimavinnandi húsmóðir í Bandaríkjunum en breytist í vespuakandi, hreindýraskjótandi hörkutól á Íslandi.



**Sveitastelpan sem gefst ekki upp**

**Hafdís Sigurðardóttir** frá Tjarnarlandi í Suður-Þingeyjarsýslu bætti tíu ára gamalt Íslandsmet í langstökki í sumar. Hún hefur frestað skólagöngu í lengri tíma til að geta einbeitt sér að íþróttunum.

**Erfiðasta hlutverkið var að hjúkra eiginmanninum**

**Helena Eyjólfsdóttir,** ein ástsælasta dægurlagasöngkona þjóðarinnar, vinnur nú að fyrstu sólóplötu sinni á áttræðisaldri og sendir frá sér opinskáa bók um ævi sína.





**Þegar stíflan brast**

Varnarveggur við Efrafallsvirkjun brast árið 1959 með þeim afleiðingum að Þingvallavatn flæddi með fullum þunga yfir Steingrímsstöð við Úlfljótsvatn.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000 | Auglýsingar 512-5401 | visir.is

**HELGARBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS**
*Ómissandi hluti af góðri helgi*

# Höfum opnað nýjan 400 fermetra sýningarsal

INNRÉTTINGAR

## að Lágmúla 8 í Reykjavík



INNRÉTTINGAR

10 uppsett eldhús · 8 baðinnréttingar
fataskápar og þvottahús

## 20% afsláttur af öllum HTH innréttingum

*til 10. nóvember...sem mun skila sér heim fyrir jól.*

**HTH** er einn stærsti framleiðandi innréttinga í Evrópu, enda er dönsk hönnun og danskt handverk eftirsótt og mikils metið um heim allan.

**Velkomin í ORMSSON LÁGMÚLA 8** og kynnist því nýjasta og flottasta í eldhúsinnréttingum frá HTH – og því heitasta í AEG eldhústækjum.

*Við hönnum án skuldbindinga fyrir þig tillögur að nýja draumaeldhúsinu þínu og gerum þér frábært verðtilboð.*

**20%** afsláttur af hágæða **AEG** eldhústækjum*

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

*með kaupum á HTH eldhúsinnréttingum

ORMSSON

***Opið:***
Mánudaga–föstudaga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 11-15

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · 2. HÆÐ · SÍMI: 530-2819 & 530-2821 · www.ormsson.is

## MERKISATBURÐIR

**1914** Verkakvennafélagið Framsókn í Reykjavík er stofnað og er þar með fyrsta verkakvennafélagið. Kvenréttindafélag Íslands er meðal þeirra sem standa að stofnuninni.

**1947** Kvikmyndasýningar hefjast í Austurbæjarbíói. Nafni bíósins er síðar breytt í Bíóborgina.

**1983** Bandaríkjamenn hernema Grenada.

**1994** Andrew Wiles sendir frá sér tvær stærðfræðilegar ritgerðir, sem endanlega sönnuðu síðustu reglu Fermats.

**2001** Microsoft gefur út stýrikerfið Windows XP.



## 90 ára afmæli

Næstkomandi sunnudag, 27. október, verður Jón Hjörleifur Jónsson, fyrrverandi skólastjóri og prestur, níræður. Af því tilefni munu gamlir nemendur halda honum tónleika í Háteigskirkju kl. 15. Allir velkomnir. Blóm og gjafir vinsamlegast afþökkuð en þeir sem vilja eignast væntanlega ljóðabók Jóns Hjörleifs geta skráð sig á lista í anddyri kirkjunnar. Einnig er hægt að gleðja Jón Hjörleif með því að styðja Söngskólann í Reykjavík. Að öðru leyti mun hann fagna deginum í faðmi fjölskyldunnar.

---

Elskulegur maðurinn minn,

**JAKOB ÞÓR ÓSKARSSON**

lést á Droplaugarstöðum 23. október. Jarðarförin auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,
**Hulda Sigurbjörnsdóttir Knudsen**

---



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður, dóttur, systur og tengdadóttur

**ÖNNU SKÚLADÓTTUR**
**Bláskógum Fáskrúðsfirði.**

Sérstakar þakkir færum við Jónínu Óskarsdóttur hj. fr. , Sigurði Ólafssyni lækni og heimahlynningu Akureyrar.

**Jón Finnbogason**
**Finnbogi Jónsson**
**Edda Heiðrún Jónsdóttir** **Friðrik Karl Friðriksson**
**Heiðrún Hallgrímsdóttir** **Skúli Þór Jónsson**
**Jón Skúli Skúlason** **Sunan Toplod**
**Finnbogi Jónsson** **Gunnhildur Stefánsdóttir**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elsku pabba míns, tengdapabba, afa og bróður,

**VILHELMS JÓNATANS GUÐMUNDSSONAR**
**Villa frá Karlsá,tónlistarmanns,**
**Nýbýlavegi 40, Kópavogi.**

**Íris Diljá Vilhelmsdóttir** **Birgir Halldórsson**
**Indiana Hind Birgisdóttir**
**Lúkas Logi Birgisson**
**Jón M. Guðmundsson og fjölskylda**
**Guðrún H. Guðmundsdóttir** **Viggo Block**
**Gestur Guðmundsson og fjölskylda**
**Snjólaug Guðmundsdóttir**
**Aðalheiður Guðmundsdóttir og fjölskylda**




Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

**ÞETTA GERÐIST:** 25. OKTÓBER 1968

## Yoko ófrísk að John Ono

Japanska listakonan og ekkja Bítilsins Johns Lennon tilkynnti heimsbyggðinni að hún gengi með barn þeirra Lennons þennan dag árið 1968.
Í nóvember sama ár missti hún fóstrið, sem var drengur sem þau Lennon gáfu nafnið John Ono Lennon II.
Þeim Yoko og John varð annars sonar auðið þegar Sean Lennon fæddist á 35 ára afmæli föður síns 9. október 1975.
Eftir fæðingu Seans dró John Lennon sig í hlé til að verða heimilisfaðir sem annaðist barn sitt, og því starfi gegndi hann allt þar til hann var myrtur í New York í desember árið 1980. Þá höfðu þau hjón ætlað á matsölustað eftir langan vinnudag í upptökuveri, en sneru þess í stað heim á leið þar sem John vildi eiga stund með Sean áður en hann færi í háttinn.



# Spilar golf í jakkafötum á fimmtugsafmælinu

Atli Geir Grétarsson leikmyndahönnuður er fimmtugur í dag og fagnar tímamótunum í Surrey á Englandi þar sem hann spilar golf ásamt Jakobi bróður sínum.

„Það fer eftir því hvað maður er upptekinn af lífaldrinum. Ef maður pælir mikið í honum má líklega lýsa þessu sem stórafmæli. En þetta er auðvitað óhjákvæmilegt og um að gera að hafa gaman af þessu,“ segir Atli Geir Grétarsson leikmyndahönnuður sem fagnar fimmtugsafmæli sínu í dag. „Ég hef reyndar alltaf verið lítill afmæliskall og hef örsjaldan haldið upp á afmælið mitt. Jakob bróðir minn hefur séð um það og að heimta pakkana alveg frá því við vorum krakkar, en ég hef alltaf flúið. Það eru aðrir áfangar sem eru merkilegri en afmælisdagarnir.“

Afmælisdeginum eyðir Atli Geir í Suður-Englandi, nánar tiltekið í Surrey sem er suður af höfuðborginni London, þar sem hann hyggst spila golf í gömlum golfklúbbi ásamt téðum bróður sínum, Jakobi Bjarnari Grétarssyni blaðamanni. „Ég hef nú ekki verið mikið í svona golfferðum en þó skelltum við okkur til Spánar þegar Jakob bróðir varð fimmtugur. Það er miklu skemmtilegri leið til að fagna svona tímamótum en að halda enn eina veisluna og skilur meira eftir sig,“ segir Atli Geir og segist hæstánægður með að vera löglega afsakaður frá veisluhöldum á afmælisdaginn. „Við verðum flottir bræðurnir í Englandi og spilum golf í einhverjum tvídjakkafötum.“

Bræðurnir Atli Geir og Jakob léku báðir með hljómsveitinni Kátum piltum úr Hafnarfirði á níunda og tíunda áratug síðustu aldar. Sveitin sendi frá sér tvær hljómplötur og hefur komið saman og troðið upp við sérstök tilefni nokkrum sinnum síðan, en Atli Geir segir enga plötugerð á döfinni á næstunni. „Auðvitað veit maður samt aldrei hvað gerist í framtíðinni. Við í Kátum piltum ætluðum til dæmis alltaf að gera jólaplötu, en ég veit ekki hvort hún kemur nokkurn tíma út.“



**FIMMTUGUR** Atli Geir Grétarsson söng með hljómsveitinni Kátum piltum sem sendi frá sér tvær breiðskífur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Atli Geir hefur lengi starfað í leikmyndaiðnaðinum og fylgdi til að mynda Spaugstofunni í áraraðir, þar sem honum brá gjarnan fyrir í aukahlutverkum. „Annars hef ég mestmegnis verið „fríláns“ í þessum bransa og arkað á milli fyrirtækja til að leysa vandmálin,“ útskýrir Atli Geir og bætir við að hann hafi meðal annars séð um leikmyndir í þeim kvikmyndum Baltasars Kormáks sem leikstjórinn hefur gert á Íslandi síðustu árin. Þá taki hann einnig reglulega að sér verkefni við vinnslu erlendra mynda sem eru teknar upp hér á landi. „Þessi farandverkahópur í bransanum hér á landi er orðinn nokkuð stór, líklega um 200 manns, og verkefnin geta tekið langan tíma. Vinnan við myndina Noah, sem Russell Crowe leikur í, tók til dæmis fjóra mánuði svo maður er stundum fjarverandi í lengri tíma,“ segir afmælisbarnið Atli Geir.

kjartan@frettabladid.is

---



Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**JÓNÍNU STEFANÍU HALLGRÍMSDÓTTUR**
**Spítalastíg 3, Hvammstanga.**

**Þórdís**
**Guðmundur Víðir**
**Einar Hafsteinn**
**Sigurlaug Jakobína**
**Silja**
**og fjölskyldur.**

---



Látin er móðir okkar,

**KOLBRÚN BJARNADÓTTIR**
**kennari,**
**Ystafelli í Kinn.**

Útför hennar fer fram frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 26. október klukkan 13.00.
Jarðsett verður frá Þóroddsstað sama dag. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga.

**Jón, Regína, Helga og Erla Sigurðarbörn.**

---



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GEIR AGNAR ZOËGA**
**Dyngjuvegi 1,**

sem andaðist á líknardeild Landspítalans þriðjudaginn 22. október, verður jarðsunginn frá Áskirkju föstudaginn 1. nóvember kl. 13.00.

**Helga Zoëga** **Guðmundur Kristjánsson**
**Geir Þórarinn Zoëga** **Vilborg Traustadóttir**
**Þórdís Zoëga** **Ólafur E. Friðriksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**GUÐMUNDUR SIGURÐSSON**
**Vallarbraut 6, Reykjanesbæ,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 21. október. Útför hans fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 1. nóvember kl. 14.00.

**Sesselja (Stella) Ingimundardóttir**
**Inga Benný** **Azzan Kanan**
**Sigurður J. Guðmundsson** **Svanborg K. Magnúsdóttir**
**Sigrún Guðmundsdóttir** **Valdimar Sigurjónsson**
**Einar M. Guðmundsson** **Guðbjörg F. Guðmundsdóttir**
**barnabörn.**



## AMMÆLI Í HÖRPU

**Fyrstu tónleikarnir af þrennum í tónleikaröðinni Ammæli, sem Félag tónskálda og textahöfunda stendur fyrir í tilefni af 30 ára afmæli þess, verður í Hörpu í kvöld kl. 21. Stórsveit Reykjavíkur ríður á vaðið og flytur íslensk djassverk í nýjum búningi. Veislan heldur áfram á laugardag og sunnudag.**




# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur, ásamt kokkunum á Roadhouse, stökkan kjúkling sem nýta má í samloku og sem forrétt. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina.

Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.




**STÖKKUR BITI** Góður kjúklingur sem hentar vel á samlokuna eða í tortillur. MYND/DANÍEL

## STÖKKUR KJÚKLINGIR Í SAMLOKU EÐA FORRÉTT

**FORRÉTTUR FYRIR 6 EÐA SAMLOKA FYRIR 4**

**KJÚKLINGUR:**
**4 bringur eru skornar í um 10 bita hver fyrir forrétt eða langsum í fjóra bita fyrir samlokuna.**
**Pannering fyrir kjúkling**
**Deig:**
**410 g hveiti**
**18 g lyftiduft**
**1 tsk. karrí**
**salt og pipar**
**Bjór eða pilsner**
*Öllum þurrefnum blandað saman og svo er bjór blandað smátt og smátt saman við uns klattadeigsþykkt er náð. Gott er að láta deigið standa í nokkra klukkutíma.*

**Panko raspur ¾ hlutar**
**Kornflex ¼ hluti**
**Blandað saman**
*Kjúklingurinn settur í deigið, svo í raspblönduna. Hann er djúpsteiktur á 180°C uns kjarnhiti er 71°C eða í um 3½ mínútu. Ef um forrétt er að ræða eru bitarnir bornir fram með góðri bbq-sósu, selleristönglum eða gúrkum.*

**HOT-SÓSA Á SAMLOKUNA**
**Sýrður rjómi 18%, 300 g (má nota 150 g majónes og 150 g sýrðan rjóma)**
**Frank´s red hot 60 g (fæst í Hagkaupum, má nota meira magn ef maður vill sterkari sósu)**
*Hráefnum blandað saman og smakkað til með salti, pipar og smásítrónusafa.*



**Súrar gúrkur**
**½ gúrka, skorin í þunnar sneiðar**
**200 g hvítvínsedik**
**200 g vatn**
**200 g sykur**
**10 svört piparkorn**
**1 lárviðarlauf**
*Allt hitað upp og hellt yfir gúrkurnar. Látið standa í um 20 mínútur. Geyma má afganginn í ísskáp. Hrásalat (mæli með heimatilbúnu, má kaupa í búð)*

**HRÁSALATSÓSA**
**500 g majónes**
**100 g sýrður rjómi, 18%**
**20 g appelsínuþykkni**
**30 g flórsykur**
**fennelduft, hnífsoddur (má sleppa)**
**20 g Dijon-sinnep**
*Blandið öllu saman og smakkið til með salti og pipar. Gulrætur og hvítkál rifið niður í rifjárni (2/3 hvítkál og 1/3 gulrætur) og blandað í sósuna.*

**80 g sveppir, skornir þunnt**
**Jöklasalat (iceberg) skorið þunnt**
**4 hamborgarabrauð eða**
**4 tortillur.**
*Á samlokuna er sett sósa, hrásalat, sveppir, súrar gúrkur og svo kjúklingur. Ofan á er bætt salati og sósu. Hægt að nota hamborgarabrauð eða rúlla upp í tortillu. Með þessu er gott að bera fram franskar kartöflur.*

*Roadhouse er amerískur veitingastaður á Snorrabraut 56 í Reykjavík. Yfirkokkur er Baldur Hafsteinn Guðbjörnsson.*







15% AFSLÁTTUR AF YFIRHÖFNUM

MARINA RINALDI MaxMara

BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770



Glæsilegt Ýr 55 – fullt af hugmyndum





# MORÐGÁTA LEYST Á HÓTEL BÚÐUM

**SPENNA** *Glæpahelgi hefst seinni partinn í dag á hótel Búðum. Ævar Örn Jósepsson rithöfundur hefur skrifað morðsögu sem gestir hótelsins fá að spreyta sig á að leysa.*

Boðið hefur verið upp á glæpahelgi á Hótel Búðum tvisvar á ári undanfarin ár fyrir gesti og hafa þær jafnan verið vel sóttar. Að auki er boðið upp á glæpadaga fyrir hópa og fyrirtæki. Þá undirbýr Ævar Örn sérstaka dagskrá sem er sérsniðin fyrir þann hóp sem mætir á svæðið. „Hann heimsækir fyrirtækin áður en glæpadagurinn rennur upp og kynnir sér starfsfólkið til að skoða hvaða hlutverk það passar best í en allir fara í búninga þegar hópar eru," segir Jóhannes Arason, hótelstjóri á Búðum. „Um helgina þekkjast gestir ekki og þá er þetta sett öðruvísi upp og án búninga," útskýrir hann.

„Leikurinn á sér langa sögu og var fyrsta morðsagan skrifuð af Davíð Þór Jónssyni árið 1995. Það er heilmikil fyrirhöfn og undirbúningur fyrir þessa helgi en sumir halda að það sé starfsfólkið á Búðum sem búi þetta til. Svo er alls ekki," segir Jóhannes. „Ævar skrifar hverja morðgátu fyrir sig og fær fólk úr sveitinni eða frá höfuðborginni til að koma og vera í hlutverkum. Gestir vita ekkert hverjar þessar aukapersónur eru, enda eru þær staddar þarna eins og aðrir hótelgestir."

Jóhannes segir að leikurinn hefjist síðdegis á föstudeginum þegar gestir koma á hótelið. Atburðarásin hefst strax og er betra að hafa eyru og augu opin gagnvart öllu grunsamlegu eða skelfilegu. Gestir fá leiðbeiningar og tækifæri til að spyrja en þeir fá auk þess tækifæri til að fara í göngutúra um nágrennið kjósi þeir það. Sönnunargögn í morðgátunni verða lögð fram kl. 17 á laugardeginum en málið er síðan leyst yfir hátíðarkvöldverði. Verðlaun eru veitt fyrir besta rökstuðninginn eftir að morðgátan hefur verið leyst. Gestir geta þá sýnt hve flottir Hercule Poirot þeir eru, enda skemmtileg flétta sem Ævar býður til í anda Agöthu Christie.



**GLÆPUR** Jóhannes Arason hótelstjóri segir að mikill spenningur sé fyrir morðsögunum á Hótel Búðum. MYND/GVA

„Allt starfsfólk tekur virkan þátt í leiknum. Gestum finnst mjög gaman að taka þátt í leiknum og Ævar stýrir þessu eins og herforingi. Stundum koma upp leyndir leikhæfileikar hjá gestunum og þá bregst hann við því. Einu sinni var maður sem lék hjartaáfall svo vel að konan hans hljóp til og ætlaði að bjarga honum. Ýmislegt óvænt og skemmtilegt hefur komið upp," segir Jóhannes. „Síðast þegar við vorum með morðgátu mættu lögregluþjónar í fullum skrúða inn á gólf hjá okkur í morgunmatnum. Þeir voru ekki í leiknum heldur hafði orðið bílslys nálægt hótelinu og þeir voru að spyrjast fyrir varðandi það. Mönnum fannst hins vegar grunsamlegt að hótelstjórinn væri að ræða við lögregluna."

„Fyrir utan að taka þátt í skemmtilegum leik nýtur fólk þess auðvitað líka að vera í þeirri fallegu náttúru sem er á Búðum," segir Jóhannes en til gamans má geta þess að hann er barnabarn Jóhannesar Arasonar sem var útvarpsþulur í áratugi og margir þekkja. ■ **elin@365.is**



**DULARFULLUR STAÐUR** Það verður margt að gerast á Hótel Búðum um helgina.





Í Tösku- og hanskabúðinni finnur þú mikið úrval af handtöskum, tölvu- og skjalatöskum, seðla-og leðurveskjum, ferðatöskum, leðurhönskum og vönduðum göngustöfum svo fátt eitt sé nefnt.

Þú getur litið við í verslun okkar eða farið á slóðina **www.th.is** þar sem hægt er að skoða úrvalið og gera góð kaup!

Tösku og hanskabúðin

*Tösku og hanskabúðin · Skólavörðustíg 7 · 101 Reykjavík · Sími 551 5814 · www.th.is*


# LAMBAKJÖT Í KÓKOS OG KARRÍ

*Góður og bragðmikill réttur sem hentar vel núna þegar kólnar í veðri. Vel má bæta meira grænmeti eða kryddi í réttinn ef fólk vill. Þennan rétt er auðvelt að útbúa. Uppskriftin miðast við fjóra.*



1 kg beinlaust lambakjöt, skorið í bita
2 msk. olía
1 laukur, smátt skorinn
2 hvítlauksrif, smátt skorin
2 tsk. gott karrí
1 dl vatn
4 tómatar, skornir í báta
1 græn paprika, skorin í bita
2 gulrætur, skornar í sneiðar
1 rauður chili-pipar, fræhreinsaður og smátt skorinn
1 ½ dl kókosmjólk

*Brúnið kjötið á pönnu og bætið lauk og hvítlauk út í. Dreifið karríinu yfir og setjið síðan restina af því sem upp er talið, utan vatn og kókosmjólk, út á pönnuna og látið mýkjast. Setjið vatnið yfir og látið malla í 45 mínútur. Bætið þá kókosmjólk saman við og látið malla áfram í 10 mínútur. Bætið við vökva ef þarf. Bragðbætið með salti og pipar. Borið fram með hrísgrjónum.*


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447

# Lífið

FÖSTUDAGUR
25. OKTÓBER 2013

*Hönnunarteymið Vík Prjónsdóttir*
**Í HÖNNUNAR-BLAÐI NEW YORK MAGAZINE 2**

*Íris Hrönn Andrésdóttir viðskiptafræðingur*
**UPPÁHALDS SNYRTIVÖRURN-AR HENNAR 6**

*Ásthildur Björnsdóttir hjúkrunarfræðingur*
**MEÐ SÍÐUNA MATUR Á MILLI MÁLA 8**



*Erna Hrund Hermannsdóttir*

## ÞAÐ ER TABÚ AÐ VERA EKKI FULLKOMIN

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVERJIR HVAR?

Eva Rún Snorradóttir fagnaði sinni fyrstu ljóðabók, Heimsendir fylgir þér alla ævi, í Eymundsson, Austurstræti, á miðvikudaginn. Margt var um manninn og skáldið flutti stutt ávarp.

Í útgáfuhófinu voru Guðrún Vilmundardóttir hjá Bjarti ásamt Ólafi Kristjánssyni hjá Dynamo Reykjavík, hljómsveitin Eva tróð upp, en í henni eru þær **Vala Höskuldsdóttur** og Sigríður Eir Zophoníasardóttir. Þá voru á svæðinu Auður Alfífa Ketilsdóttir, **Friðgeir Einarsson** leikhúsmaður, Ragnheiður Harpa Leifsdóttir leikskáld og **Steinunn Rögnvaldsdóttir**.









**Lífið**

*Hamingja, fólk og annað frábært*

Umsjón blaðsins
**Marín Manda Magnúsdóttir**
marinmanda@frettabladid.is
Umsjón Lífsins á Vísir.is
**Elly Ármanns**
elly@365.is
Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Forsíðumynd
Stefán Karlsson
Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is
Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is
Lífið
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
**www.visir.is/lifid**

Hár og makeup Erna Hrund Hermannsdóttir
Stílisti Marín Manda

# ÍSLENSKUM HÖNNUÐUM SUNGIÐ LOF Í NEW YORK

***Hönnunarteymið Vík Prjónsdóttir vekur athygli í New York og er stór umfjöllun í hönnunartímariti New York Magazine, Global Design, sem kom út fyrir stuttu.***

Hönnunarteymið Vík Prjónsdóttir hefur verið valið af hönnunartímariti New York Magazine sem einn af áhugaverðustu hönnunarhópum í hinu alþjóðlega hönnunarsamhengi. Hönnunartímaritið, sem nefnist Global Design, er gefið út einu sinni á ári og að þessu sinni er lögð rík áhersla á unga hönnuði á heimsvísu. „Blaðamaður hafði samband við okkur og tilkynnti að það væri verið að fókusera á okkur í þessum kafla í blaðinu sem „collective designers“. Hún var þá búin að grafa okkur upp, sem er ótrúlega mikill heiður, og það er æðislegt að fá svona viðurkenningu,“ segir Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir, ein hönnuðanna þriggja frá Vík Prjónsdóttur. Á bak við Vík Prjónsdóttur eru þær Þuríður Rós Sigþórsdóttir og Brynhildur Pálsdóttir ásamt Guðfinnu. Í tímaritinu Global Design er rætt við Þuríði Rós, sem býr í New York, og segir hún frá því hvernig nokkrir vöru-og tískuhönnuðir tóku höndum saman árið 2005 þegar mikil hnignun var á íslenskum ullarmarkaði og ákváðu að vinna verkefni með íslenskri ullarverksmiðju og búa til nýtískulegri ullarvörur. Innblásturinn fengu þær víðs vegar um Ísland og úr íslenskum sögum. Nú átta árum síðan er ullarmarkaðurinn sprunginn og Vík Prjónsdóttir er fyrirtæki í örum vexti. Guðfinna Mjöll segir Bandaríkin alltaf hafa haft mikinn áhuga á vörunum en að hinn íslenski markaður skipti þær miklu máli. Umfjöllunina segir hún koma á besta tíma þar sem Sjávarteppi Víkur eru að fara í sölu hjá bandarísku keðjunni Anthropologie, sem rekur 175 verslanir víða um heim, en sú keðja er í eigu sömu aðila og Urban Outfitters. Verslunin Geysir og verslunin SPARK á Klapparstíg eru meðal þeirra sem selja vörur frá Vík Prjónsdóttur hér á landi.




Hönnun Víkur Prjónsdóttur hefur fengið verulega mikla athygli í Bandaríkjunum sem þær stöllur eru alsælar með.



Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir er ein af þremur í hönnunarteyminu.




# TÍSKA BIRNA VERSLUN Á 7 ÁRA AFMÆLI Á ÍSLANDI

***Fatahönnuðurinn Birna Einarsdóttir opnar pop up-verslanir í Kaupmannahöfn.***

Fatahönnuðurinn Birna Einarsdóttir hefur búið í Kaupmannahöfn í yfir tuttugu ár og er ekkert á heimleið. Birna hefur að mestu leyti unnið að sinni eigin hönnun og starfrækt verslanir bæði í Kaupmannahöfn og Reykjavík. Konurnar í fyrirtækinu eignuðust allar börn á sama tíma og hafa haft í nógu að snúast. „Við ákváðum að loka búðunum hér í Danmörku fyrir nokkru síðan og breyta konseptinu og vera einungis með „pop up“-verslanir því mig langaði svo að gera ýmislegt „freelance“ líka. Ég vildi draga saman og gera eitthvað öðruvísi. Ég hafði hugmynd um að hanna fjölbreyttari fatalínur sem eru meira hér og nú en þetta er eins og að vera „back to basics“,“ segir Birna Einarsdóttir fatahönnuður. Pop up-verslanirnar verða opnar víðs vegar um Kaupmannahöfn einungis í viku í senn. Þá er hugmyndin að kynna nýjar tískuvörur á þessu tímabili en einnig selja flíkur á góðum tilboðum. „Mér hefur alltaf fundist gaman að eiga sérstaka hluti en það hvarf allt með stórri framleiðslu. Í dag er ég eiginlega að búa til eitt og eitt „item“ sem mér finnst ótrúlega flott.“ Í tilefni af sjö ára afmæli verslunarinnar Birnu á Íslandi er verslunin með 20% afslátt í sjö daga. Hægt er skoða vörurnar nánar í vefversluninni birnashop.com



Birna Einarsdóttir ásamt litlu dóttur sinni í Kaupmannahöfn.

AUGLÝSING: REGALO KYNNIR

# HÁGÆÐA HÁRVÖRUR

**Heildsalan Regalo hefur umboð fyrir hinar frábæru hárvörur frá TIGI og MOROCCANOIL og húðvörur frá SEACRET SPA. TIGI skartar nokkrum línum, til dæmis Bed Head, Catwalk og S-Factor. Hárvörumerkið MOROCCANOIL hefur umbylt hárvöruiðnaðinum síðustu ár og unnið til margs konar verðlauna.**

Regalo var stofnað árið 2003 af hjónunum Fríðu Rut Heimisdóttur hárgreiðslumeistara og Vilhjálmi Hreinssyni. „Við byrjuðum í innflutningi á gjafavöru en fórum fljótlega að leita eftir einhverju tengdu hárfaginu. Við tókum við TIGI árið 2005 af fyrri eigendum hárgreiðslustofunnar Toni&Guy og fannst við afskaplega heppin enda er TIGI lifandi, frísklegt og skemmtilegt vörumerki sem er í stöðugri þróun,“ segir Fríða en hitt stóra vörumerki Regalo er MOROCCANOIL sem langflestir kannast vel við.

### Margir sjúkir í Bed Head

TIGI er þekktast fyrir Bed Head-vörurnar. „Það er ekkert leyndarmál að óteljandi Íslendingar eru sjúkir í Bed Head-hárvörurnar, enda eru þær hágæðavörur, töff og búnar til af hárfagmönnum. Þær eru litríkar og anga af ferskum ilmi,“ lýsir Fríða.

TIGI var stofnað af fimm ítölskum bræðrum af Mascolo-ætt sem búsettir eru í Bretlandi. „Þeir eru allir hárfagmenn með yfir 30 ára reynslu og með hárgenin frá föður sínum og afa. Þeir stofnuðu Toni & Guy sem síðar varð heimsfræg keðja. Þeir settu síðar á markað TIGI því þeir vildu hanna vöru sem léti hárið líta út eins fólk væri nývaknað og úr varð Bed Head. TIGI er í dag ein af leiðandi hágæðalínum í hárvöruheiminum og nýtist vel í menntun fagmanna,“ segir Fríða.

TIGI skartar nokkrum línum fyrir utan Bed Head, til dæmis Catwalk, S-Factor, B For Men auk Copyright hárlita og Hair Reborn viðgerðalínunnar.

Nánari upplýsingar má finna á www.tigi.is.

### Verðlaunavörur frá MOROCCANOIL

„Lúxus hárvörurnar frá MOROCCANOIL hafa umbylt hárvöruiðnaðinum síðustu ár og hafa vakið heimsathygli á argan-olíunni,“ segir Fríða. Hún bendir á að fáir viti að MOROCCANOIL er í raun stórt og mikið hárvörumerki sem skarti öllu því helsta sem hárið þurfi á að halda. „Það er ekkert til sem heitir Moroccan-olía heldur er MOROCCANOIL vörumerki en olían kallast arganolía og á uppruna sinn í Marokkó,“ útskýrir Fríða.

Hún segir jafnframt frá uppruna merkisins. „Eigandinn, Carmen Tal, var á ferðalagi í Ísrael þegar hár hennar fór illa í efnameðhöndlun og var á mörkum þess að skemmast. Vinur hennar fer með hana á litla hárgreiðslustofu sem hann sagði bjóða upp á undravöru. Carmen var efins en ákvað að prófa vöru sem blönduð var arganolíu frá Marokkó. Hún trúði vart áhrifunum á hárið. Hún keypti í kjölfarið allan lagerinn og fór með hann til Bandaríkjanna. Hún setti saman hönnunarhóp sem prófaði olíuna og þróaði síðan fyrstu vörurnar undir nafninu MOROCCANOIL. Ekki grunaði hana að þarna væri merki sem myndi umbylta háriðnaðinum og hrinda af stað arganolíu æði,“ segir Fríða. Stjörnurnar í Hollywood eru meðal þeirra sem lofsyngja hárvörurnar en hárlínan er enn í þróun og nýjar vörur að líta dagsins ljós, til dæmis MOROCCANOIL Body-lína sem er væntanleg.

MOROCCANOIL vörurnar hafa unnið til margs konar verðlauna. „Þetta eru lúxusvörur sem innihalda góð næringarefni og styrkingu fyrir hárið auk þess sem þær bera einstakan ilm,“ segir Fríða. MOROCCANOILI-hárvörumerkið fæst á hágæðastofum hjá fagmönnum sem geta leiðbeint hverjum og einum hvað hann þarf og geta gefið bækling um hárvörurnar.

### Flytur inn húðvörur

Regalo sérhæfir sig ekki einvörðungu í hárvörum því á næstu vikum mun fyrirtækið setja á markað einstakar húðvörur frá SEACRET SPA sem unnar hafa verið úr hinu magnaða Dauðahafi. „Við teljum okkur einstaklega heppin að leiða svona flott og skemmtilega ólík merki á markaðnum ásamt því að vera með gott starfsfólk í vinnu sem hefur ástríðu fyrir merkjunum,“ segir Fríða.

Nánari upplýsingar má fá gegnum netfangið regalo@regalo.is



Hjónin Fríða Rut Heimisdóttir hárgreiðslumeistari og Vilhjálmur Hreinsson stofnuðu heildverslunina Regalo árið 2003.



Anthony Mascolo, fagmaðurinn bak við TIGI, kom til landsins í maí og hélt námskeið fyrir um 200 fagmenn í Austurbæ. Hann heillaðist svo af Íslandi að tekið var upp nýtt myndband fyrir viðgerðarlínuna Hair Reborn í Bláa lóninu og á Svörtu söndunum. Myndbandið var frumsýnt fyrir 200 þúsund manns á World Release í London í júní.



Antonio Corall er þekktur sem hárgreiðslumaður Hollywood-stjarnanna og er fagmaðurinn bak við MOROCCANOIL. Hann sýnir á heimasíðu þeirra hvernig nota á vörurnar ásamt að vinna hörðum höndum hjá frægum fatahönnuðum á tískuvikunum í New York og London.





TIGI BED HEAD var að setja á markað nýtt þurrsjampó, OH BEE HIVE, sem hentar öllu hári. Það gefur góða þykkt og hentar þeim sem vilja minnka sjampónotkun. Flott lausn fyrir hár sem á til að fitna.

TIGI BED HEAD setti á markað í síðustu viku UP FRONT-vax sem hentar öllu stuttu hári til mótunar.

Frizz Control er verðlaunavara sem kemur í veg fyrir að hárið verði rafmagnað og óviðráðanlegt, úfið eða hrokkið í hvernig veðri sem er.

TIGI er að breyta og endurhanna CATWALK-línuna og koma fram með gömlu góðu sjampóin og næringarnar eins og Oatmeal & Honey ásamt Headshot og Fashonista.

Upphaflega MOROCCANOIL-olían hefur unnið til margra verðlauna. Olían einkennist af blágrænni pakkningu ásamt því að hver og ein glerflaska hefur innsigli. Argan-olíuna þarf ávallt að geyma í glerflösku svo hún haldi næringarefnum sínum og áferð.

MOROCCANOIL er viðamikið hárvörumerki sem skartar öllum helstu vörum sem hárið þarf á að halda.

Moisture Repair-sjampó og næring er einstaklega gott fyrir efnameðhöndlað hár með góðum næringarefnum til að byggja upp hár sem orðið hefur fyrir þurrk eða skemmdum. Næringin vann til verðlauna á dögunum.

# ERNA HRUND ÞAÐ ÆTTI AÐ BANNA FÓTÓSJOPPAÐAR FORSÍÐUR

*Erna Hrund Hermannsdóttir förðunarfræðingur er áhugaverður bloggari sem komst heldur betur í fjölmiðlana þegar hún setti inn myndir af sjálfri sér sem sýndu slit á maga hennar eftir meðgöngu. Lífið ræddi við Ernu um fjölskyldulífið, útlitsdýrkun og nýja veftímaritið.*

Erna Hrund langaði mikið að verða lögreglukona þegar hún var yngri. Í gríni segir hún að áreynsluastminn hafi útilokað þann draum og fljótlega hafi hún uppgötvað förðunardót móður sinnar eins og svo margar stúlkur gera. Hins vegar varð ekki aftur snúið og nú fræðir hún ungar stúlkur um ýmislegt sem tengist útliti og förðun. Útlitsdýrkun segir hún löngu vera komna út í öfgar og hvetur konur til að elska líkama sinn eins og hann er.

***Hvenær kviknar þessi mikli förðunaráhugi?*** „Það voru bara snyrtivörur úti um allt í lífi mínu þó ég hafi kannski ekki fengið að nota þær strax. Mömmu fannst ég of ung til að nota snyrtivörur dagsdaglega í grunnskóla og ég er sammála því, því stelpur þurfa fyrst að læra að þrífa og hugsa um húðina. Ég tel mig vera rosalega heppna að eiga mömmu sem kenndi mér mikið. Ég var voða mikil speglapósustelpu en ég átti einn púðurbursta sem ég söng í fyrir framan spegilinn öllum stundum. Ég fékk að kaupa mínar fyrstu snyrtivörur fyrir fermingarpeningana en þá keypti ég litað dagkrem, maskara og brúnan eyeliner.“

***Hvenær fórstu svo að læra förðun?*** „Áhuginn kviknaði fyrir alvöru þegar ég byrjaði í Verzlunarskólanum árið 2005 og fór í inntökupróf fyrir Nemendamótið og komst inn í bæði förðunar- og hárnefnd. Mér þótti það voðalega flott því ég fór á alla viðburði og var úti um allt næstu þrjú árin. Þegar ég var 18 ára fór ég að læra förðun í EMM school of makeup sem Sóley Ástudóttir rak á þessum tíma. Þetta var MAC-skóli og var aðalskólinn.“

***Hefur þú ekki stundum haldið fyrirlestra um förðun?*** „Jú, ég hef stundum farið í menntaskóla, félagsmiðstöðvar og saumaklúbba til að halda fyrirlestra en ég nota mikið bloggið mitt til að fræða konur. Það er minn vettvangur til þess að koma upplýsingum á framfæri.“

### *Ævintýrið byrjar fyrir alvöru*

***Hvenær byrjaðir þú að blogga sem Reykjavík fashion journal?*** Hvað varð til þess? „Ég var rosalega mikill ebay-fíkill og netgrúskari en manninum mínum fannst tími til kominn að ég nýtti þessa hæfileika í eitthvað meira. Það varð til þess að við stofnuðum vefverslun undir nafninu Reykjavík fashion journal þar sem ég var milliliður og hjálpaði konum að versla á ebay. Á þessum tíma fannst konum þetta svo flókið. Ég lagði svo smotterí ofan á sem stóð undir mínum eigin kaupum á ebay. Svo þetta var mjög fínt og ég var tíður gestur á pósthúsunum.“

***Í dag ertu svo ein af bloggurunum á trendnet.is, hvernig er það?*** „Hún Elísabet Gunnars talaði við mig og ég vildi endilega vera með og allt í einu var ég orðin hluti af risabloggsíðu. Þá ákvað ég, að ég skyldi eigna mér förðunarhlutann því við vorum svo mörg og öll að skrifa um svipaða hluti. Konur virtust vera mjög hrifnar af því og ég legg mikla áherslu á að skrifa út frá minni eigin reynslu þrátt fyrir að fá reglulega fréttatilkynningar frá hinum ýmsu merkjum. Mig langaði líka að höfða til yngri stelpna og leiðbeina þeim því ég veit að ég er með sterkan lesendahóp í menntaskólunum. Ég held að það hafi alveg tekist ágætlega. Ég var svo heppin að eiga mömmu sem þekkir þetta allt saman en það eru margar stelpur sem vita lítið sem ekkert um vörur og förðun.“

***Þekkist þið öll innbyrðis í trendnet.is hópnum?*** „Ég þekkti ekki alla þegar við byrjuðum en þá vorum við alls sjö. Við spjöllum mikið saman og reynum að gera hluti saman og erum ágætis vinir. Ég myndi segja að við værum góð heild og við styðjum hvert annað.“

***Það er alls ekki fyrir alla að blogga. Hvort er þetta meira sem áhugamál eða vinna?*** „Bara hvort tveggja. Þetta er minn vettvangur til þess að vinna við það sem ég hef áhuga á. Ég fæ ekkert borgað fyrir bloggið mitt og það er ekki borgað fyrir neinar umfjallanir hjá mér. Hins vegar er ég orðin þekktur förðunarbloggari á Íslandi og fæ fullt af verkefnum sem því tengjast sem er ótrúlega gaman. Það er kannski þannig sem ég næ að tengja áhugamálið og vinnuna saman.“

***Stefnir þú á að fara til útlanda og starfa við förðun?*** „Mig langaði alltaf til þess og draumanámið mitt er að fara til London og læra „fashion marketing“ í London College of Fashion. Mér finnst það spennandi heimur og ég lifi og hrærist í þessum bransa, en ég geri það ekki alveg strax. Það er enn þá svo mikið af tækifærum hérna fyrir mig og ég er bara að nýta þau núna.“



**NAFN**
Erna Hrund Hermannsdóttir
**ALDUR** 24 ára
**STARF**
Sjálfstætt starfandi förðunarfræðingur, förðunarbloggari, starfar sjálfstætt í samfélagsdeild auglýsingastofunnar Jónsson & Lemacks.
**HJÚSKAPARSTAÐA**
Í sambúð með Aðalsteini Kjartanssyni
**BÖRN**
Á son sem heitir Tinni Snær Aðalsteinsson.






### *Stolt af vef tímaritinu*

***Nú varstu að gefa út þitt fyrsta veftímarit, Reykjavík Makeup Journal? Er þetta makeup-tímarit ekki það fyrsta sinnar tegundar á Íslandi?*** „Jú þetta er fyrsta förðunarveftímaritið sem fjallar eingöngu um snyrtivörur og þetta er nokkuð stórt. Þetta var ótrúlega krefjandi verkefni því ég er náttúrulega bara alveg ein með það. Það eru heldur engar greiddar umfjallanir í blaðinu. Það eru bara beinar auglýsingar í blaðinu sem ég sel. Ég hef óbeit á seldum auglýsingum því mér finnst eins og það sé verið að blekkja neytandann til að kaupa eitthvað sem hann þarf ekki. Ég hef bara verið að grisja út ákveðnar vörur sem mér finnst spennandi og ég vil geta staðið með minni skoðun án þess að fá greitt fyrir það.“

***Hve oft kemur veftímaritið út?*** „Það á að koma út fjórum sinnum á ári, eitt blað fyrir hverja makeup-árstíð. Nú verð ég að hraðspóla yfir nóvember því að næst er komið að hátíðarförðuninni. Ég skrifa allt efnið sjálf fyrir utan nokkrar umsagnir í Beauty-klúbbnum. Þar fékk ég nokkrar konur til að prófa snyrtivörur fyrir mig og segja frá sinni upplifun.“

***Hvað er skemmtilegasta verkefnið sem þú hefur unnið að?*** „Blaðið mitt stendur upp úr og er það skemmtilegasta sem ég hef gert á ævi minni. Svo fékk ég tækifæri um daginn til að kenna í tveimur förðunarskólum, í Snyrtiakademíunni og í Mood. Mér fannst það ótrúlega stressandi og fannst ég hafa framtíð þessara nemenda í höndum mér og þurfti því að stappa stálinu í mig. Allt í einu varð ég óviss um hvort ég væri sjálf nógu góð en svo fór ég að hugsa þetta betur. Ég er nú búin að vera í þessu í fimm ár og búin að gera ansi mikið. En mér fannst það mjög gefandi að finna að fólk hefði áhuga á því sem ég var að kenna og ég hafði heilmargt að kenna því.“

### *Myndirnar sprengdu trendnet*

**Þú settir inn myndir af slitförunum sem þú fékkst eftir meðgönguna með son þinn. Sú færsla vakti ansi mikla athygli. Hvers vegna vildir þú vekja athygli á** ▶

## *Uppáhalds*

**MATUR?**
Pönnukökurnar hans pabba

**DRYKKUR?** Einfaldur cappuccino á Te & kaffi

**VEITINGAHÚS?**
The Coocoo's Nest

**VEFSÍÐA?** trendnet.is

**VERSLUN?**
MAIA á Laugaveginum

**HÖNNUÐUR?**
Andrea Magnúsdóttir í AndreA Boutique

**HREYFING?**
Göngutúr með Tinna

**DEKUR?**
Að fá að sofa út á laugardögum og eyða svo deginum með strákunum mínum.


IÐA
ÚTSALA
Síðasta helgi útsölunnar
Lækjargata 2a 101 R. sími 511-5001 opið 9 - 22 alla daga

## SNYRTIBUDDAN



# MASKARINN GEFUR DRAMATÍSKAN AUGNSVIP

*Íris Hrönn Andrésdóttir viðskiptafræðingur starfar hjá Arion banka og er mikil tískudrottning.*

**YSL Touche Éclat radiance pennann** þekkja allir en hann er algjört kraftaverk. Hann lýsir upp augnsvæðið og gefur ferskara útlit samstundis. Ætti að vera í öllum snyrtibuddum.




**Bare Minerals-steinefnafarðann** nota ég daglega. Hann gefur húðinni náttúrulega áferð og jafnan litarhátt og svo er hann án allra kemískra efna eins og parabena, sem mér finnst mikill kostur.

**Diorshow Blackout-maskarinn** Hann lengir og þykkir. Svo er þetta kolamaskari og gefur svolítið dramatískan augnsvip.




▶ þessu? „Þegar ég var í Verzló fann ég fyrir mikilli útlitsdýrkun. Það er sama hvað hver segir, það er mikil útlitsdýrkun í öllum menntaskólum og krakkar finna fyrir ákveðinni pressu. Ég var að vinna í 17 og var alltaf í Diesel-gallabuxum númer 24 og ég setti á mig þá pressu að vera alltaf fullkomin. Ég hélt meðal annars fatadagbók yfir allt skólaárið svo ég myndi ekki mæta í sömu fatasamsetningunni aftur í skólann. Það er náttúrulega furðuleg hegðun. En þegar ég varð ólétt varð ég mjög stór og slitnaði rosalega illa. Fólk sagði við mig að þetta myndi bara hverfa þegar maginn skryppi saman og ég horfði á konurnar í glanstímaritunum í fullkomnu formi rétt eftir barnsburð og hugsaði, ég hlýt þá að geta þetta líka. Stuttu eftir fæðingu sonar míns var ég búin að ætlast til þess að þetta yrði allt farið aftur. Ég fór í mömmuleikfimi og reyndi hitt og þetta sem sýndi ágætan árangur en ekki eins og ég vildi. Ég upplifði þá bara þunglyndi og fannst ótrúlega erfitt að horfa á sjálfa mig í spegli, grét og átti mjög erfitt með mig. Mér fannst ég ógeðsleg og ótrúlega óaðlaðandi og var sannfærð um að engin kona hefði slitnað jafn mikið og ég. Svo ræddi ég þetta við Aldísi Pálsdóttur ljósmyndara og smám saman fór ég að sjá þetta í öðru ljósi. Ég bað þá manninn minn að taka mynd af mér og settist niður og skrifaði endalaust langa ræðu og póstaði á blogginu mínu. Viðbrögðin urðu svo rosaleg og ég held að trendnet.is hafi dottið út um kvöldið. Konum fannst bara svo magnað að ég skyldi gera þetta en þetta var mín leið til þess að hjálpa sjálfri mér og öðrum. Það er svo mikið í samfélaginu okkar sem má ekki tala um og konur eru rosalega gagnrýnar hver á aðra og sig sjálfar. Það á bara að vera bannað að birta svona forsíðumyndir og blekkja fólk því þetta er bara lygi. Af hverju stendur hvergi að myndin gæti verið fótósjoppuð?“



Erna Hrund Hermannsdóttir segist hafa fundið fyrir mikilli pressu á að vera fullkomin á allan hátt.

> *Mér fannst ég ógeðsleg og ótrúlega óaðlaðandi og var sannfærð um að engin kona hefði slitnað jafn mikið og ég.*

### Fegurðin kemur innan frá

***Hvað finnst þér um fegrunaraðgerðir?*** „Ég myndi aldrei gera það sjálf en ef konu líður t.d. illa út af brjóstunum og vill fara í brjóstastækkun þá er það ekki mitt að gagnrýna hana. Brjóstin mín stækkuðu og nú er ég komin með tepoka en ætla ekki í brjóstastækkun. Maginn hangir yfir buxnastrenginn en ég ætla ekki að fara í svuntuaðgerð. Mér finnst bara að konur eigi að vera vel upplýstar, ekki gera neitt í flýti og vera hjá réttum læknum. Ég held einnig að það sé mikilvægt að konur geri þetta fyrst og fremst fyrir sig en enga aðra. Ég þekki konur sem hafa farið í sílíkonaðgerð því þeim leið illa annað. Það er allt annað mál heldur en að gera þetta til þess að vera flottur fyrir einhverja stráka. Sú umræða gleymdist örlítið hérna fyrir stuttu þegar mikið var rætt um sílíkonaðgerðir – þær konur gleymdust svolítið.“

***Hvað er fegurð í þínum augum?*** „Það er kona sem líður vel og er ánægð með sjálfa sig. Kona sem er hamingjusöm hefur mikla útgeislun.“

***Hvernig ræktar þú sjálfa þig?*** „Ég reyni sem mest að vera með syni mínum. Hann er það besta sem hefur komið fyrir mig á ævinni. Mér finnst langbest að fara með honum og manninum mínum niður í bæ og setjast á kaffihús og fletta í gegnum tímarit og bara vera með þeim tveimur, það er fullkomið. Mér finnst langbest að vera með fjölskyldunni minni og þannig slaka ég á.“

***Hverjir eru svo framtíðardraumarnir?*** „Mig langar ekki að lifa í einhverri eftirsjá heldur langar mig bara að gera hlutina. Ég er með fimm ára plan og ætla þá að gefa út förðunarbókina mína. Svo vil ég eignast fleiri börn.“

## Myndaalbúmið




Vinkonur í myndatöku fyrir trendnet.is - Aldís Páls ljósmyndari - Erna og Elísabet.

Forsíðan á 1. tölublaði Reykjavík Makeup Journal, Andrea Röfn situr fyrir á forsíðumyndinni.



Erna og Tinni Snær í brunch á uppáhaldsveitingastaðnum þeirra The Coocoo's Nest.



Með troðfulla tösku af Real Techniques-burstum á kynningu hjá förðunarfræðinga á Íslandi.

# SNJALLSÍMAR

FÖSTUDAGUR 25. OKTÓBER 2013 | Kynningarblað iPhone, LG, Samsung, Nokia, viðgerðir og viðhald

# Vinsælir iPhone-símar og úrval frábærra aukahluta í iStore

Mikil sala hefur verið á iPhone-símum hérlendis undanfarin ár. Í verslun iStore í Kringlunni fást úrval vara frá Apple, þar á meðal iPhone-símar og frábært úrval aukahluta. Verkstæðisþjónusta verslunarinnar er einstök í sinni röð.

iStore í Kringlunni er sérverslun með vörur frá Apple og selur meðal annars gott úrval af iPhone-símum. Sá nýjasti í línunni er iPhone 5s, sem er að sögn Sigurðar Helgasonar, eiganda fyrirtækisins, tvöfalt hraðvirkari en fyrirrennari hans. „Örgjörvinn og grafíkvinnslan eru mun öflugri. Nýi iPhone-síminn getur til dæmis tekið upp myndbönd í „slow motion“ og 120 ramma á sekúndu. Síminn hefur einnig mun betra flass en aðrir iPhone-símar. Nú eru engar bláar eða grænar myndir heldur er liturinn fullkominn enda litastillir flassið sig að myndefninu. Myndavélin í símanum er auk þess 33% ljósnæmari en í eldri gerðum.“

Símarnir fást í nokkrum litum og er sá gulllitaði vinsælastur að sögn Sigurðar. „Nýi síminn inniheldur 64 bita örgjörva sem hentar vel fyrir flókna vinnslu sem mörg öpp krefjast í dag. Hann inniheldur einnig örgjörva sem sér um alla hreyfiskynjun í símanum, sem meðal annars tengist hreyfiskynjun og áttavita. Þetta er örgjörvi sem verður örugglega mikið notaður í líkamsrækt í framtíðinni. Hann tekur litla orku og sparar rafhlöðuna á meðan hann er notaður í ræktinni.“








## Skemmtilegir aukahlutir

Í verslun iStore er boðið upp á fjölda aukahluta fyrir iPhone-síma. „Við bjóðum upp á öfluga púlsmæla sem eru nauðsynlegur hluti líkamsræktarinnar. Púlsmælirinn gefur notandanum nákvæmar upplýsingar um árangur æfingarinnar, reiknar út vökvatap og hversu margar hitaeiningar viðkomandi missti.“

Þar fæst einnig iGrill sem stungið er í steikina þegar hún er grilluð eða sett í ofn. „Þannig getur maður fylgst með steikinni gegnum símann og hann lætur vita þegar steikin er tilbúin. Þetta er algjör snilld.“

Vatnsþétt hulstur utan um símann hafa verið vinsæl hjá þeim sem fara á jökla, niður á strönd eða sigla á bátum. „Við seljum tvær gerðir vatnsheldra hulstra frá vönduðum framleiðendum. Með þeim er hægt að taka myndir ofan í vatninu og ef síminn hringir er hægt að svara beint í hann og nota með eðlilegum hætti þótt hann sé í hulstrinu.“ Auk vatnsheldra hulstra er fjöldi hefðbundinna hulstra í boði í ótal litum og mynstrum.

Annar skemmtilegur aukahlutur sem vakið hefur mikla athygli er AR.Drone-þyrlan. Í henni er myndavél og hún kemst í 50 metra hæð. „Þyrlan er mjög stöðug og það er ferlega gaman að leika sér að henni. Þá fylgist maður með myndavélinni úr símanum á jörðu. Ég skoðaði til dæmis þakið á húsinu mínu um daginn til að sjá ástand þess.“







Í verslun iStore í Kringlunni fást fjöldi skemmtilegra aukahluta fyrir iPhone síma.
MYND/DANÍEL OG VALLI

## Öflug viðgerðarþjónusta

Viðgerðarþjónusta iStore afgreiðir um 96% allra viðgerða samdægurs, sem verður að teljast einstakur árangur. „Yfirleitt þurfa viðskiptavinir bara að bíða í 1-2 klukkustundir. Auk þess er viðgerðarþjónustan opin sjö daga vikunnar og erum við örugglega eina viðgerðarstofan sem býður svo góða þjónustu.“ Sigurður bendir á mikilvægi þess að ef símaeigendur lenda í vatnstjóni eigi alltaf að slökkva strax á símanum. Ekki má kveikja aftur heldur þarf að koma honum í hendur fagaðila. „Við höfum bjargað alveg ótrúlegum tilfellum, símum sem hafa legið utandyra í fjóra mánuði yfir veturinn. Viðgerðarþjónustan leggur mikið upp úr góðri aðstöðu, fagmennsku og snöggri þjónustu.“

Hinn 1. nóvember mun iStore hefja sölu á iPad Air, nýjustu spjaldtölvuafurð Apple. „Hún vegur 453 grömm og er tvöfalt hraðvirkari, mun þynnri og nettari og útlitið er nýtt. Við erum virkilega spennt yfir þessari vöru.“

# LG er sá besti á markaðinum

G2-snjallsíminn frá LG er sá besti á markaðinum, samkvæmt breska netmiðlinum PC Advisor, og hefur klárlega blandað sér í toppbaráttuna. Síminn hefur fengið frábæra dóma fyrir myndavél, rafhlöðuendingu, hönnun, notendaviðmót og skjá. Á næstunni kemur á markað G Pad-spjaldtölva sem er hluti af G-línunni, nýrri vörulínu LG. G Pad hefur hlotið frábæra dóma og inniheldur alla helstu eiginleika G2-símans, auk 8,3 tommu háskerpuskjás.

LG G2-snjallsíminn er sérhannaður með þarfir notenda í fyrirrúmi og segja má að síminn hafi lært af notendum sínum," segir Guðni Kristjánsson, framkvæmdastjóri og eigandi Actus, sem er umboðsaðili LG-síma á Íslandi.

Guðni segir G2-snjallsímann marka upphaf margra nýjunga í notendaviðmóti.

„Þar má nefna KnockOn sem gerir notendum kleift að banka tvisvar á skjá símans til að vekja hann og SlideAside sem er ný leið til að vinna í mörgu í einu, einfaldlega með því að nota þrjá fingur til að flakka á milli forrita. Þá er ótalið GuestMode sem býr til gestaaðgang að símanum, ákveður hvað þar er hægt að gera og er tilvalinn fyrir börn og takmarkaðan aðgang þeirra að fyrirfram ákveðnum forritum," útskýrir Guðni.

Meðal annarra nýjunga í notendaviðmóti LG G2 er QuickRemote.

„QuickRemote leysir af allar fjarstýringar heimilisins, hvort sem það er fyrir sjónvarp, afruglara eða útvarp. G2 er með innbyggðan, innrauðan sendi sem getur lært á allar tegundir tækja og frá öllum framleiðendum," upplýsir Guðni.

G2-snjallsíminn er einnig hnappalaus á hliðum.

„Þess í stað eru hnapparnir fyrir miðju á baki símans þar sem vísifingur er alltaf laus. Það dregur úr líkum á að notendur missi síma sína úr höndunum," segir Guðni.

+ Umsögn gagnrýnanda Mobilsiden.dk: „LG G2 fær sex stjörnur af sex mögulegum."

## Ótrúlegur skjár

Skjár LG G2 er 5,2 tommu og í fullri háskerpu.

„Tæknin á bak við skjáinn skilar raunverulegri litum, meiri birtu og mun betri skerpu en skjáir samkeppnisaðila," segir Guðni.

+ Umsögn gagnrýnanda Theverge.com: „LG negldi það. Skjárinn er bjartur, skýr og nokkurn veginn allt sem þú vilt frá snjallsímaskjá."

## Stafrænar myndavélar kvaddar

LG G2 er útbúinn 13 MP-myndavél með „Optical Image Stabiliation" eða fljótandi linsu.

„Fljótandi linsa er besta hristivörnin sem völ er á og skilar skýrari myndum við léleg birtuskilyrði eða hristing við myndatöku," útskýrir Guðni.

Hann segir myndbandsupptöku í LG G2 með því besta sem býðst í snjallsímum.

„G2 tekur myndbönd í 60 römmum á sekúndu og í fullri háskerpu í stað 30 ramma á sekúndu eins og gerist hjá flestum samkeppnisaðilum LG. Við það verða myndböndin miklum mun skýrari og eðlilegri á að horfa," segir Guðni.

+ Umsögn gagnrýnanda Thegadgeteer.com: „Myndavél G2 er það góð að þú getur skilið stafrænu myndavélina þína eftir heima fyrir fullt og allt."

## Öflugasti örgjörvi sem völ er á

LG er í nánu samstarfi við fremsta örgjörvaframleiðanda heims: Qualcomm.

„G2 er fyrsti síminn til að nota nýjasta örgjörva Qualcomm, Snapdragon 800 2.3 gHz. Það þýðir að síminn hlýðir skipunum um leið og þær berast og án allra hnökra," útskýrir Guðni.

+ Umsögn gagnrýnanda Laptopmag.com: „LG G2 er hraðvirkasta Android-tæki sem sést hefur."

## Rafhlöðuending sem ekki hefur sést áður

Rafhlaða LG G2 er 3.000 mAh. Til að setja það í samhengi getur meðalsnjallsímanotandi notað G2 í allt að þrjá sólarhringa.

„Slík rafhlöðuending hefur ekki sést áður í snjallsíma og nýtist 4G-notendum einkar vel, þar sem 4G er orkufrekara en til dæmis 3G," útskýrir Guðni.

+ Umsögn Magnúsar T. Magnússonar, starfsmanns ELKO og notanda LG G2: „Ég náði að nota G2 í 63 klukkutíma á einni hleðslu og með töluverðri notkun."

## Aukahlutir

Með QuickWindow-hulstrum fyrir G2 er hægt að nálgast fjölda forrita, svo sem tónlistarspilarann, klukkuna og fleira í gegnum lítinn glugga framan á hulstrinu, án þess að opna hulstrið. Hulstrin fást í öllum regnbogans litum.

Sjá nánar á www.lgsimar.is/g2



Guðni Kristjánsson er eigandi og framkvæmdastjóri Actus sem er umboðsaðili LG-síma á Íslandi. MYND/STEFÁN



Myndavélin í LG G2 þykir svo góð að hægt er að kveðja stafrænu myndavélina fyrir fullt og allt. Á bakinu eru nú takkar sem áður voru á hlið símans.



QuickWindow-hulstrin fást í öllum regnbogans litum.

*Learning from You*

# LG G2

## Umsagnir um LG G2...

„**Myndavélin** slær myndavél Samsung Galaxy S4 við **og meira til...**" - phoneArena.com

„**hraðasta Android** tæki sem ég hef séð" LAPTOP

„Samsung og Apple munu **svitna með tilkomu LG G2**" - DIGITAL TRENDS

★★★★★★

„**LG G2** fæ **6 stjörnur af 6**"
**MOBILSIDEN.DK**





G2 er öflugur snjallsími sem er ætlaður fyrir breitt svið einstaklinga. Hann er með yfirburða vélbúnað eins og 5.2" IPS Háskerpuskjá, 3000 mAh rafhlöðu, 13MP myndavél með fljótandi linsu (OIS) og síðast en ekki síst nýjasta og öflugasta Snapdragon 800 fjórkarna örgjörvanum sem er 2.3 GHz.

- 5.2" Full HD IPS+ skjár
- 2.26 GHz Qualcomm® Snapdragon™ 800 Fjórkarna Örgjörvi
- Einstök 13MP myndavél með fljótandi linsu (OIS)
- 3.000 mAh SIO+ rafhlaða
- 4G
- Android 4.2.2 stýrikerfi
- 32GB minni
- 2GB vinnsluminni

IPS FULL HD | Smartly Powered BATTERY SIO+ 3,000 FASTER & LONGER | Optical Image Stabilizer | Qualcomm snapdragon

www.lgsimar.is/lg2

LG Lífið er gott

> **„Miðað við viðtökurnar tel ég ekki ólíklegt að Galaxy S4 vinni til verðlauna þegar árið 2013 verður gert upp“**







Sveinn Tryggvason, framkvæmdastjóri Tæknivara, segir þróun Samsung símanna síðustu tvö árin með ólíkindum.

# Samsung á sigurbraut

**Samsung hefur farið hamförum undanfarin misseri og sent frá sér hvert tækið á fætur öðru sem farið hefur sigurför um heiminn. Íslenskir neytendur hafa tekið Samsung fagnandi og virðast kunna að meta tæki sem skilja íslensku. Með glænýrri öryggistækni hyggst Samsung auka yfirburði sína enn frekar – ekki síst gagnvart fyrirtækjum sem vilja treysta öryggismál sín.**

Sveinn Tryggvason, framkvæmdastjóri Tæknivara, sem er dreifingar- og þjónustuaðili fyrir Samsung Mobile á Íslandi, segir þróun síðustu tveggja ára hafa verið með ólíkindum. „Samsung Galaxy snjallsímarnir ruddu brautina og voru Galaxy S2 og Galaxy S3 valdir símar ársins 2011 og 2012. Miðað við viðtökurnar tel ég ekki ólíklegt að Galaxy S4 vinni til verðlauna þegar árið 2013 verður gert upp enda bendir allt til þess að Galaxy S4 verði söluhæsti síminn á Íslandi á árinu 2013.“

## Máltækni: „Fáðu þér síma sem skilur þig“

Galaxy-símarnir og spjaldtölvurnar frá Samsung skilja íslensku. Þau skilaboð meðtóku fjölmargir Íslendingar í gegnum víðfræga auglýsingu frá í sumar, sem yfir milljón manns sáu á YouTube, þar sem dansandi ninjur og sauðkind voru í fyrirrúmi. Færri þekkja til tækniundursins sem býr að baki þessari byltingu. Aðspurður segir Sveinn að Íslendingar muni þurfa að gefa svokallaðri máltækni (e. language technology) meiri gaum á komandi árum.

„Já, eigendur snjallsíma víða erlendis á stórum málsvæðum hafa um nokkurt skeið getað nýtt sér ýmiss konar máltækni, sem eru aðferðir til að tengja saman tungumál og tölvutækni, til þess að gefa tækjum sínum raddskipanir sem virkja ýmsa eiginleika tækjanna. Til dæmis til að hringja, senda smáskilaboð og spila tónlist. Ein af hagnýtari birtingarmyndum máltækni er að breyta töluðu máli í texta þar sem m.a. er notast við svokallaðan talgreini. Þar til fyrir skömmu hefur þessi tækni aðeins verið í boði fyrir ákveðin tungumál og hefur íslenska ekki verið meðal þeirra. Í dag geta notendur Galaxy-síma og spjaldtölva til að mynda talað við tækin í stað þess að stimpla inn texta með lyklaborðinu,“ segir Sveinn.

Að baki þessari tækninýjung er þróunarsamstarf Google, Háskólans í Reykjavík og Máltækniseturs. „Þessir aðilar stóðu m.a. að söfnun íslenskra raddsýna í opinn gagnagrunn sem kallast Almannarómur og geta notendur Android-snjalltækja nú byrjað að nýta máltækni sér til aðstoðar, hagræðis og yndisauka. Þetta er meiriháttar nýjung fyrir íslenska notendur snjallsíma sem á erindi við íslenskan almenning sem hingað til hefur ekki getað gefið símtækjum sínum skilaboð á sínu móðurmáli. Innan fárra ára mun máltækni geta haft áhrif á það hvernig við kveikjum á raftækjum eða ræsum bílinn. Okkur Jónasi Hallgrímssyni þætti miður ef Íslendingar þyrftu segja „start engine“ á ensku í stað þess að nota okkar ástkæra og ylhýra móðurmál,“ bætir Sveinn við.

## ÖRYGGISMÁL – SAMSUNG LOFAR GÓÐU MEÐ KNOX

**Snjalltæki hafa** ekki bara rutt sér leið inn á heimili landsmanna. Mjög margir nota þessi tæki í vinnunni og hafa ófá fyrirtæki og stofnanir opnað fyrir aðgang snjalltækja á vinnustað. Sum þessara tækja eru raunar komin býsna langt inn fyrir eldveggi og aðrar öryggisvarnir. Mörg fyrirtæki hafa gert sér grein fyrir, að halda þurfi utan um snjallsíma og spjaldtölvur með sambærilegum hætti og annan tölvubúnað sem fær aðgang að gögnum fyrirtækisins.

Þar kemur til skjalanna svokölluð tækjastjórnun (e. Mobile Device Management, MDM) þar sem tölvudeildir vinnuveitandans setja reglur um hvað notendur snjalltækja innan þeirra vébanda mega og mega ekki gera. Þannig má hugsa sér að vinnuveitandi banni notkun á tilteknum snjallforritum í þeim tækjum sem tengjast neti fyrirtækisins: banni Facebook, banni notkun myndavéla eða Dropbox, svo einhver dæmi séu tekin. Þess háttar íhlutanir falla ekki allar jafn vel í kramið hjá starfsmönnum, sem finnst snjalltækin þeirra allt í einu ekki svo snjöll þegar búið er að banna uppáhalds„öppin“.

**Glæný lausn** frá Samsung, Samsung Knox, brúar á vissan hátt bilið milli upplýsingaöryggis fyrirtækisins annars vegar og frelsis starfsmannsins til einkalífs hins vegar.

Til einföldunar má segja að það sem Samsung Knox gerir sé að búa til tvö aðskilin sýndartæki í einu og sama sama tækinu. Annað sýndartækið er í umsjá og á forræði fyrirtækisins og lýtur þeim reglum sem fyrirtækið setur og hefur því aðgang að þeim netum, kerfum og gögnum sem starfsmaðurinn þarf á að halda starfs síns vegna. Hitt sýndartækið er alfarið á forræði starfsmannsins. Ekki er mögulegt að afrita eða flytja gögn frá öðru sýndartækinu til hins. Í meginatriðum er virkni milli sýndartækjanna tveggja líkt og um tvö aðskilin tæki væri að ræða.

**Samsung Knox** er þegar uppsett í nýjustu snjalltækjum frá Samsung, Galaxy Note 3 og ofurspjaldtölvunni Galaxy Note 10.1 2014 Edition, en gert er ráð fyrir að Knox muni líka virka með Galaxy S4 og Galaxy S3 innan skamms.




Samsung Knox er glæný lausn frá Samsung.

SAMSUNG




## Fáðu þér síma sem veitir þér frelsi

Með Samsung Galaxy S4 ert þú við stjórnvölinn. Þú getur aðlagað símann að þínum þörfum, sett upp eigin flýtileiðir og verið skilvirkari í leik og starfi.

**Kynntu þér málið á GalaxyS4.is**

Samsung GALAXY S4

# Lífið í símanum

Fyrir örfáum áratugum hefði fáa órað fyrir þeim tæknibreytingum sem orðið hafa í heiminum. Snjallsíminn er til dæmis undratól sem hefur sameinað hin ótrúlegustu tæki í einum litlum töfrakassa sem passar í alla vasa. Hér má sjá örfá dæmi um það hvað snjallsíminn er fær um að afreka.











**Myndavél**
Myndavélar eru í öllum snjallsímum og flestar með fín gæði. Þó að gömlu vélarnar lifi góðu lífi þykir mörgum kostur að geta hlaðið myndum beint niður á samfélagsmiðla til að deila þeim með vinum og ættingjum.

**Áttaviti**
Lítið mál er að rata með aðstoða símans. Ýmis forrit geta sýnt áttirnar eða þjónað sem GPS-tæki. Þá er einnig hægt að hlaða niður fjölda korta til að rata eftir.

**Klukka**
Mjög margir eiga ekki lengur hefðbundna vekjaraklukku heldur treysta símanum til að vekja sig á morgnana.

**Dagbók**
Ekki þarf lengur að burðast með þungar dagbækur til að halda utan um skipulagið. Nú má skipuleggja lífið með forritum í símanum.

**Tölva**
Snjallsími er í raun eins og lítil tölva. Þar má fara á netið og senda tölvupóst og gera flest það sem fartölvur bjóða upp á.

**Sími**
Þó að notkunarmöguleikarnir séu óþrjótandi er snjallsími þó fyrst og fremst sími.

**Tölvuleikur**
Leikjamöguleikarnir eru æði margir í snjallsímum. Þar má finna allt frá Candy Crush og köplum til flókinna skot- og eltingaleikja.

**Bókasafn**
Afþreyingarmöguleikar snjallsímans eru miklir. Gamla góða bókin gengur í endurnýjun lífdaga á rafrænu formi sem hægt er að lesa í gegnum símann.










# Símabær stækkar og eflist í Ármúla

Símabær er eitt elsta fyrirtæki sinnar tegundar á landinu. Verslunin hefur verið í Mjódd og Ármúla 11 en ný og glæsileg verslun verður opnuð í Ármúla 38 á næstu dögum.

Gylfi Gylfason, framkvæmdastjóri Símabæjar, segir að verslunin stækki mikið þessa dagana. „Við opnuðum nýja verslun í Ármúla 11 í sumar en nú er sú verslun að flytja í framtíðarhúsnæði í Ármúla 38. Þá erum við eiginlega komin heim því starfsemin byrjaði á þeim slóðum í fyrstu. Síðustu árin höfum við verið í Mjóddinni en með því að opna stærra húsnæði í Ármúla getum við flutt heildsölu og útflutningsstarfsemi Símabæjar og stækkað verslunina í Mjódd í kjölfarið,“ segir Gylfi.

„Velgengni Símabæjar má þakka það að ég hef brugðist við þeim breytingum sem orðið hafa á þessum markaði en ég er nánast síðasti sjálfstæði símtækjasalinn í borginni. Ástæða þess að fáir bjóða upp á farsíma er sú að með G3-byltingunni hér á landi leyfði Samkeppnisstofnun símafélögunum að hirða 80-90% af símtækjasölu í landinu. Þeir buðu síma tengda símtalaþjónustu í áskrift. Það hafði neikvæð áhrif fyrir neytendur því lengst af voru eingöngu tvö verkstæði sem þjónustuðu yfir 200 þúsund farsíma. Auk þess eru eingöngu fluttir inn símar sem símafélögin vilja bjóða,“ segir Gylfi.

„Ég er með viðgerðar- og varahlutaþjónustu og hef þannig komið til móts við viðskiptavininn. Að auki býð ég tveggja korta síma sem hafa slegið í gegn. Með tveggja korta síma getur fólk keypt frelsiskort í útlöndum, sett í símann og hringt og farið inn á netið mun ódýrara en annars. Símnotendur fá þá ekki himinháa símreikninga þegar þeir koma heim. Unglingar hafa keypt tveggja korta síma og nota kort frá tveimur símfélögum, nýta sér fríðindi og ókeypis vinasímtöl frá báðum,“ útskýrir Gylfi.



Gylfi Gylfason sneri vörn í sókn þegar símafyrirtækin tóku simtækjamarkaðinn og er nú með alþjóðlega smásöluverslun.

„Eftir að rekstrargrundvellinum var kippt undan Símabæ ákvað ég að snúa vörn í sókn og fara í útrás. Ég er til dæmis með verslun á ebay og sel símavarahluti og íslenskar vörur til útlanda. Ég hlakka mikið til þegar fríverslunarsamningur tekur gildi á milli Íslands og Kína því það mun hjálpa mér að kynna vörur og þjónustu frá Íslandi,“ segir Gylfi sem er með alþjóðlega smásöluverslun. „Við seljum varahluti og kennum fólki að lagfæra einfaldar bilanir. Smásalan fór að blómstra eftir að ég gafst upp á íslenskum heildsölum. Núna flyt ég allar mínar vörur inn sjálfur og get boðið margfalt lægra verð en aðrir á aukahlutum fyrir farsíma,“ segir Gylfi sem býður einnig upp á námskeið fyrir fólk sem hefur hug á að vera ebay-söluaðilar og skapa sér vinnu á þeim söluvef.

**Nánari upplýsingar má fá á vefnum simabaer.is**

## SNJALLIR SÍMAR




**Samkvæmt markaðsrannsóknafyrirtækinu** Strategy Analytics er yfir milljarður snjallsíma í notkun í heiminum í dag. Þeim hefur fjölgað hratt undanfarin tvö ár og spáir fyrirtækið því að annar milljarður snjallsíma hafi bæst við árið 2015. Í upphafi var Nokia ráðandi á þessum markaði en allt breyttist þegar Apple kynnti iPhone til sögunnar árið 2007. Í dag eru Apple og Samsung helstu fyrirtæki á snjallsímamarkaði. Um fimm milljarðar farsíma eru í notkun í heiminum í dag og eru snjallsímar því um 20% allra síma í dag. Rúmlega fjórðungur snjallsíma eru iPhone-símar og tæplega helmingur þeirra er með Android-stýrikerfi.

**Samkvæmt skýrslu** Strategy Analytics nota 89% snjallsímaeiganda símann jafnt og þétt allan daginn. Flestir nota símann til að ráfa um netið, skoða sms-skilaboð, athuga tölvupóstinn, spila leiki og auðvitað til að kíkja á samfélagsmiðla eins og Facebook, Twitter og Instagram.

**Stærstur hluti** snjallsímaeigenda í heiminum í dag er undir 35 ára aldri og kynjaskiptingin er nokkuð jöfn en aðeins fleiri karlmenn eiga snjallsíma í dag. Aldurshópurinn 25-34 ára er virkasti hópurinn samkvæmt sömu skýrslu.

**Það eru** íbúar Singapúr sem nota snjallsímann mest og í öðru sæti eru íbúar Kanada. Þar á eftir fylgja Hong Kong, Svíþjóð, Spánn og Bandaríkin. Á Norðurlöndunum eru öflugir snjallsímanotendur en þrjár Norðurlandaþjóðir eru á lista yfir tíu efstu þjóðir í snjallsímanotkun.



# Eins og í Bond-bíómynd

**Nýjasta vara Samsung er Galaxy GEAR-snjallúr. Hægt er að taka á móti símtölum, lesa tölvupóst og hringja úr úrinu og segir Harald Pétursson, yfirmaður viðskiptaþróunar hjá Nova, tæknina sem við höfum áður einungis séð í bíómyndum orðna að veruleika.**

Samsung hefur lengi staðið í fremstu röð hvað varðar tækninýjungar og leggur fyrirtækið allt kapp á að vera framarlega í þróun á nýjum tækjum og búnaði. Nú hefur Samsung enn á ný skotið keppinautum sínum ref fyrir rass með því að vera fyrst til að bjóða upp á snjallúr.

„Samsung Galaxy GEAR-snjallúrið er aukahlutur fyrir hetjutæki Samsung og virkar nú þegar með Note-tækjunum og mun síðar einnig virka með Galaxy S4, SIII og fleiri tækjum,“ útskýrir Harald Pétursson, yfirmaður viðskiptaþróunar hjá Nova í Lágmúla.




„Þótt snjallúrin séu í hugum margra eitthvað sem á heima í vísindaskáldsögum og Bondmyndum er hér á ferðinni skemmtileg og hagnýt viðbót við tækin sjálf,“ bætir hann við og segir helstu kosti Galaxy GEAR vera þá að úrið virkar sem handfrjáls búnaður.

„Það er hægt að taka á móti símtölum og hringja beint úr úrinu. Í því er innbyggð 2MP myndavél auk þess sem hægt er að lesa skilaboð, hluta úr tölvupóstum og taka á móti tilkynningum frá Facebook svo eitthvað sé nefnt. Nokkur „öpp“ eða forrit virka einnig nú þegar í úrinu og má þar helst nefna Facebook-tilkynningar, Snapchat, Vine og RunKeeper. Fleiri „öpp“ bætast við nánast daglega og reikna má með að innan skamms verða öll helstu „öpp“ fáanleg í GEAR. GEAR er einfaldlega frábær viðbót við snjallsímann og má gera ráð fyrir því að innan fárra ára verði snjallúr á hendi hvers manns.“



Nokkur „öpp“ eða forrit virka nú þegar í úrinu og má þar helst nefna Facebook-tilkynningar, Snapchat, Vine og RunKeeper.

> **GEAR er einfaldlega frábær viðbót við snjallsímann og má gera ráð fyrir því að innan fárra ára verði snjallúr á hendi hvers manns.**



Hægt er að taka á móti símtölum og hringja beint úr úrinu. Í því er innbyggð 2MP myndavél auk þess sem hægt er að lesa skilaboð og hluta úr tölvupóstum.






Myndflagan í Lumia 1020 er risastór. Linsan er auk þess fljótandi sem býður upp á mikla möguleika við myndbandsupptökur og myndatökur við slæm birtuskilyrði. MYND/GVA

# Lumia sækir í sig veðrið

Nokia-snjallsímar hafa tekið umfangsmiklum breytingum að undanförnu og þar ber hæst nýtt Windows Phone 8 stýrikerfi sem Microsoft og Nokia innleiddu fyrir um ári. Það býður upp á mjög handhæga tengingu við far- og spjaldtölvur með Windows-stýrikerfi auk þess að vera miðað algjörlega að notandanum með þægilegu og einföldu viðmóti.

Þrjú helstu snjallsímakerfi í heiminum í dag eru iOS fyrir iPhone, Android og svo Windows Phone sem er yngst,“ segir Þorsteinn Þorsteinsson, vörustóri hjá Hátækni. Um það bil ár er síðan Windows Phone 8 stýrikerfið kom á markað en það er að sögn Þorsteins mjög breytt frá fyrra Windows-snjallsímakerfi sem hét Windows Phone 7. „Windows Phone 8 stýrikerfið er með sívaxandi markaðshlutdeild í heiminum. Í Evrópu er hún orðin 9,5 prósent. Í Póllandi, þar sem hún er hvað hæst, er hún komin í 19 prósent og í Bretlandi um 12% sem verður að teljast góður árangur á einu ári.“

Windows Phone 8 tengist að miklu leyti Windows 8 stýrikerfinu sem er í langflestum nýjum tölvum og var uppfært í Windows 8.1 á dögunum. „Hugmyndin var að byggja upp heildstætt stýrikerfi í síma, spjaldtölvur og fartölvur sem talar saman. Það sem Windows hefur hins vegar fram yfir önnur er að 90-95 prósent af öllum fyrirtækjum notast við Microsoft-lausnir og eru langflestar tölvur í heiminum með Windows-stýrikerfi.“

## Framúrskarandi myndavélar

Fjölmargar gerðir Nokia-síma eru á markaðnum auk þess sem spennandi nýjungar eru væntanlegar. Þorsteinn nefnir Nokia Lumia 1020 en hann er búinn 41 megapixils Carl Zeiss-myndavél. Hún er án nokkurs vafa sú langbesta sem hefur sést í snjallsíma en bestu vélar hingað til hafa verið með 12 til 13 megapixla vél. „Hér er farið alla leið. Myndflagan er risastór og linsan fljótandi sem býður upp á mikla möguleika meðal annars við myndbandsupptökur og ljósmyndatökur við slæm birtuskilyrði. Þá er vélin búin xenon-flassi sem tíðkast yfirleitt ekki í snjallsímum heldur aðeins í hefðbundnum myndavélum.“ Þorsteinn segir þetta ekki koma á óvart en að hans sögn hefur Nokia alltaf skarað fram úr þegar kemur að símamyndavélum.




Lumia 1020-snjallsíminn er búinn 41megapixils myndavél sem er að sögn Þorsteins sú besta sem sést hefur í snjallsímum hingað til.

Lumia 925 ber því líka vitni. Hann er öllu þynnri og handhægari. Hann er búinn 8,7 megapixla Carl Zeiss-myndavél með fljótandi linsu og kemur oft upp sem næstbesta símamyndavélin á markaðnum á eftir Lumia 1020. Báðir símarnir styðja 4G sem er að sögn Þorsteins farið að skipta æ meira máli. Í dag er einungis eitt félag búið að setja það í loftið en Þorsteinn á von á því að hin fylgi í kjölfarið á næstu vikum.



Fyrsta Nokia-spjaldtölvan er væntanleg. Eins og sést verður auðvelt að smella á hana lyklaborði.

## Allir styðja 4G

„Eins og þekkt er þá styður iPhone ekki ennþá 4G á Íslandi þótt hann geri það í flestum öðrum löndum. Lumia-símarnir styðja langflestir 4G beint upp úr kassanum. Þá býður Nokia einnig upp á Lumia 625 sem er ódýrasti valkostinn í 4G-símunum í dag. Nokia stendur því framarlega í 4G-væðingunni en 4G gefur 10-15 sinnum hraðari nettengingu en 3G.“

## Spjaldsímar og fyrsta Nokia-spjaldtölvan

Fleiri sjóðheitar nýjungar eru svo væntanlegar innan skamms en Nokia kynnti þær á Nokia World í Abu Dhabi fyrir skemmstu. Um er að ræða tvenns konar spjaldsíma og fyrstu Nokia-spjaldtölvuna. „Hvað varðar spjaldsímana er um að ræða sex tommu tæki. Annar er búinn hefðbundinni myndavél og hinn mjög öflugri 20 megapixla Carl Zeiss-myndavél.“ Þorsteinn segir spjaldsímana mitt á milli snjallsíma og spjaldtölvu og nefnast þeir Phablets á ensku. „Þessir símar eru að sækja í sig veðrið og þá sérstaklega í viðskiptalífinu. Þar eru menn oft að vinna með Office-skjöl eins og PowerPoint og Excel og þá getur verið gott að hafa stærri skjá. Sumum þykja fjögurra tommu skjáir hreinlega of litlir.“

Á ráðstefnunni var fyrsta Nokia-spjaldtölvan sömuleiðis kynnt til sögunnar. Hún er með Windows 8.1 stýrikerfi og þykir afar vönduð. Hún er búin tíu tommu skjá og usb-tengi auk þess sem auðvelt er að smella á hana lyklaborði svo dæmi séu nefnd. Þorsteinn segir klárlega um að ræða eina mest spennandi spjaldtölvu á markaðnum. „Hún styður að sjálfsögðu 4G og mun koma á markaðinn á flottu verði.“

## Einfaldleikinn í fyrirrúmi

Þorsteinn segir Nokia hafa átt á brattann að sækja frá því að ákveðið var að skipta um snjallsímastýrikerfi. „Notendur þurfa tíma til að venjast því en til lengri tíma litið tel ég engan vafa á að þetta hafi verið gæfuspor enda eru Windows Phone og Windows 8 hönnuð með það í huga að vera auðveld og einföld í notkun. Tengingin á milli kerfa er sömuleiðis frábær og eru þeir sem prófa fljótir að læra að meta samhæfinguna milli fartölvu, spjaldtölvu og farsíma.“



Lumia-spjaldsímarnir eru búnir sex tommu skjá en spjaldsímar eru að sækja verulega í sig veðrið.

# Þitt heimili þín stund



4200 ljós
Verð frá 94.900 kr.

Ventura Lounge hægindastóll
Verð frá 499.900 kr.

M-sófi
Verð frá 229.900 kr.

Eclipse sófaborð
Verð frá 29.900 kr.

Patchwork gólfmotta
Sniðin eftir máli. Verð pr. fm 75.900 kr.

## Góð hönnun gerir heimilið betra

Við leggjum mikinn metnað í að bjóða aðeins vandaðar vörur og tefla fram því besta í evrópskri hönnun. Úrvalið einkennist af fallegri og fjölbreyttri hönnun sem stenst tímans tönn. Markmið okkar er að aðstoða viðskiptavini við að fegra heimili sín.




Omaggio vasi / Verð frá 8.990 kr. | Lalinde sófaborð / Verð frá 49.900 kr. | Miho hreindýr / Verð frá 5.500 kr. | Pasmore stóll / Verð frá 379.900 kr. | Cucu klukka 33 sm / 12.900 kr.




Ilmkerti / Verð frá 6.900 kr.*

*15% kynningarafsláttur af öllum vörum frá Jonathan Adler til 1. nóvember.

MÓDERN

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 11–18 • LAUGARDAGA KL. 11–16 • HLÍÐASMÁRA 1 • 201 KÓPAVOGUR • 534 7777 • modern.is

PIPAR\TBWA • SÍA







# MATUR HVAÐ Á AÐ BORÐA Á MILLI MÁLA?

***Ásthildur Björnsdóttir, hjúkrunarfræðingur og einkaþjálfari, heldur úti Facebook-síðunni Matur milli mála.***

Það er mín ástríða að vera í eldhúsinu og það er búið að vera svo mikill áhugi á síðunni sem hvetur mig til að halda áfram," segir Ásthildur Björnsdóttir, sem nú býr í Rotterdam. Ástæðuna fyrir síðunni á Facebook segir hún vera viðskiptavinina á Íslandi, sem hún er með í fjarþjálfun en hún er bæði einkaþjálfari og hjúkrunarfræðingur að mennt. Það má segja að líf Ásthildar snúist mikið um heilsusamlegt líferni – hún er einnig að læra heilsumarkþjálfun við Institute for integrative nutrition í New York. Margar uppskriftanna á síðunni eru glútenlausar, mjólkurlausar, sykurlausar og án eggja. Hún segist hvorki nota hvítt hveiti né hvítan sykur heldur noti hún frekar banana, döðlur, hunang og annað slíkt til að fá sætuna. „Ég elda allan mat frá grunni því ég er bara svo forvitin að eðlisfari að ég vil vita nákvæmlega hvað ég er að bjóða fjölskyldunni að borða," segir hún að lokum.

## GRÆNMETIS-SUSHI

### Innihald

*1½ bolli brún soðin hrísgrjón*
*2½ msk. brown rice vinegar (edik)*
*1½ msk. rice malt-síróp*
*½ tsk. sjávarsalt*
*2 noriblöð*

*Fylling t.d. agúrkur, mangó, gulrætur, avokadó og ristuð sesamfræ.*



### Aðferð

*Hrísgrjónum, ediki, sírópi og salti blandað saman.*

*Dreift á noriblöðin – um 1½ cm af endanum fjær á að vera vera án hrísgrjóna – það svæði er notað til að loka rúllunni.*

*Fyllingunni komið fyrir á endanum sem er næst þér og svo er bara að rúlla blöðunum upp. Byrjaðu á endanum næst þér, svona eins og þegar svefnpoka er rúllað saman. Gott er að bleyta aðeins tóma endann fjær þér svo að rúllan lokist betur saman.*

*Borið fram með wasabi og sojasósu.*



Ásthildur Björnsdóttir og eiginmaður hennar eru dugleg að hreyfa sig saman.






Brynjar Karl og Unnur María Birgisdóttir framkvæmdastjóri Keyhabits.is

# LÍFSSTÍLL TIL FRAMBÚÐAR

***Brynjar Karl er maðurinn á bak við hugbúnaðar- og markmiðafyrirtækið Keyhabits.is á Íslandi.***

Það kannast eflaust margir við að upplifa streitu og lifa ruglingslegu lífi þar sem hversdagsleikinn gengur út á vinnu og persónuleg markmið gleymast á leiðinni. Lífsfyllingarlistinn er tómur og skipulagið er lítið sem ekkert. Ráðgjafarfyrirtækið Sitelinessport hefur undanfarin fimmtán ár rekið öflugt hugbúnaðarhús sem býður upp á ráðgjöf fyrir afreksfólk í íþróttum í NBA, bresku úrvalsdeildinni í fótbolta og NFL. Fyrirtækið hefur nú hannað hugbúnað sem heldur utan um gæðastjórnun í þjálfun og persónuleg markmið, þar sem bæði er unnið með líkamlega, huglæga og félagslega þáttinn.

„Þetta er eitt það skemmtilegasta sem ég hef gert. Við erum búin að búa til voldugan hugbúnað í kringum þetta sem við sáum snemma að væri fullkominn fyrir heilsugeirann en jafnframt fyrir fólk eins og þig og mig. Þetta gengur mikið út á að gera fólk sjálfstætt líkt og í fjarþjálfun en okkar mesti styrkur liggur í markmiðastjórnun," segir Brynjar Karl, annar stofnandi Keyhabits." Brynjar Karl segist starfa mikið með Keyhabits á erlendri grundu með fyrirtækjum, íþróttafólki og skólum og bendir á að það sé lítill munur á því að auka afköst starfsmanna í fyrirtækjum og að auka afköst íþróttamanna. „Við leggjum sama vægi á öll markmið en besta streitumeðalið er að hafa skýra stefnu í lífinu og vinna af heilindum að gildismiðaðri markmiðasetningu. Þess vegna eru allir mánuðir meistaramánuðir hjá okkur," segir hann að lokum. Hægt að er að nálgast nánari upplýsingar á keyhabits.is

Mangó Mangó ávextir

AUGLÝSING: REEBOKFITNESS KYNNIR

# DANSAÐ TIL STYRKTAR BLEIKU SLAUFUNNI Í REEBOKFITNESS

**Reebokfitness býður öllum sem vilja að koma í bleikan 90 mínútna Zumbatíma á laugardag. Um er að ræða góðgerðartíma og mun allur ágóði renna til bleiku slaufunnar.**

Reebokfitness býður upp á bleikan Zumbatíma á laugardag. Fyrirmyndin er erlend en Zumbahreyfingin stendur víða fyrir bleikum tímum sem þessum til styrktar baráttunni gegn brjóstakrabbameini. Allur ágóði af laugardagstímanum mun renna til Bleiku slaufunnar á Íslandi.

„Við vorum með sams konar tíma í fyrra og fengum góðar undirtektir. Við ákváðum því að endurtaka leikinn í ár,“ segir Zumbakennarinn Guðný Jóna Þórsdóttir. Tíminn hefst klukkan 11 og Guðný lofar stanslausu stuði til 12:30.

Allir fjórir Zumbakennarar stöðvarinnar munu taka þátt í tímanum og gefa vinnu sína. Tíminn verður öllum opinn en salurinn tekur rúmlega hundrað manns. Aðgangseyrir er enginn en fólki er velkomið að leggja fram frjáls framlög. „Við verðum með söfnunarbauk og hugsanlega posa á staðnum,“ segir Guðný.

Zumba er sambland af dansi og fitness og hefur kerfið farið sigurför um heiminn. Notast er við suðurameríska tónlist og dansa eins og Salsa, Merenge, Cumbia og Reggaeton. Reebokfitness býður upp á ellefu Zumbatíma á viku og eru þeir jafnan vel sóttir.

„Það góða við Zumba er að fólk er fljótt að ná tökum á því. Það getur í raun komið inn af götunni, gengið beint inn í tíma og tekið þátt. Kerfið byggist að miklu leyti á sömu grunnsporunum sem við byggjum ofan á. Eftir örfáa tíma eru því flestir búnir að ná góðum tökum á þessu.“

Þeir sem hafa prófað Zumba vita að þar er stuðið allsráðandi. „Já það er erfitt að vera í fýlu í þessum tímum. Við höfum ljósin slökkt og setjum diskókúlurnar í gang. Það þarf því enginn að hafa áhyggjur af því að aðrir séu að horfa og því hægt að sleppa fram af sér beislinu. Fólk gleymir sér alveg og finnur varla fyrir því að það sé að taka á því. Tónlistin spillir heldur ekki fyrir og tíminn flýgur. Það eru svo glaðbeitt og rennsveitt andlit sem yfirgefa salinn í lok tímans.“

Guðný segir konur í meirihluta þeirra sem sækja tímana. „Karlmönnunum er þó alltaf að fjölga sem er afar ánægjulegt enda hafa þeir ekki síður gaman af þessu.“

Reebokfitness var opnuð í nóvember 2011 og hefur stöðin mælst afar vel fyrir. Hún er björt og rúmgóð og verðið með því lægsta sem þekkist. Allar nánari upplýsingar er að finna á www.reebokfitness.is



Góðgerðartíminn er öllum opinn. Hann hefst klukkan 11 og Guðný lofar stanslausu stuði til 12:30.








## FATASKÁPURINN FANNEY INGVARSDÓTTIR

**1. SKYRTAN** Ég var lengi búin að leita eftir ljósblárri skyrtu og ég rakst á þessa í **Topshop**.
**2. PELSINN** Þennan loðjakka fékk ég mér fyrir stuttu í VILA. Hann er strax í miklu uppáhaldi. Ég var búin að ákveða að fá mér pels fyrir veturinn en fann aldrei þann fullkomna.
**3. KÁPAN** Ég keypti þessa kápu í **Monki** þegar ég var úti í Kaupmannahöfn á dögunum. Ég fell ótrúlega auðveldlega fyrir yfirhöfnum. Mér finnst hún fullkomin á litinn, grá, svona í takt við íslenska veturinn.
**4 HÆLARNIR** Þessir skór frá Billibi úr **GS skóm** hafa nánast fylgt mér hvert sem er seinustu tvö árin. Þeir passa við allt og eru þægilegir og flottir.
**5. ÚRIÐ** Mig var lengi búið að langa í úr frá **Michael Kors**. Ég átti afmæli 24. september sl. og var búin að vera í útlöndum í tvo mánuði þar á undan. Kærastinn minn gaf mér þetta ótrúlega fallega úr þegar ég kom heim. Ég geng með það hvert sem ég fer og gæti ekki verið ánægðari með það.
**6. SKÓRNIR** Grófir skór finnst mér ótrúlega áberandi í vetur. Það kemur sér vel fyrir mig þar sem mér finnst fátt flottara. Ég fékk mér þessa fínu á dögunum í **GS skóm**. Þeir eru frá glænýju merki í búðinni sem heitir To Be Announced.

# ÁN SAMSKIPTA VIÐ UMHEIMINN

*Nína Dögg í mögnuðu verki sem nefnist Hús Bernhörðu Alba*

„Ég leik næstyngstu systurina, Martirio sem er hálfgerð martröð. Þetta verk er bara svo magnað og fullt af sterkum og stórum tilfinningum og hver einasti karakter þarna er fullur af sorg, þrá og vilja," segir Nína Dögg Filippusdóttir leikkona, sem fer með eitt af hlutverkunum í Húsi Bernhörðu Alba. Verkið er eitt þekktasta verkið eftir Federico García Lorca og var frumsýnt í Gamla bíói síðastliðinn föstudag í leikstjórn Kristínar Jóhannesdóttur. Sagan fjallar um ekkjuna Bernhörðu Alba sem fyrirskipar að dætur hennar fimm verði lokaðar inni í átta ár ásamt þjónustustúlkum án samskipta við umheiminn til að syrgja fráfall föður þeirra. „Þetta fjallar um kúgun en hún Kristín er stórkostlegur listamaður og það er búið að vera algjört ævintýri og unun að vinna með henni. Hún er með svo sterka sýn og tekur inn fullt af baráttukonum úr samtímanum sem eru að berjast fyrir frelsi og jafnrétti sem innskot í sýninguna svo hún fer ansi djarfa leið."
Fram undan hjá Nínu Dögg eru ýmis spennandi sjónvarps-og kvikmyndaverkefni en jafnframt mun hún leika í sýningu Borgarleikhússins Furðulegt háttalag hunds um nótt.


Nína Dögg Filippusdóttir

MAKE UP FOR EVER PROFESSIONAL PARIS

FASHION ACADEMY
REYKJAVÍK



**Nám í snyrtifræði**

Eins árs nám í snyrtifræði á framhaldsskólastigi
Allir kennarar eru faglærðir
Tækjakostur skólans er glænýr
Námið er lánshæft hjá LÍN
Skólinn býður nemendum upp á fjármögnun skólagjalda

*„Áður en ég hóf nám í snyrtifræði skoðaði ég vel þá valkosti sem voru í boði. Fashion Academy varð fyrir valinu og stóð undir öllum mínum væntingum. Aðbúnaður er til fyrirmyndar og aðstaðan glæsileg. Skipulag, námsefni og kennsla er með besta móti. Ég mæli 100% með Fashion Academy Reykjavík."*

*Ágústa Árnadóttir, útskrifuð úr snyrtifræði frá Fashion Academy mars 2013*

**50% AFSLÁTTUR**
NEMENDUR SEM HAFA STUNDAÐ NÁM Í SNYRTIFRÆÐI Í ÖÐRUM SKÓLUM ERU VELKOMNIR OG BOÐIN
**50% AFSLÁTTUR** AF NÁMSGJÖLDUM Á NÓVEMBERÖNN
(AÐEINS 2 LAUS PLÁSS Á 2. ÖNN OG NOKKUR Á 3. ÖNN.)

NÝJAR ANNIR HEFJAST Í NÓVEMBER - MARS
WWW.FASHIONACADEMY.IS - INFO@FASHIONACADEMY.IS - 571 5151



Kathy Clark og Ólafur Örn Ólafsson opnuðu K-Bar á Laugavegi 74 í vikunni, eina veitingastaðinn á Íslandi sem byggir á kóreskri matargerð. MYND/DANÍEL

# KÓREA Í REYKJAVÍK

**K-bar er glænýr veitingastaður á Laugavegi sem býður upp á kóreska matargerð. Á K-bar er líka að finna eitt mesta úrval af bjór á landinu.**

„Viðtökurnar hafa farið fram úr okkar björtustu vonum og stemmingin verið frábær," segir Ólafur Örn Ólafsson, einn eigenda K-bar, glænýs veitingastaðar á Laugavegi 74 sem opnaður var síðastliðinn mánudag. Á K-bar er stunduð kóresk matargerð og staðurinn því sá eini sinnar tegundar á Íslandi.

„Kóreskt eldhús er okkar innblástur að nýjum réttum en við bjóðum einnig upp á rótgróinn kóreskan mat. Kathy Clark, meðeigandi minn, er af kóreskum uppruna og hugmyndasmiðurinn að baki réttunum á matseðlinum. Við búum til okkar eigin kimchi, sem er hryggjarstykkið í kóreskri matargerð," segir Ólafur, en hvað er kimchi?

„Kimchi er geymsluaðferð þar sem kínakál er saltað og látið gerjast í sérstakri kryddblöndu í krukku. En það er hægt að „kimchia" hvað sem er. Við búum til dæmis til kimchi-sýróp, kimchi-bernaisesósu, kimchi-majónes og kimchi-viniagrette. Við gerum meira að segja kimchi-kokkteila á barnum! Kimchi er sérstakt bragð og alveg svakalega gott," segir Ólafur.

K-bar verður opinn frá morgni og fram á nótt og meðal annars er hægt að byrja daginn þar á sérinnfluttu kaffi og kimchi-croissant eða cronuts, sem Ólafur lýsir sem dísætum samruna croissant og kleinuhringja. Í hádeginu er boðið upp á léttan matseðil, djúsí samlokur með kóresku innihaldi, ekta ramen-núðlusúpu og fleira.

„Ramen-súpan er æðisleg og allt öðruvísi en allar aðrar núðlusúpur sem hægt er að fá í bænum. Við búum hana til frá grunni og flytjum sérstaklega inn núðlurnar í súpuna," segir Ólafur.

„Til að byrja með verður kvöldverðarseðillinn ekki öll kvöld vikunnar, léttari seðill verður í hádeginu og önnur kvöld, en í desember förum við á fullt. Þá förum við líka í sparifötin og bjóðum upp á allskonar fínerí, ostrur og fleira. Við erum líka með einn stærsta bjórbar á landinu á K-bar, með hátt í hundrað tegundir af flöskubjór. Við gerum hlutina alla leið á K-bar, hingað eru allir velkomnir, alltaf."



Ramen-núðlusúpan á K-bar er gerð frá grunni og núðlurnar sérstaklega fluttar inn í súpuna.



Fuji-eplasalat með heimagerðum ferskisosti kimchi og tvíreyktri svínasíðu.



K-Bar verður opinn frá morgni til kvölds, með léttum matseðli í hádeginu og kræsingum á kvöldin.

...SPJÖRUNUM ÚR



## Rúrik Gíslason

**ALDUR:** 25
**STARF:** Knattspyrnumaður

**Hvern faðmaðir þú síðast?** Strákana í landsliðinu eftir leikinn á móti Noregi.

**En kysstir?** Ég kyssti mömmu og pabba bless í gær. Þau voru í heimsókn hjá mér yfir helgina fram á þriðjudag.

**Hver kom þér síðast á óvart og hvernig?** Sennilega mamma. Hún kemur sífellt á óvart með hinum ýmsu uppákomum. Geysir á Skólavörðustíg kom einnig skemmtilega á óvart í síðustu viku. Ég kíkti þar inn og fór svo sannarlega ekki tómhentur út.

**Hvaða galla í eigin fari hefur þú umborið allt of lengi?** Þetta er erfið spurning. Ég reyni að umbera ekki gallana mína heldur laga þá um leið og ég tek eftir þeim.

**Ertu hörundsár?** Nei, ég er með þykkan skráp. Það kemur sér oft vel.

**Dansarðu þegar enginn sér til?** Nei, lítið. Ég syng þeim mun meira.

**Hvenær gerðirðu þig síðast að fífli og hvernig?** Ég verð að passa á þessa og láta aðra dæma um það.

**Hringirðu stundum í vælubílinn?** Aldrei.

**Tekurðu strætó?** Nei, hef ekki tekið strætó í mörg ár en ég hef notað lestar.

**Hvað eyðirðu miklum tíma á Facebook á dag?** Ekki miklum. Facebook-áhugi minn fer dvínandi. Ég hringi frekar í vini mína og fjölskyldu.

**Ferðu hjá þér þegar þú hittir fræga eða heilsarðu þeim?** Ég heilsa þeim sem ég þekki. Mér finnst það vera almenn kurteisi. Ég man ekki eftir að hafa farið hjá mér.

**Lumarðu á einhverju sem fáir vinir þínir vita um þig?** Ég er að lesa Biblíuna í rólegheitunum þessa dagana. Ég hugsa að það geti komið nokkrum vinum mínum á óvart.

**Hvað ætlarðu alls ekki að gera um helgina?** Vaska upp. Ég set frekar í uppþvottavélina.

# HELGARMATURINN GRILLAÐ LAMBAINNRALÆRI



***Hafdís Priscilla Magnúsdóttir er þriggja barna móðir sem hefur mikinn áhuga á hollum og góðum mat. Hún heldur úti matarblogginu disukokur.blogspot.com og er hér með lambakjötsrétt sem er frábær fyrir alla fjölskylduna.***

*Fyrir tvo*

**300-400 g innralæri**
**Lamb Islandia-krydd**

Kjötið er kryddað með Lamb Islandia-kryddi eða öðru kryddi, helst kvöldið áður.

Grillið á vel heitu grilli í 2 mínútur á hvorri hlið eða þar til kjötið er orðið fallega brúnt.

Lækkið þá hitann á grillinu eða hækkið grillgrindina og grillið í 8-10 mín í viðbót. Passið að snúa kjötinu reglulega á meðan.

**Blaðlauks-sveppasósa**

**150 g sveppir**
**1 lítill blaðlaukur**
**250 ml rjómi**
**1 msk. smjör**
**Salt og pipar**

Stilkur af blaðlauk og sveppir saxað smátt og steikt í smjöri á pönnu í nokkrar mínútur. Rjóma er bætt við og þegar suða kemur upp er slökkt undir og hrært í sósunni. Saltað og piprað eftir smekk.

**Salatið**

**Spínat, smátt söxuð paprika, fetaostur, parmaskinka og rifinn parmesanostur.**





# Wilson's PIZZA

## ÞAÐ ER 40% AFSLÁTTUR AF STÓRUM PIZZUM AF MATSEÐLI UM HELGINA




### Stor Rambo
Pizzasósa, ostur, kjúklingur, pepperoni, sveppir, jalapeno, cheddarostur

~~2790~~
**1674** kr.



### Stor Hawaiian
Pizzasósa, ostur, skinka, ananas

~~2090~~
**1254** kr.



### Stor Double pepp
Pizzasósa, auka ostur, tvöfalt pepperoni, chilli (litið)

~~2390~~
**1434** kr.



PANTAÐU Á NETINU

**581 15 15** **wilsons.is**

Ánanaustum · Gnoðavogi 44 · Eddufelli 6 · Vesturlandsvegi · Brekkuhúsum 1




## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**

og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Hljóðfæri

Mjög vel með farinn Yamaha Flygill (190 cm) til sölu. Einnig til sölu lítið notað píanó. Enn fremur lítið notað Sonor trommusett. Uppl. í s. 899 3133

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun




# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**

1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalhrauni 13. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshrauni 13.

**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 12-18. www.leiguherbergi.is**

3 herb. sérhæð svæði 104 - laus strax - uppl. í síma 848-2182

Fullbúin herbergi til leigu í hverfi 104. Verð 50 þús á mán. Tilvalin f. námsfólk. Uppl. í s. 8465237 milli 13-18.

## Atvinnuhúsnæði



60 fm verslunarhúsnæði til leigu á Smiðjuvegi í Kópavogi. Góð aðkoma. Laust 1. nóvember. Uppl. í síma 6989030

**MEÐLEIGJANDI ÓSKAST AÐ ATVINNUHÚSNÆÐI !**
Í 106fm rými uppá Höfða, innkeyrsludyr og port, wc. Uppl. í s. 898 4202.

Til leigu 127 fm iðnaðarhúsnæði að Hyrjarhöfða, 5 m lofthæð, góðar innkeyrsludyr og milliloft með skrifstofu, eldhúsi, Gott bílaplan, sér hiti og rafmagn. Verð 170.000 laust strax. Uppl. í s. 896 2908.

## Geymsluhúsnæði

Bílás
Bílasala Akraness

**GEYMSLA**
Getum bætt ferðavögnum í vetrargeymslu og eða sölu. Gott húsnæði/einnig möguleiki á að geyma búslóð eða annað á brettum. Uppl. s. 431 2622/893 2621.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUHÚSNÆÐIÐ AUÐNUM II, 190 VOGAR.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**BÍLABANKINN / BÍLABÓN.IS**
Við erum að leita að sjálfsstæðum einstaklingi til að starfa á bónstöð okkar og við önnur tilfallandi störf.
**Áhugasamir sendi á: axel@ bilabankinn.is nafn, kt og fyrri störf og annað sem umsækjandi vill koma á frammfæri**

Óskum að ráða drífandi sölumann til að selja auglýsingar í verktöku á þekktar vefsíður. Sveigjanlegur vinnutími, miklir tekjumöguleikar. Áhugasamir sendi upplýsingar og CV til bjarni@nordicstore.com

## Atvinna óskast

Kokkur með reynslu í pórtúgölskum spænskum og bandarískum mat. Markaðsfræðingur með hæfni í photoshop. blackbull@blackbull.is. s.6914590.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999






**BÍLL DAGSINS**

**TOYOTA COROLLA 1.4**
Nýskráður 7/2005, ekinn 132þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.190.000**

Tilboð kr. **790.000**



FORD
**Escape Limited**
Nýskráður 2/2005, ekinn 123 þ.km. bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.250.000**



TOYOTA
**Corolla Sol 1.6i**
Nýskráður 4/2008, ekinn 64 þ.km. bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.250.000**



HONDA
**Jazz Elegance**
Nýskráður 4/2012, ekinn 41 þ.km. bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.780.000**



CHEVROLET
**Lacetti Sedan**
Nýskráður 11/2009, ekinn 28 þ.km. bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.790.000**



HONDA
**Accord Sport**
Nýskráður 6/2007, ekinn 136 þ.km. bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.850.000**



HONDA
**CR-V Executive**
Nýskráður 2/2008, ekinn 115 þ.km. bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.190.000**



NISSAN
**X-trail Elegance**
Nýskráður 10/2005, ekinn 163 þ.km. bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.450.000**



PEUGEOT
**208 Active 1,2**
Nýskráður 6/2013, ekinn 3 þ.km. bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 2.690.000**

**Opnunartími**
**Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00**
**Laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00**

**BERNHARD**
**NOTAÐIR BÍLAR**
**Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is**

## skemmtanir




BOLTINN Í BEINNI

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

LEIKIR HELGARINNAR:

LAUGARDAGURINN 26. OKT
11:35 CRYSTAL PALACE - ARSENAL
13:50 MAN.UNITED - STOKE CITY
13:50 LIVERPOOL - WBA

SUNNUDAGURINN 27. OKT
15:45 CHELSEA - MAN.CITY



HLJÓMSVEITIN KLETTAR RÚNAR ÞÓR, RÚNAR VILBERGS, SIGGI ÁRNA OG BJÖRGVIN GÍSLA SPILA UM HELGINA.

Allir velkomnir

http://www.facebook.com/cafecatalina

Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu



GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is

907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið


## atvinna

### Rafvirkjar óskast

Traust rafverktakafyrirtæki óskar að ráða rafvirkja eða rafvirkjanema, sem fyrst.

Umsóknir sendist á: **thjonusta@365.is** fyrir 28.10. n.k. merkt ***"Rafvirkjar"***

## fasteignir

### THAILAND HEILLAR!

Lúxus 200 fm hús í flottu hverfi nálægt Pattaya ströndinni til sölu. Í húsinu eru 4 stór svefnherbergi með nýjum hjónarúmum, fataskápum, flatskjá sjónvörpum, loftkælingu ofl.

4 fín baðherbergi með innréttingum og öllum tækjum. Mjög stórt og fallegt eldhús og borðstofa með öllum tækjum og tólum.

Þvottahús og búr með innréttingum og öllum tækjum. Stór og mikil stofa með stórum flatskjá, hljómflutningskerfi, leðursófasetti og öðrum lúxus, hlaðin listaverkum.

Góður bíll, sem nýr getur fylgt með.

Stutt í 20 frábæra golfvelli. 7 mín. akstur í flotta báta og snekkjuhöfn. 5 mín. akstur í eina glæsilegustu íþróttahöll Asíu.

Glæsilegir verslunarkjarnar í grennd. Sundlaugar í næsta nágrenni. Frábært veðurfar allt árið.

Gott og gestrisið fólk. Hagstætt verðlag og fullkomin læknisþjónusta á hátæknisjúkrahúsum. Engir biðlistar.

Skipti möguleg á góðri fasteign á höfuðborgarsvæðinu, jörð eða sumarhúsi.

Allar nánari uplýsingar ásamt myndum fyrir hendi. Áhugasamir sendi helstu upplýsingar ásamt nafni og símanúmeri á netfangið **josakco@gmail.com**


Fasteignir.is

-Nú með Fasteigna-App

Fáðu Fasteigna-Appið í símann þinn!




- Með nýja Fasteigna-Appinu skapast íslenskum símnotendum nýir og skemmtilegir möguleikar að leita að fasteignum í farsímum
- Allar eignir sem eru til sölu og leigu á Íslandi eru inni á Fasteigna-Appinu
- Myndir af eignum koma upp í símann þinn ásamt upplýsingum um opin hús
- Nákvæm leiðarlýsing frá þeim stað sem viðkomandi er staðsettur

vísir.is



netto
Kræsingar & kostakjör

# GERÐU ÞÍNA EIGIN VERÐ-KÖNNUN!

**Samanburður á verðþróun á vörukörfu ASÍ síðustu 12 mánuði sýnir að Nettó er eina verslunarkeðjan þar sem vörukarfan hækkaði ekki**



## Vörukarfa ASÍ

**Verðbreytingar frá viku 37 árið 2012 til viku 40 árið 2013**




**www.netto.is** | Mjódd · Grandi · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



KL. 19:45 LOGI Í BEINNI

Gestir Loga í kvöld verða þau Högni Egilsson, Bergur Ebbi og Vigdís Hauksdóttir.

Skemmtilegt föstudagskvöld

KL. 19:20
POPP OG KÓK
Unnur Eggertsdóttir fjallar um allt það nýjasta á kvikmynda- og tónlistarsviði.



KL. 20:35
HELLO LADIES
Gamanþættir um Breta sem flytur til Los Angeles til þess að finna draumakærustuna.



BÍÓ STÖÐIN KL. 22:00
FAST FIVE
Hörkuspennandi mynd með Vin Diesel, Paul Walker og Dwayne Johnson í aðalhlutverkum.



Krakka stöðin KL. 19:00
RÍÓ
Skemmtileg teiknimynd þar sem aðalpersónan er páfagaukurinn Blár sem lifir fábrotnu lífi í Minnesota.



3 KL. 20:25
SUPER FUN NIGHT
Þrjár klaufalegar vinkonur eru staðráðnar í að láta ekkert stoppa sig í að leita að fjöri á föstudagskvöldum.



3 KL. 21:50
HUNTED
Bresk spennuþáttaröð um njósnara á vegum einkarekinnar leyniþjónustu.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is
6 stöðvar aðeins 7.990 kr.
2 3 Krakka stöðin POPP TÍVÍ BÍÓ STÖÐIN GULL STÖÐIN Tónlist.is 2 VILD




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | 6 | | 5 | | | |
| 6 | 5 | 7 | | | | 4 | | 2 |
| | | 3 | 7 | 8 | | | | |
| | | | | | | 8 | 1 | 5 |
| | | 5 | 3 | | 1 | 6 | | 4 |
| | | | | 4 | | 9 | | |
| 5 | | 8 | 9 | | | 1 | | 7 |
| | | | 8 | 5 | | | 9 | |
| 2 | | | | | | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | 5 | | 7 | | |
| 3 | 6 | | | | | 1 | | |
| | | 8 | 6 | | 3 | | | |
| 5 | 2 | | | | 7 | | | |
| | 3 | | 1 | 9 | | | | |
| | | | | 6 | | | 3 | 5 |
| 2 | | | | | | | 8 | |
| 7 | | 6 | 8 | | 9 | | | |
| 8 | | 3 | 5 | | | 4 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | 5 | 3 | | | 9 | | 7 |
| 7 | | 3 | | 1 | | | | 6 |
| | | | 7 | | | 5 | 3 | |
| 1 | 2 | | | | 9 | | | |
| | | | 1 | | | | | |
| | | | | | 3 | | 5 | |
| | | 9 | 4 | | | 1 | | 3 |
| | 4 | | 5 | 6 | | | | 2 |
| | 1 | | | | | | 4 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 3 | 5 | 1 | 8 | 6 | 7 | 2 | 9 |
| 7 | 1 | 6 | 9 | 2 | 4 | 8 | 3 | 5 |
| 2 | 8 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 6 | 1 |
| 8 | 4 | 7 | 2 | 9 | 1 | 3 | 5 | 6 |
| 3 | 5 | 1 | 4 | 6 | 8 | 9 | 7 | 2 |
| 6 | 9 | 2 | 5 | 7 | 3 | 1 | 4 | 8 |
| 5 | 7 | 3 | 8 | 1 | 2 | 6 | 9 | 4 |
| 9 | 6 | 8 | 7 | 4 | 5 | 2 | 1 | 3 |
| 1 | 2 | 4 | 6 | 3 | 9 | 5 | 8 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 5 | 3 | 7 | 6 | 1 | 4 | 8 |
| 1 | 6 | 7 | 4 | 9 | 8 | 2 | 3 | 5 |
| 3 | 4 | 8 | 1 | 2 | 5 | 6 | 7 | 9 |
| 2 | 7 | 6 | 5 | 4 | 9 | 3 | 8 | 1 |
| 4 | 1 | 3 | 6 | 8 | 7 | 9 | 5 | 2 |
| 5 | 8 | 9 | 2 | 1 | 3 | 7 | 6 | 4 |
| 6 | 9 | 2 | 7 | 5 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 8 | 3 | 4 | 9 | 6 | 1 | 5 | 2 | 7 |
| 7 | 5 | 1 | 8 | 3 | 2 | 4 | 9 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 3 | 2 | 6 | 4 | 5 | 8 | 9 | 7 |
| 5 | 6 | 7 | 8 | 1 | 9 | 3 | 2 | 4 |
| 8 | 9 | 4 | 7 | 2 | 3 | 1 | 5 | 6 |
| 4 | 1 | 5 | 9 | 3 | 7 | 2 | 6 | 8 |
| 3 | 2 | 6 | 1 | 8 | 4 | 9 | 7 | 5 |
| 7 | 8 | 9 | 2 | 5 | 6 | 4 | 3 | 1 |
| 9 | 7 | 8 | 3 | 6 | 1 | 5 | 4 | 2 |
| 2 | 5 | 3 | 4 | 7 | 8 | 6 | 1 | 9 |
| 6 | 4 | 1 | 5 | 9 | 2 | 7 | 8 | 3 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**Eftir storminn lifir aldan.**

*Íslenskur málsháttur*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT 2.** nægilega, **6.** frá, **8.** sjór, **9.** dýrahljóð, **11.** tveir eins, **12.** fyrirboði, **14.** transistor, **16.** berist til, **17.** gat á steðja, **18.** drulla, **20.** gjaldmiðill, **21.** faðmlag.

**LÓÐRÉTT 1.** lægð, **3.** hljóm, **4.** mótrök, **5.** sarg, **7.** dráttur, **10.** pili, **13.** matjurt, **15.** sjá eftir, **16.** hryggur, **19.** ullarflóki.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** nógu, **6.** af, **8.** mar, **9.** urr, **11.** gg, **12.** teikn, **14.** smári, **16.** bt, **17.** löð, **18.** aur, **20.** kr, **21.** knús.

**LÓÐRÉTT: 1.** laut, **3.** óm, **4.** gagnrök, **5.** urg, **7.** frestun, **10.** rim, **13.** kál, **15.** iðra, **16.** bak, **19.** rú.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

Björn Þorfinnsson (2385) er meðal fulltrúa Víkingaklúbbsins á EM taflfélaga. Í fjórðu umferð vann hann austurríska alþjóðlega meistarann Reinhard Lendwai (2379).

**Svartur á leik**



59...Kxf3! Hvítur gafst upp þar sem hann er mát eftir 60. h8D Hh1+! 61. Kxh1 d1D+ 62. Kh2 De2+ 63. Kh3 Dg2+ 64. Kh4 Dg4#. Flestir sterkustu skákmenn heims taka þátt í mótinu og þar á meðal Caruana, Topalov og Morozevich.

**www.skak.is:** Nýtt fréttabréf SÍ

# NÝJAR BÆKUR




TILBOÐ
3.799 KR
~~4499~~

## LKL2

LKL2 er framhald af bókinni Lágkolvetnalífsstíllinn sem kom út fyrr á þessu ári. Sú bók hefur sannarlega slegið í gegn og hafa þúsundir tileinkað sér þennan lífsstíl og uppskorið minna mittismál og bætta heilsu.




TILBOÐ
3.999 KR
~~4999~~

## VÍSINDABÓK VILLA

Öll börn þekkja Vísinda-Villa og uppátæki hans úr sjónvarpinu. Villi hefur oft bjargað sjálfum sér og vinum sínum úr vanda með alls konar uppfinningum.




TILBOÐ
3.499 KR
~~3999~~

Mikið úrval af naglavörum í Hagkaup

## NAGLASKRAUT

Þessi bók geymir allt sem þú þarft að vita og kunna til að breyta nöglunum í lítil listaverk sem lífga upp á útlitið og vekja eftirtekt hvert sem þú ferð.

Gildir til 31. október á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Svolítið eins og að spila með Bítlunum

**Í nóvember er væntanlegt úrval ljósmynda Ragnars Axelssonar í ritröðinni Photo Poche, sem álitin er áhrifamesta ritröð um sögu ljósmyndunar í heiminum. Það er mikill heiður að vera valinn til útgáfu í ritröðinni en Ragnar segist alveg pollrólegur yfir þessu.**

„Ég er voða rólegur yfir þessu, en get auðvitað ekki annað en verið stoltur yfir þessu vali þeirra,“ segir Ragnar Axelsson ljósmyndari, spurður hvernig tilfinning það sé að vera settur á stall með bestu ljósmyndurum sögunnar. „Ég held að þessi bókaflokkur sé mest seldu ljósmyndabækur í heiminum,“ segir Ragnar.

Í nóvember er væntanlegt úrval ljósmynda Ragnars Axelssonar í ritröðinni Photo Poche, sem álitin er áhrifamesta ritröð um sögu ljósmyndunar í heiminum. Um er að ræða bókaflokk sem hóf göngu sína í Frakklandi árið 1982 en hefur komið út á mörgum tungumálum, til að mynda á ensku hjá hinni þekktu bókaútgáfu Thames & Hudson. Ragnar er fjórði Norðurlandabúinn sem valinn er í ritröð Photo Poche, en fyrir eru úrvalsbækur með myndum Svíanna Anders Petersen og Christers Strömholm og höfuðljósmyndara Finna, Pentti Sammallahti.

Spurður hvort hann hafi haft eitthvað um val myndanna í bókinni að segja verður Ragnar hálfhneykslaður. „Nei, ég sendi þeim bara fullt af myndum og þeir sáu alfarið um valið. Þetta er svolítið eins og að spila með Bítlunum, þeir ráða auðvitað hvaða lag er spilað og maður er bara glaður að fá að vera með.“

Markmið ritraðarinnar Photo Poche er að taka saman í handhægum og ódýrum bókum verk helstu áhrifavalda ljósmyndasögunnar, jafnt frumkvöðla ljósmyndunar á nítjándu öld, sem þeirra ljósmyndara sem mótuðu miðilinn mest á þeirri tuttugustu. Á seinni árum hafa svo yngri ljósmyndarar bæst í hópinn sem taldir eru hafa með verkum sínum bætt nýjum víddum við sögu miðilsins og eflt ljósmyndina sem sérstakt tjáningarform. Með vali á ljósmyndurum í röðina er viðkomandi settur á stall sem einn af höfuðljósmyndurum sögunnar.

Hefur valið einhver áhrif á markaðssetningu á verkunum þínum? „Ég veit það ekki, undanfarið hefur beiðnum um sýningar erlendis fjölgað mjög mikið og núna eru fjórar sýningar á myndum eftir mig í gangi í Evrópu; tvær í Þýskalandi, ein í Póllandi og svo er ein í Svíþjóð. Ég er auðvitað óskaplega ánægður með það, en það er ansi mikil vinna sem fylgir svona sýningarhaldi. Sýningarnar í Þýskalandi og Póllandi fara síðan á flakk á næstu árum og svo er verið að spá og spekúlera í ýmsum hlutum í framhaldinu.“

Ragnar segir viðhorfið til ljósmyndunar allt annað erlendis en hér heima. „Reyndar finn ég mikinn hlýhug frá Íslendingum almennt, en í menningargeiranum er ljósmyndun ekki talin með. Það er þó aðeins farið að breytast og sú þróun heldur vonandi áfram.“ Bókaútgáfan Crymogea hefur samið við Actes Sud og Thames & Hudson um sérstaka útgáfu bókarinnar á ensku fyrir íslenskan markað og er það í fyrsta sinn sem slíkt leyfi er veitt. fridrikab@frettabladid.is



**EFTIRSÓTTUR ERLENDIS** „Núna eru fjórar sýningar á myndum eftir mig í gangi í Evrópu; tvær í Þýskalandi, ein í Póllandi og svo er ein í Svíþjóð,“ segir Ragnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






**HALDA VIÐ HEFÐINNI** Nemendurnir sem syngja eru allir á framhalds- eða háskólastigi í söngnáminu. MYND/JÓN KRISTINN CORTEZ

# Tuttugu ára hefð

**Nemendur Söngskólans í Reykjavík syngja við guðsþjónustur í kirkjum Reykjavíkursvæðisins.**

Þetta er orðin tuttugu ára hefð,“ segir Ásrún Davíðsdóttir, aðstoðarskólastjóri Söngskólans í Reykjavík, um þann sið að nemendur skólans syngi einsöng í kirkjum á Reykjavíkursvæðinu nokkra sunnudaga í október og nóvember. „Upphaflega tengdum við þetta degi tónlistargyðjunnar Sesselju, sem er 22. nóvember, en kirkjurnar hafa náttúrulega alls kyns hefðir og við komum til móts við þær með því að færa sönginn á þann dag sem hentaði viðkomandi kirkju best.“

Það eru nemendur á framhalds- og háskólastigi í Söngskólanum sem sjá um sönginn. Þeir hafa þegar sungið tvo sunnudaga og munu halda því áfram næstu fjóra. Elísabet F. Eiríksdóttir, kennari við skólann, hefur veg og vanda af öllum undirbúningi.

Aðspurð segir Ásrún að ekki sé neitt niðurneglt hvaða tónlist nemendurnir syngja, en auðvitað sé miðað við það að hún hæfi kirkjulegum athöfnum, án þess þó að vera endilega hefðbundin kirkjutónlist. „Þau eru gjarnan með hluta úr óratoríum eða messum eftir bæði innlenda og erlenda höfunda og verkefnavalið er mjög breitt.“ - fsb

Litógrafíur og silkiþrykk munu prýða veggi Hofs í vetur.

# Grafíkverk Errós í Hofi

**Tuttugu og átta grafíkverk eftir Erró, sem eru í eigu Listasafns Reykjavíkur, munu prýða veggina í Menningarhúsinu Hofi í vetur, en árið 1989 gaf Erró safninu um tvö þúsund verk sem spanna allan feril listamannsins. Verkin sem verða til sýnis í Hofi eru litógrafíur og silkiþrykk.**

**Sýningin á verkum Errós í Hofi verður opnuð laugardaginn 26. október klukkan 16 og eru allir velkomnir á opnunina. Sýningin stendur til 21. apríl 2014.**



**LISTAMAÐURINN** Erró í vinnustofu sinni í París.

FÖSTUDAG - LAUGARDAG - SUNNUDAG

# LOKADAGAR

# next

# MARKAÐARINS

## Í KORPUOUTLET - KORPUTORGI

## 50-80% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM NEXT VÖRUM

AUKAAFSLÁTTUR UM HELGINA:

# tax-free

AF AFSLÁTTARVERÐUM*

*Dæmi: Vara á kr. 1.000 kostar kr. 500 með 50% afslætti, en kr. 398 á taxfree tilboði.
Taxfree tilboð jafngildir 20,32% afslætti og er alfarið á kostnað Next.

KORPU OUTLET

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

Raðandi - auglýsingastofa ehf

Miniborgarar
SMÁ
HUGMYND
FYRIR
VEISLU
EÐA
FUNDI



15 MINIBORGARAR
3.995 kr.
Ef það er veisla eða fundur framundan þá eru veislubakkarnir frá American Style skemmtileg og bragðgóð tilbreyting á veisluborðið.

Allar pantanir fara fram á www.americanstyle.is
Mikilvægt er að panta tímanlega.

American Style



# HVAÐ? HVENÆR? HVAR? FÖSTUDAGUR

### Málþing

**14.00** Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum stendur fyrir málþingi um skáldskap argentínska Íslandsvinarins, rithöfundarins og ljóðskáldsins Jorge Luis Borges í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins. Aðgangur er ókeypis.

### Tónlist

**12.00** Tríó Árna Karlssonar kemur fram á hádegistónleikum í Háteigskirkju. Flutt verða lög af Mold, væntanlegri plötu tríósins. Almennt miðaverð er 1.000 krónur.

**21.00** The Wicked Strangers, Dorian Gray, RetRoBot og Caterpillar Man koma fram á Bar 11. Húsið opnað klukkan 21 og tónleikarnir hefjast klukkan 22. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Stórsveit Reykjavíkur heldur tónleika í Kaldalónssal Hörpu. Á tónleikunum mun stórsveitin flytja tíu íslensk djassverk í nýjum búningi. Aðgangseyrir er kr 2.900 og fást miðar í miðasölu Hörpu og á harpa.is.

**22.00** Þokkabót fagnar 40 ára afmæli með tónleikum á Rosenberg.

**23.00** Skúli mennski og hljómsveit leika á Obladíoblada, Frakkastíg 8.

### Fyrirlestrar

**12.30** Danski sýningastjórinn og gagnrýnandinn Jacob Lillemose verður með fyrirlestur í myndlistardeild LHÍ. Á fyrirlestrinum fjallar hann um söguleg tengsl listar og tækni. Allir velkomnir.

**20.00** Haraldur Erlendsson, yfirlæknir, heldur fyrirlestur um Sri Vidya, frumefnin og orkustöðvarnar í húsi Lífspekifélags Íslands, Ingólfsstræti 22.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*



**ÆFINGAR Á FULLU** Stjórnin æfir nú af kappi fyrir tónleikana. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Hlakkar til að koma fram með Stjórninni

Stjórnin kemur saman á afmælistónleikum í kvöld. Sveitin er 25 ára gömul.

„Þetta verður ótrúlega gaman og við hlökkum mikið til," segir Sigríður Beinteinsdóttir söngkona, sem kemur fram með Stjórninni á 25 ára afmælistónleikum hljómsveitarinnar í Háskólabíói í kvöld.

Fjölmargir landsþekktir hljóðfæraleikarar hafa leikið með Stjórninni í gegnum tíðina og koma fram ásamt Siggu Beinteins og Grétari Örvarssyni í kvöld. „Steini trommari kom sérstaklega hingað til lands til að leika með okkur og Einar Bragi saxófónleikari kom einnig sérstaklega frá Seyðisfirði. Það var algjört lykilatriði hjá okkur að ná gömlu Stjórninni saman á tónleikunum."

Á tónleikunum kemur Stjórnin fram í hinum ýmsu myndum en liðsskipan sveitarinnar var mjög breytileg á þessum langa ferli hennar. „Nýja og gamla Stjórnin koma báðar fram, en gamla Stjórnin hefur ekki leikið saman síðan árið 1991," segir Sigríður.

Hljómsveitin sendi frá sér sjö plötur og geisladiska á ferlinum, þar sem hver smellurinn rak annan. Þekktustu lög sveitarinnar eru Eitt lag enn, Við eigum samleið, Allt í einu, Nei eða já og Ég lifi í voninni, svo að nokkur séu nefnd.

„Æfingarnar hafa gengið ótrúlega vel og það hefur verið rosalega gaman að hittast svona aftur. Það er ekki hlaupið að því að ná öllum þessum mannskap saman," útskýrir Sigríður.

Tónleikarnir hefjast stundvíslega klukkan 20.00 í Háskólabíói í kvöld og fer miðasala fram á midi.is. **- glp**



**HLAKKAR TIL** Sigríður Beinteinsdóttir kemur fram á afmælistónleikum Stjórnarinnar í kvöld. Hljómsveitin er orðin 25 ára gömul. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Á milli þess að vera lúxus og helvíti

Berglind Pétursdóttir dansari getur ekki beðið eftir að Meistaramánuði ljúki.

„Um helgina ætla ég að kreista síðustu dropana úr sjálfspyntingartankinum," segir Berglind Pétursdóttir, danshöfundur og GIF-drottning, sem hefur tekið þátt í Meistaramánuði það sem af er október.

